# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FÖSTUDAGUR

23. júlí 2010 — 171. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Reynir í leikaraleit

*Reynir Lyngdal leitar að strák til að leika í íslenskri gamanmynd.*

fólk 30

## Fagna tíu ára afmæli

*Eigendur Vínbarsins halda upp á stórafmæli um helgina.*

tímamót 18



## Breiðablik tapaði heima

*Öll íslensku liðin eru úr leik í Evrópukeppnum þetta árið.*

sport 26

## veðrið í dag




**BONGÓBLÍÐA NA-LANDS** í dag verður stíf SA-átt með vætu S- og V-til en hæg suðlæg og bjartviðri norðan- og austanlands. Hiti 12-20 stig, hlýjast NA-lands.

VEÐUR 4

# Læknar fái leyfi til að auglýsa

**Læknar munu geta auglýst verð og þjónustu verði frumvarp um heilbrigðisstarfsmenn að lögum. Formaður Læknafélagsins segir eðlilegt að læknar fái að kynna sig. Auglýsingum eru settar skorður í siðareglum lækna.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Læknar, tannlæknar og annað heilbrigðisstarfsfólk munu geta auglýst þjónustu sína verði frumvarp heilbrigðisráðherra til nýrra laga um heilbrigðisstarfsfólk að lögum.

Samkvæmt gildandi læknalögum, sem felld verða úr gildi ef hið nýja frumvarp verður samþykkt, er læknum einungis heimilt að auglýsa starfsemi sína „með efnislegum og látlausum auglýsingum þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma“, sem Birna Jónsdóttir, formaður Læknafélags Íslands, líkir við dánarauglýsingar. Það sama á við um tannlækna.

„Hér er um að ræða mun þrengri heimildir til auglýsinga á starfsemi heilbrigðisstarfsmanna en annars staðar tíðkast,“ segir í greinargerð með frumvarpinu. „Lagt er til að heimila almenna kynningu og auglýsingar á starfsemi, enda sé gætt málefnalegra sjónarmiða, fyllstu ábyrgðar, nákvæmni og sanngirni.“ Ákvæðið sé byggt á norskum lögum og að ráðherra verði heimilt að kveða frekar á um takmarkanir við auglýsingunum í reglugerðum.

Birna segir að slík breyting yrði jákvæð þrátt fyrir að félagið sé almennt alfarið á móti upptöku heildstæðra laga um heilbrigðisstarfsmenn og aflagningu læknalaga.

„Í þessu upplýsingasamfélagi sem við lifum í dag og með þessa fjölbreytni sem er þá finnst okkur eðlilegt að fólk geti notað fleiri miðla en bara þrjár jarðarfarartilkynningar í blöðunum um starfsemi sína.“ segir hún. Það eigi að gilda jafnt í einkarekstri og opinberum stofnunum, sem einnig ættu að geta veitt fólki nánari upplýsingar um starfsmenn sína. Birna bendir þó á að ómögulegt sé að segja til um hvaða hömlur ráðherra myndi síðan setja í reglugerðum.

Í siðareglum lækna er þegar fjallað um auglýsingar. Samkvæmt þeim má læknir ekki „gefa fyrirheit um undralækningar né heldur gefa í skyn, að honum séu kunn lyf eða lækningaaðferðir, sem ekki séu á vitorði lækna almennt“. Hann má heldur ekki „vekja á sér ótilhlýðilega athygli eða gefa í skyn yfirburði sína yfir aðra lækna“, né nota titil sinn til að auglýsa lyf. - sh



**SUNDKAPPAR FAGNA** Um 30 manna hópur þreytti Bessastaðasund í gærkvöldi. Félagarnir Þorkell Héðinn Haraldsson og Bragi Freyr Helgason fögnuðu hvor öðrum í Nauthólsvík að sundi loknu enda höfðu þeir verið nærri tvo tíma í sjónum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ofviðrið í Borgarleikhúsinu:

## Stjörnur túlka Shakespeare

**FÓLK Nú er loks orðið ljóst hverjir skipa helstu hlutverk í jólasýningu Borgarleikhússins, Ofviðrinu eftir William Shakespeare. Tveir af fremstu leikurum þjóðarinnar, Hilmir Snær Guðnason og Ingvar E. Sigurðsson, verða í aðalhlutverkum í sýningunni en þeir hafa verið í hálfgerðum sérflokki í íslenskri leiklist undanfarin ár.**



MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON

**„Það er óhætt að segja að leikhópurinn sé einstaklega glæsilegur,“ segir Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins.**

**Í aðalkvenhlutverkinu verður síðan Kristín Þóra Haraldsdóttir sem hefur slegið eftirminnilega í gegn í Gauragangi og var tilnefnd til Grímunnar fyrir frammistöðu sína.** - fgg / sjá síðu 30

Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn leggja niður störf milli klukkan átta og fjögur:

# Verkfall slökkviliðsmanna hefst í dag

**KJARAMÁL** Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn leggja niður störf í dag milli klukkan 8 og 16 og skila auk þess inn boðtækjum sínum. Boðtækin taka þeir ekki í notkun fyrr en samningar nást en það hefur í för með sér að ekki er hægt að kalla þá inn af bakvakt.

Sverrir B. Björnsson, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, segir verkfallið í dag vera það fyrsta af fjórum í röðinni. Verði ekki samið fyrir 7. september skellur á allsherjarverkfall. Sverrir segist vonast til þess að menn muni setjast niður og semja fyrir þann tíma.

Útköllum öðrum en neyðartilvikum verður ekki sinnt og flug til og frá Akureyri mun leggjast af meðan verkfallið stendur yfir. Sjúkraflutningum, öðrum en þeim allra mikilvægustu, verður að sama skapi ekki sinnt.

„Við höfum verið að búa okkur undir þetta og haft samband við verkfallsaðila. Ég vænti þess að þeir sýni því skilning að veikir sjúklingar verði ekki látnir líða fyrir verkfallið,“ sagði Niels Chr. Nielsen, aðstoðarmaður lækningaforstjóra Landspítala. Hann segir ástandið geta orðið bagalegt ef ekki er hægt að flytja sjúklinga á milli staða í sjúkrabíl. Hann vonast til þess að þetta valdi ekki of miklum vandræðum í ljósi þess hve verkfallið er stutt í þessari lotu. - mþl, sv







## SPURNING DAGSINS



*„Valdimar, er allt farið í bál og brand?“*

„Já, kaupmáttur slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna er að fuðra upp.“

Valdimar Leó Friðriksson er framkvæmdastjóri Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Stéttirnar fara að öðru óbreyttu í verkfall í dag en sáttafundir í kjaradeilu þeirra hafa ekki skilað árangri.

Spenna magnast á Kóreuskaga vegna heræfinga sem hefjast á sunnudag:

# N-Kórea mótmælir æfingum

**N-KÓREA, AP** Norður-Kórea hefur varað Bandaríkin og Suður-Kóreu við því að halda sameiginlega heræfingu um helgina. Segja stjórnvöld í N-Kóreu að með heræfingum og hertum refsiaðgerðum sé stöðugleika á svæðinu ógnað. Bandaríkjamenn tilkynntu um hertar refsiaðgerðir sínar gagnvart Norður-Kóreu á miðvikudag.

Talsmaður stjórnvalda, Ri Ton Il, sagði heræfingarnar ógna friði og öryggi á öllu svæðinu í kringum Kóreuríkin. Ef Bandaríkin hafi raunverulega áhuga á kjarnorkuafvopnun Norður-Kóreu ættu þau að hætta við æfinguna og refsiaðgerðirnar, sem eyðileggi möguleikann á viðræðum. Suður-Kórea hefur útilokað nokkrar viðræður við nágranna sína í norðri fyrr en þeir hafi beðist afsökunar á því að hafa sökkt herskipi S-Kóreumanna í mars síðastliðnum. N-Kóreumenn hafa neitað að hafa átt nokkurn þátt í árásinni á skipið. Þá sagði Ri hertar refsiaðgerðir Bandaríkjamanna brjóta í bága við yfirlýsingu öryggisráðs SÞ fyrr í þessum mánuði, þar sem árásin á skipið var fordæmd en N-Kóreumönnum var ekki kennt um málið. **- þeb**



**Í EINSKISMANNSLANDI** Hillary Clinton og Robert Gates heimsóttu einskismannslandið á landamærum Norður- og Suður-Kóreu á miðvikudag. Bandarískur hershöfðingi ræddi við þau en norður-kóreskur hermaður fylgdist með hinum megin við. NORDICPHOTOS/AFP

Niðurskurður í undirbúningi:

## Einkenni vöktu grun um riðu

**LANDBÚNAÐUR** Greinst hefur riða í einni kind á bænum Hurðarbaki í Flóahreppi, að því er fram kemur á vef Matvælastofnunar.

„Grunur vaknaði vegna sjúkdómseinkenna og voru sýni send á Tilraunastöðina að Keldum þar sem greining riðu var staðfest.“

Fram kemur að landbúnaðarráðherra hafi verið upplýstur um málið og að Matvælastofnun vinni að undirbúningi niðurskurðar og samningagerðar. „Sömuleiðis er unnið að gagnasöfnun vegna faraldsfræðirannsóknar.“ **- óká**



**MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI** Verð á útskriftarferð nemenda hefur nærri tvöfaldast frá því í fyrra.

# Kergja vegna frímiða útvalinna í sólarferð

**Átta nemendur í þriðja bekk Menntaskólans á Akureyri fá ókeypis útskriftarferð. Aðrir nemar borga um 200 þúsund fyrir ferðina. Tveir kennarar og makar þeirra fá einnig frítt. Nemandi hóf undirskriftarsöfnun í mótmælaskyni.**

**FÓLK** Fimmtíu nemendur við Menntaskólann á Akureyri rituðu nafn sitt á undirskriftalista til að mótmæla því að útvaldir nemendur við skólann fái útskriftarferð sína og uppihald þar ókeypis. Auk nemendanna fá tveir kennarar og makar þeirra frítt í ferðina.

Flestir nemendur þriðja bekkjar Menntaskólans á Akureyri (MA) þurfa að borga tæpar 200 þúsund krónur fyrir ferðina, sem farin verður til Tyrklands í haust. Átta fá ókeypis í ferðina, en þeir eru annars vegar í bekkjarráði, sem skipuleggur ferðina og stundar fjáröflunarstarfsemi, og hins vegar gjaldkeri í sjoppu skólans. Þá fá þeir sem eru í svokölluðu sjoppuráði helming ferðarinnar borgaðan. Alls fara 172 nemendur í ferðina.

Allt er innifalið í ferðapakkanum; rúta, flug, matur, drykkur og gisting á hóteli. Er þetta í fyrsta sinn sem slíkt er gert, en útskriftarferð MA í fyrra kostaði nemendur í kringum 100 þúsund. Hefð er fyrir því að þriðja bekkjarráð skólans fái ferðirnar ókeypis en hingað til hafa allir nemendur borgað uppihald sjálfir.

Helga Sigfúsdóttir, nemi í þriðja bekk, hóf undirskriftarsöfnun til að mótmæla því að óbreyttir nemendur þyrftu að greiða tæpar 2,2 milljónir króna, eða í kringum 14.000 krónur hver, undir aðra. Helga safnaði um 50 undirskriftum, en á listanum stóð: „Mótmælum að þriðjabekkjarráð fái frítt í útskriftarferðina. Í ár er allt innifalið og við erum því að borga fæði fyrir þau, sem ætti ekki að viðgangast.“

Tveir kennarar og makar þeirra fara í ferðina sem fararstjórar. Erfiðlega gekk að fá kennara til að fara í ferðina og kom þá upp sú hugmynd að þeir fengju að taka maka sína með. Þeir fá flug, uppihald og gistingu greitt að fullu frá ferðaskrifstofunni og dagpeninga frá nemendum.

Jón Már Héðinsson skólameistari sagðist ekki vel upplýstur um málið, en sagði fjölda fararstjóra byggja á gamalli reglu. „Þetta er ströng vinnuferð en ekki skemmtiferð fyrir þá sem fara sem fararstjórar. Það þarf ekkert endilega að vera kennari skólans,“ segir hann.

Eftir undirskriftarsöfnunina og fundi var sú málamiðlun gerð að þeir nemendur sem skipulögðu ferðina og unnu sem gjaldkerar sjoppunnar, skyldu borga helminginn af sínu fæði sjálfir. **sunna@frettabladid.is**

Málaferli Glitnis í New York:

## PwC krefst frávísunar málsins

**DÓMSMÁL Lögmenn endurskoðunarskrifstofunnar PricewaterhouseCoopers (PwC) telja að stefna Glitnis á hendur stofunni í New York brjóti í bága við samning sem Glitnir og PwC gerðu sín á milli í tengslum við skuldabréfaútboð Glitnis í Bandaríkjunum. Þetta er meginröksemdin fyrir kröfu um að málinu verði vísað frá, sem lögð var fyrir dómstólinn í gær.**

**PwC er stefnt ásamt sjö einstaklingum í því sem kallað er klíka Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, til greiðslu 260 milljarða króna vegna skuldabréfaútboðs sem slitastjórn Glitnis telur að hafi haft þann tilgang að afla Glitni fjár sem sjömenningarnir gætu síðan hirt úr honum.**

**PwC segir að í samningi sem gerður var þegar PwC vottaði bankann hafi Glitnir samþykkt að sækja aðeins mál vegna ágreinings á Íslandi. Því beri að vísa málinu frá.** **- sh**



**SORPHREINSUN** Fyrsta hverfi Akureyrar tekur upp þriggja íláta kerfi í þessum mánuði. Önnur fylgja fljótlega. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kaupa ílát fyrir lífrænt sorp:

## Átján milljónir vegna nýs kerfis

**AKUREYRI** Kaup á ílátum fyrir lífrænt sorp kosta Akureyrarbæ um 18 milljónir króna.

Frá því er greint á fréttamiðlinum vikudagur.is að bærinn hafi samið við Promens Dalvík um kaup á tæplega sex þúsund ílátum, en það sé gert vegna nýrra samninga um sorphirðu í Akureyrarbæ þar sem tekið verði í notkun svokallað þriggja íláta kerfi. Haft er eftir Helga Má Pálssyni, deildarstjóra hjá framkvæmdadeild Akureyrar, að hvert ílát kosti um þrjú þúsund krónur. **- óká**

## REYKJAVÍKURBORG

### Skipuð verði nefnd

Þorleifur Gunnlaugsson, varaborgarfulltrúi VG, lagði til í borgarráði í gær að skipuð yrði nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að fara yfir stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Tillagan var upphaflega lögð fram 6. maí en ekkert hefur gerst í málinu. Þorleifur vill að skipað verði í nefndina fyrir 12. ágúst næstkomandi.

Bæjarráð Fjarðabyggðar ræðir við útibússtjóra Íslandsbanka um starf bæjarstjóra:

# Öllum umsækjendum hafnað

**STJÓRNMÁL** Bæjarstjórn Fjarðabyggðar fól í gær bæjarráði að ganga til viðræðna við Pál Björgvin Guðmundsson, útibússtjóra Íslandsbanka á Reyðarfirði og fyrrum fjármálastjóra bæjarins, um að verða næsti bæjarstjóri sveitarfélagsins. Alls höfðu 23 sótt um starfið en af þeim höfðu fimm dregið umsókn sína til baka. Öllum átján umsækjendunum sem eftir stóðu var því hafnað.

„Bæjarráðið tók viðtöl við ákveðna aðila í umsækjendahópnum. Síðan var þetta kynnt fyrir bæjarfulltrúum allra framboða og um þá umsækjendur náðist ekki pólitísk samstaða. Því var öllum hafnað,“ segir Jens Garðar Helgason, oddviti Sjálfstæðisflokksins, en Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur mynduðu meirihluta í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna í vor.

Spurður hvers vegna leitað hefði verið til Páls Björgvins segir Jens: „Nafn hans hafði komið upp í umræðunni og menn ákváðu að skoða þann möguleika. Um það var samstaða að ræða við hann.“

Meðal umsækjenda um starfið voru Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, bæjarstjóri á Hellu, og Ólafur Áki Ragnarsson sem nýlega lét af störfum sem bæjarstjóri Ölfuss.



**FJARÐABYGGÐ** Sveitarfélagið er það fjölmennasta á Austurlandi en þar búa rúmlega 4.500 manns. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Elvar Jónsson, oddviti minnihlutans í bæjarstjórn, segir að Fjarðalistinn hefði getað sætt sig við alla þá umsækjendur sem boðaðir voru í viðtal en í ljósi þess að ekki hefði náðst sátt um neinn þeirra styður Fjarðalistinn það að leita til Páls Björgvins. **- mþl**

Íslandsbanki sendir tölvupóst:

## Fjármögnunarleigusamningar verða óbreyttir

**DÓMSMÁL** Íslandsbanki hefur sent viðskiptavinum með fjármögnunarleigusamninga tölvupóst þar sem greint er frá því að samningarnir muni haldast óbreyttir þrátt fyrir dóma Hæstaréttar um gengistryggð lán.

Í póstinum segir að dómarnir hafi fallið um gengistryggða kaupleigusamninga og telur Íslandsbanki að fjármögnunarleigusamningar séu þeim svo frábrugðnir að niðurstaða dómanna taki ekki til þeirra. Því verði áfram miðað við umsamda myntsamsetningu fjármögnunarleigusamninganna.

Dómur fellur í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag í vaxtamáli Lýsingar, þar sem tekist er á um það hvort uppgjörsleiðin sem tilmæli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins byggist á standist lög. **- sh**



**ÓSLÓ** Sjö af hverjum tíu föngum í borginni eru erlendir ríkisborgarar.

Fólk handtekið í Ósló á árinu:

## Erlendir borgarar í meirihluta

**NOREGUR Yfir helmingur allra þeirra sem eru handteknir fyrir glæpi í Ósló er erlendur ríkisborgari. Þá eru sjö af hverjum tíu föngum í borginni einnig erlendir ríkisborgarar.**

**Fyrir níu árum voru erlendir ríkisborgarar í kringum 30 prósent þeirra sem voru handteknir í borginni. Á fyrri hluta þessa árs urðu erlendir ríkisborgarar í fyrsta sinn í meirihluta handtekinna, 2.564 á móti 2.363 norskum ríkisborgurum. 400 fangar eru í Óslóar-fangelsinu og eru fangarnir af 60 þjóðernum. 8,5 prósent íbúa í Noregi eru sagðir hafa erlent ríkisfang.** **- þeb**

## VESTURLAND

### Datt af hestbaki

Kona féll af hestbaki í gær og slasaðist á ferð sinni um Leggjabrjótsleið. TF-GNÁ, þyrla Landhelgisgæslunnar, sótti konuna og flutti á Landspítalann í Reykjavík. Leggjabrótur er forn þjóðleið milli Hvalfjarðar og Þingvalla og er vinsæl gönguleið.

## NOREGUR

### Unglingar ræna banka

Tveir fimmtán ára piltar hafa verið handteknir í Kristiansand í Noregi fyrir fjögur vopnuð bankarán. Þeir eru einnig grunaðir um fleiri rán. Síðasta ránið frömdu piltarnir á mánudag og komust þá undan með 40 þúsund norskar krónur, eða tæpar 800 þúsund íslenskar.

Vorsprung durch Technik **www.audi.is**

# A3




- Sjálfskipting
- ESP stöðugleikastýring
- 4ra arma leðurklætt aðgerðarstýri
- 2ja svæða loftkæling
- Hituð og hæðarstillanleg framsæti
- $CO_2$ í útblæstri: 127 g/km
- Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri: 5.5 l/100 km

**Verð 5.430.000 kr.**

A3 1.4 TFSI

# A4




- Sjálfskipting
- Leðuráklæði
- Þráðlaust Bluetooth símkerfi
- Regnskynjari fyrir framrúðuþurrkur
- Loftkæling
- $CO_2$ í útblæstri: 169 g/km
- Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri: 7.2 l/100 km

**Verð 6.870.000 kr.**

A4 1.8 TFSI

# A6




- Sjálfskipting
- Leðuráklæði
- Bi-Xenon aðalljós með díóðulýsingu
- 17" álfelgur
- 6,5" MMI upplýsingaskjár
- $CO_2$ í útblæstri: 179 g/km
- Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri: 7.7 l/100 km

**Verð 7.890.000 kr.**

A6 2.0 TFSI

# Q5




- Sjálfskipting
- Leðuráklæði
- Þráðlaust Bluetooth símkerfi
- Bi-Xenon aðalljós með díóðulýsingu
- 3ja svæða loftkæling
- $CO_2$ í útblæstri: 179 g/km
- Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri: 6.8 l/100 km

**Verð 9.090.000 kr.**

Q5 2.0 TFSI Quattro

# Q7




- Sjálfskipting
- Leðuráklæði
- Bi-Xenon aðalljós með díóðulýsingu
- 19" álfelgur
- Climatronic 2ja svæða loftkæling
- $CO_2$ í útblæstri: 195 g/km
- Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri: 7.4 l/100 km

**Verð 12.570.000 kr.**

Q7 V6 TDI Quattro

## Framúrskarandi Audi

Sumir bílar eru sérstaklega gerðir fyrir þá sem vilja skara fram úr.

Kynntu þér Audi á www.audi.is eða líttu við í sýningarsal.

Audi

**VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR** - Opið mán.-fös. frá 09 til 17

**Reynslan er góð!**

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

HEKLA

## GENGIÐ 22.07.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,56 | 123,14 |
| Sterlingspund | 187,37 | 188,29 |
| Evra | 157,63 | 158,51 |
| Dönsk króna | 21,15 | 21,274 |
| Norsk króna | 19,743 | 19,859 |
| Sænsk króna | 16,68 | 16,778 |
| Japanskt jen | 1,4127 | 1,4209 |
| SDR | 184,93 | 186,03 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

213,1623

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rútan sem valt í fyrrakvöld var skoðuð fyrir brottför:

# Líðan kvennanna stöðug

**SLYS** Líðan kvennanna tveggja sem slösuðust illa í rútuslysi sem varð í Reykjadal í Þingeyjarsýslu í fyrrakvöld er stöðug. Þær eru komnar á almenna deild.

Um er að ræða tvær franskar konur sem hafa verið á ferðalagi um Ísland frá því á sunnudag. Þær voru í fimmtán manna hópi ferðamanna, fjórtán þeirra frá Frakklandi en einn frá Sviss. Auk ferðamannanna voru í rútunni bílstjóri og leiðsögumaður. Ferðalagið átti að standa í tíu daga.

Ekki er vitað hvað olli slysinu en fyrstu vísbendingar benda til þess að það hafi verið bilaður bremsur. „Bíllinn var að koma niður bratta heiði og nýbúinn að taka 180 gráðu beygju. Það er í rauninni ekki vitað hvað gerðist, það er verið að rannsaka það. Það bendir allt til þess að þetta hafi verið óhapp,“ segir Þórir Garðarsson hjá Allrahanda sem á rútuna.

Ferðin var á vegum Ferðakompanísins en samkvæmt yfirlýsingu frá fyrirtækinu var rútan skoðuð fyrir brottför án þess að neitt óeðlilegt hefði komið í ljós auk þess sem bílstjórinn var atvinnuökumaður til margra ára.

Allir sem voru í rútunni slösuðust en konurnar tvær alvarlegast og voru þær fluttar með þyrlu á Landspítalann í fyrrakvöld. Þær voru með beinbrot og innvortis áverka. Rútan fór út af þjóðvegi eitt, inn á tún og valt þar. - mþl



**FJÖLMENNT Á VETTVANGI** Samhæfingarstöð Almannavarna var virkjuð eftir slysið og þyrla Landhelgisgæslunnar og sjúkraflugvél á Akureyri voru í viðbragðsstöðu. MYND/ÓLÖF DÓMHILDUR JÓHANNSDÓTTIR



**UMFERÐ** Með tilkomu Landeyjahafnar má gera ráð fyrir aukinni umferð um Suðurlandsveginn.

Margir leggja land undir fót:

# Umferðarstofa varar við traffík

**UMFERÐ Miklar ferðahelgar eru nú fram undan hér á landi sem hafa í för með sér mun meiri umferð á vegum.**

**Átta manns létust í umferðarslysum í ágúst árið 2006, þar af voru fimm 26 ára eða yngri. Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu hefur náðst mikill árangur í fækkun umferðarslysa á undanförnum árum, en aldrei má slaka á í öryggisstarfinu. Með tilkomu Landeyjahafnar má gera ráð fyrir aukinni umferð á Suðurlandsvegi, og þá ekki síst ungs fólks á leið til og frá Vestmannaeyjum.** - sv

## LEIÐRÉTT

Ranghermt var í blaðinu í gær að Geysir Green Energy væri í gjaldþrotameðferð.

Barnafötin, sem mynd var birt af í blaðinu í gær, eru ekki talin hættuleg af yfirvöldum, eins og ranglega var farið með í myndatexta.

# Annað Stonehenge fundið í Bretlandi

**Fornleifafræðingar segjast hafa fundið tréútgáfu af Stonehenge-mannvirkinu fræga. Hið nýja er aðeins nokkur hundruð metra frá hinu upprunalega. Vísindamennirnir eru nú vissir um að fleiri merkar fornminjar finnist á svæðinu.**

**BRETLAND, AP** Fornleifafræðingar segjast hafa fundið tréútgáfu af Stonehenge aðeins um 900 metra frá sjálfu Stonehenge-mannvirkinu í Bretlandi.

Fornleifafræðingarnir segja fundinn einstakan og hinn merkasta í fimmtíu ár. Þeir höfðu nýhafið þriggja ára rannsókn á svæðinu á Salisbury-sléttunni í Bretlandi. Stjórnandi rannsóknarinnar er Vince Gaffney, sem er prófessor við háskólann í Birmingham, en fornleifafræðingarnir eru frá Bretlandi, Austurríki, Þýskalandi, Noregi og Svíþjóð.

Hið nýja mannvirki er neðanjarðar og virðist vera byggt í hring líkt og Stonehenge. Á því eru tveir inngangar, í norðausturhluta þess og suðvesturhluta þess. Stonehenge er úr steini en hið nýja er úr viði. Áður hefur slíkt mannvirki fundist í nálægð við þessi, en það er nefnt Woodhenge.

Líkt og er með Stonehenge er upprunalegur tilgangur mannvirkisins ekki ljós. Hinar nýju uppgötvanir eru þó taldar geta varpað meira ljósi á mannvirkin, sem eru talin hafa verið byggð yrir um 4.500 árum. Stonehenge hefur líklega verið einhvers konar samkomustaður, líklega sá stærsti í Evrópu á sínum tíma.

Fornleifafræðingarnir eru handvissir um að fleiri uppgötvanir verði gerðar á svæðinu á næstunni, enda hefur svæðið ekki verið kannað til hlítar. Mjög dýrt og tímafrekt er að kanna svæðið með þeim hætti sem nú er gert, með notkun jarðratsjáa. Áður fyrr hafði verið talið að Stonehenge stæði eitt á sléttunni, en nú þykir vísindamönnunum víst að mannvirkið hafi verið miðpunktur margra mannvirkja.

thorunn@frettabladid.is





**STONEHENGE** Hið nýja mannvirki er aðeins um 900 metra frá hinu fræga Stonehenge, sem dregur að þúsundir ferðamanna á hverju ári. Myndin af hinu nýfundna Stonehenge er tekin með notkun jarðratsjáa.

Alþjóðadómstóll úrskurðar:

# Segja sjálfstæði Kósóvó löglegt

**KÓSÓVÓ, AP Sjálfstæðisyfirlýsing Kósóvó árið 2008 var lögleg, að mati Alþjóðadómstóls Sameinuðu þjóðanna í Haag.**

**Forseti dómstólsins sagði í gær að í alþjóðalögum væri ekkert bann við sjálfstæðisyfirlýsingum og því hefði yfirlýsing Kósóvó ekki brotið gegn þeim.**

**Ákveðið var að lýsa yfir sjálfstæði Kósóvó snemma árs 2008.**

**69 lönd hafa viðurkennt sjálfstæði Kósóvó, þar á meðal Ísland. Flest lönd í Evrópusambandinu sem og Bandaríkin hafa einnig viðurkennt sjálfstæðið. Serbar og Rússar eru í forsvari fyrir þær þjóðir sem ekki viðurkenna það.** - þeb

Viðskiptavinir banka brotlegir:

# Báðir aðilar brutu lögin

**DÓMSMÁL** Viðskiptavinir bankanna sem tóku gengistryggð lán brutu lög sem banna slík lán ekkert síður en bankarnir. Þetta sagði Eiríkur Guðnason, fyrrverandi seðlabankastjóri, í viðtali við vefmiðilinn Pressuna.



**EIRÍKUR GUÐNASON**

„Ég vil benda á að báðir aðilar brjóta lögin, lántakandinn er aðili að samningnum og á að hafa kynnt sér lögin nægilega vel,“ er þar haft eftir Eiríki.

Spurður hvort vaxtahækkanir Seðlabankans hafi ýtt fólki út í að taka erlendu lánin sagði Eiríkur svo ugglaust vera, en að auki hafi fjármálafyrirtækin jafnvel hvatt viðskiptavini til að taka lánin. - bj




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA • 09-0984

**LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS**

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGARVEÐRIÐ**

Góðviðrisspáin fyrir Norður- og Austurland ætlar svo sannarlega að ganga eftir og nú er ljóst að sunnudagurinn verður ekki síðri á þeim slóðum. Leiðinlegt veður í dag suðvestan til en það batnar til muna þegar kemur fram á laugardag.





**Á MORGUN**
3-5 m/s S- og V-til, annars víða hægari.

**SUNNUDAGUR**
Víðast 3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 26° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 20° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 28° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 15° |
| París | 22° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# Njóttu helgarinnar!




TILBOÐ 40% afsláttur við kassa

UNGNAUTA PIPARSTEIK
1.919 kr/kg.
Merkt verð 3.198.-




TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

2.587 kr/kg.
Merkt verð 3.695.-

**Ungnauta file**
íslandsnaut




TILBOÐ 25% afsláttur við kassa

1.258 kr/kg.
Merkt verð 1.677.-

**Folaldakótilettur**
Cajp´s kryddlegnar




TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

594 kr/kg.
Merkt verð 849.-

**Heill kjúklingur**
ferskur




TILBOÐ 25% afsláttur við kassa

1.844 kr/kg.
Merkt verð 2.459.-

**Kjúklingalundir**
Western kryddlegnar




Mikið úrval af frábærum BBQ sósum!



TILBOÐ
BARNA HAMBORGARAR
569 kr/pk.



TILBOÐ
SKÚFFUKAKA M. KREMI OG KÓKOS
339 kr/stk.




TILBOÐ
FRÓN PÓLÓ OG KÓSÝ KEX 250g
259 kr/pk.




TILBOÐ
BUGLES 3 teg.
179 kr/pk.




TILBOÐ
KIT KAT 5 Í PK.
299 kr/pk.



NÝBAKAÐ

TILBOÐ
GRÓFT BAGUETTE
259 kr/stk.




TILBOÐ
T&K SUMAR-KAFFI 400g
599 kr/pk.

WISHBONE
... fáðu meira út úr salatinu!



24 Hagkaup OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 25. júlí á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



*Hefur þú komið til Vestmannaeyja á síðustu fimm árum?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 32,1% |
| NEI | 67,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Líst þér vel á að dregið verði úr tekjutengingu bóta?*

Segðu þína skoðun á vísir.is.

Mikil aðsókn í nám í flugumferðarstjórn þrátt fyrir að aðeins séu fimm til sjö nýráðningar á ári:

# Um 90 prósent nema munu ekki fá vinnu

**ATVINNA** Gífurleg aðsókn er í nám til flugumferðarstjóra á þessu ári. Tveir skólar þjálfa til starfsins, Keilir og Flugskóli Íslands. Umsækjendur um námið í Keili voru um 70 í ár, en einungis 30 verða teknir inn í bóknámið, sem varir í þrjá til fjóra mánuði og kostar 540 þúsund krónur.

Isavia, fyrrum Flugstoðir, óskuðu nýverið eftir nemum í flugumferðarstjórn til starfa og rennur umsóknarfrestur út 30. júlí. Bjarni Tryggvason, þjálfunarstjóri flugleiðsögusviðs, segist eiga von á 20 til 30 umsóknum.

„Það er mjög góð aðsókn í þetta,“ segir hann. „Nýliðunin í starfinu hefur verið nokkuð stöðug undanfarin ár sem er að vissu leyti afleiðing kreppunnar. Fólk er mikið að fara erlendis til að vinna sem kallar á endurnýjun í starfinu hér á landi.“

Árlega eru ráðnir milli fimm og sjö nýir flugumferðarstjórar á landinu sem þýðir að mikill meirihluti útskrifaðra nema mun vera án vinnu hér á landi.

„Isavia er eini möguleikinn hér á landi fyrir flugumferðarstjórn,“ segir Bjarni. „Þetta er hægt ferli. Það tekur um þrjú til fimm ár að verða fullgildur flugumferðarstjóri þó svo að námið í skólunum sé stutt.“

Heildarlaun flugumferðarstjóra hjá Isavia og Keflavíkurflugvelli eru ríflega 900 þúsund krónur á mánuði að meðaltali. Laun án yfirvinnu eða annarra aukagreiðslna hjá 59 ára gömlum flugumferðarstjóra eru rúmar 800 þúsund krónur. **- sv**



**FLUGUMFERÐARSTJÓRI** Góð aðsókn er í nám í flugumferðarstjórn en þrjú til fimm ár tekur að verða fullgildur flugumferðarstjóri.



**LAUS HUNDUR** Mikið hefur verið kvartað yfir lausagöngu hunda á Reykjavíkursvæðinu. MYND/ODDNÝ

Mikið um lausagöngu hunda:

## Skapa hættu fyrir önnur dýr

**BYGGÐARMÁL** Talsvert hefur borist af kvörtunum til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar vegna lausagöngu hunda í borginni að undanförnu. Hundaeigendum í Reykjavík er skylt að hafa hunda sína í taumi víðast hvar í borgarlandinu og skapa brot á því óþægindi fyrir alla borgarbúa.

Einnig hafa hundaeigendur kvartað sjálfir undan lausagöngu annarra hunda sökum óþæginda og hættu fyrir dýrin.

Lausaganga hunda í borginni er einungis leyfð á Geirsnefi, í Geldinganesi og á auðum svæðum fjarri íbúðabyggð. **- sv**

Undirskriftasöfnun Bjarkar:

## Tíu þúsund á þremur dögum

**ORKUMÁL Rúmlega tíu þúsund manns hafa skrifað undir áskorun til stjórnvalda og Alþingis í undirskriftasöfnun um orkuauðlindirnar á orkuaudlindir.is.**

**Björk Guðmundsdóttir kynnti áskorunina á blaðamannafundi í byrjun vikunnar. Hún sagði á fundinum að hún vildi sprauta fræjum inn í íslenska rannsóknarblaðamennsku og hvatti til opinnar og gagnrýninnar umræðu um Magmamálið. Á heimasíðunni stendur:**



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR**

**„Ég undirrituð/undirritaður skora á stjórnvöld að koma í veg fyrir sölluna á HS Orku og skora jafnframt á Alþingi að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um eignarhald á orkuauðlindum Íslands og nýtingu þeirra.“** **- sv**

STRANDABYGGÐ

### Ingibjörg stýrir Strandabyggð

Ingibjörg Valgeirsdóttir hefur verið ráðin sveitarstjóri Strandabyggðar. Hún starfar nú sem framkvæmdastjóri eigin fyrirtækis, Össu, en kemur til starfa á Ströndum í september. Ingibjörg var valin úr hópi fjórtíu umsækjenda.

# Rýr svör um kostnað við umsókn að ESB

**Mikil vinna hefur verið unnin í ráðuneytum við umsókn að ESB. Í svörum við fyrirspurn þingmanns er engin tilraun gerð til að setja verðmiða á vinnu starfsmanna. Ljóst er að vinna við umsóknina tekur tíma frá öðrum verkefnum.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hversu mikil vinna hefur farið fram í ráðuneytum og ríkisstofnunum við aðildarumsókn að Evrópusambandinu?

Augljóst er af svörum allra ráðuneyta við fyrirspurn á Alþingi að mikil vinna hefur þegar verið unnin í ráðuneytum og hinum ýmsu ríkisstofnunum við umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Þrátt fyrir ósk um upplýsingar um kostnað ráðuneytanna leggur ekkert þeirra mat á kostnað sinn við vinnuna.

Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Framsóknarflokksins, lagði fyrirspurn fyrir alla tólf ráðherrana í ríkisstjórninni um vinnu við umsóknina. Þar var spurt að því hversu margir starfsmenn ráðuneyta og undirstofnana hafi unnið að umsókninni, og hversu hátt hlutfall það sé af starfsmannafjölda. Þá er spurt hversu miklu fé ráðuneytin og stofnanir muni verja vegna þessarar vinnu.

Hafi Gunnar Bragi vonast til þess að svörin yrðu skýr, og úr þeim hægt að lesa nákvæmar upplýsingar um vinnu starfsmanna ráðuneyta og undirstofnana, sem og kostnað við þá vinnu, er líklegt að hann hafi orðið fyrir vonbrigðum. Svörin eru sett fram á ólíkan hátt, oft gróflega áætluð, og ómögulegt að gera sér grein fyrir heildarkostnaði eða vinnuframlagi starfsmanna af lestri þeirra.

Ekkert ráðuneyti annað en utanríkisráðuneytið hefur ráðið starfsmenn í vinnu við umsóknina, og sama má segja um ríkisstofnanirnar. Í svari utanríkisráðherra kemur fram að níu starfsmenn hafi verið ráðnir til starfa hjá Þýðingarmiðstöð ráðuneytisins, og stefnt sé á að ráða fjórtán til viðbótar. Þýðendurnir sinni þó einnig öðrum málum en þýðingum vegna umsóknarinnar.



**HÖFUÐSTÖÐVAR ESB** Ljóst er að kostnaður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins við umsókn um aðild að ESB verður „umtalsverður“ að því er fram kemur í svari ráðherra við fyrirspurn þingmanns. NORDICPHOTOS/AFP

Ekkert ráðuneytanna gerir tilraun til að meta kostnað við vinnu starfsmanna sinna að umsókninni. Starfsmenn frá öllum ráðuneytum hafa þurft að vinna að umsókninni, en mjög mismikið eftir ráðuneytum.

Í svari sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir vinnu við umsóknina á fjárlögum, en „ljóst er að sá kostnaður verður umtalsverður“. Í svari umhverfisráðherra er bent á að þótt ekki sé gert ráð fyrir auknum fjárútlátum muni vinna við umsóknina taka tíma starfsmanna ráðuneytis og undirstofnana þess frá annarri starfsemi.

Ekkert ráðuneytanna hefur greitt sérstaklega fyrir ráðgjöf vegna umsóknarinnar, en sum hafa greitt eða áforma að greiða um eina milljón króna hvert fyrir þýðingar á spurningum Evrópusambandsins, sem stjórnvöld þurftu að svara í umsóknarferlinu.

**brjann@frettabladid.is**

Endurbætur á fasteignum:

## 500 milljónir í viðhald húsa

**BYGGÐAMÁL** Fjármálaráðherra lagði fram tillögu á þriðjudag um 500 milljóna króna framlag ríkisins til viðhalds og endurbóta opinberra bygginga.

Yfirlit yfir fasteignirnar verður borið fyrir efnahags- og viðskiptanefnd í vikunni, en búið er að samþykkja fjárframlagið.

Verið er að horfa til mannaflsfrekra viðhaldsframkvæmda sem gagnast helst þeim landsvæðum þar sem atvinnuleysi er mikið og lögð verður áhersla á þær byggingar þar sem bæta má aðgengi fatlaðra. Verkefnin verða tengd viðhaldi skóla og safna, heilbrigðis- og heilsugæslustofnana, og ýmissi starfsemi ríkisins. **- sv**

Kosningar í Reykhólahreppi:

## Kosið á nýjan leik á morgun

**KOSNINGAR Sveitarstjórnarkosningar verða endurteknar í Reykhólahreppi á sunnanverðum Vestfjörðum á morgun.**

**Enginn listi hefur boðið fram, og fara því fram óbundnar persónukosningar, þar sem allir íbúar eru í kjöri. Alls eru 208 á kjörskrá í sveitarfélaginu.**

**Sveitarstjórnarkosningarnar 29. maí síðastliðinn voru úrskurðaðar ógildar í hreppnum þar sem íbúar Breiðafjarðareyja voru ekki upplýstir með fullnægjandi hætti um framboð og framkvæmd kosninganna. Þá fóru einnig fram óbundnar persónukosningar.** **- bj**



**ÞJÓÐHÁTÍÐ Í EYJUM** Fjórtán þúsund manns mættu á þjóðhátíð í Eyjum í fyrra sem var met. Búist er við enn fleiri í sumar.

Nýjung í Vestmannaeyjum:

## Strætisvagnar á þjóðhátíð

**FÓLK** Tveir strætisvagnar munu ferja þjóðhátíðargesti milli Vestmannayjabæjar og hátíðarsvæðisins í Herjólfsdal um verslunarmannahelgina. Um nýmæli er að ræða en strætisvagnarnir bætast við bekkjabílana vinsælu sem séð hafa um þetta hlutverk í gegnum tíðina. Strætisvagnarnir eru hugsaðir sem viðbót í ljósi þess að allt stefnir í metfjölda gesta á þjóðhátíð.

Meðal annarra nýmæla á þjóðhátíð í sumar má nefna að boðið verður upp á ný tjaldsvæði inni í bænum, að því er segir í fréttatilkynningu frá Vestmannaeyjabæ. **- mþl**

Fjórir karlar og ein kona eru aðalmenn í nefnd um hæfi dómaraumsækjenda:

# Dómnefnd um hæfi dómara skipuð

**DÓMSTÓLAR** Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mannréttindaráðherra, hefur skipað fimm aðalmenn og fimm varamenn í dómnefnd sem meta á hæfni þeirra sem sækja um dómaraembætti. Fjórir karlar og ein kona eru í aðalstjórn en þjár konur og tveir karlar í varastjórn.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að þegar tilnefnt var í nefndina hafi komið fram sú skoðun hjá tilnefningaraðilum að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynja í ráðum og nefndum skyldu víkja fyrir ákvæðum laga um dómstóla um tilnefningu í dómnefndina. Því hafi ráðherra ákveðið að láta skoða hvort rétt sé að breyta ákvæðum dómstólalaga með hliðsjón af kynjajafnrétti. **- sh**

**Nefndarmenn**

| Nafn | Starf | Tilnefndur af |
|---|---|---|
| Páll Hreinsson, formaður | Hæstaréttardómari | Hæstarétti |
| Stefán Már Stefánsson | Lagaprófessor | Hæstarétti |
| Guðrún Agnarsdóttir | Læknir | Alþingi |
| Allan Vagn Magnússon | Héraðsdómari | Dómstólaráði |
| Brynjar Níelsson | Hæstaréttarlögmaður | Lögmannafélagi Íslands |
| **Varamenn:** | | |
| Garðar Gíslason | Hæstaréttardómari | Hæstarétti |
| Sigríður Friðjónsdóttir | Vararíkissaksóknari | Hæstarétti |
| Eiríkur Rögnvaldsson | Íslenskuprófessor | Alþingi |
| Gréta Baldursdóttir | Héraðsdómari | Dómstólaráði |
| Katrín Helga Hallgrímsdóttir | Héraðsdómslögmaður | Lögmannafélagi Íslands |

ALLIR VINNA

# Hagstæð lán til framkvæmda

Landsbankinn leggur sitt af mörkum til hvatningarátaksins Allir vinna og býður viðskiptavinum hagstæð lán til framkvæmda og endurbóta á íbúðarhúsnæði. Engin lántökugjöld eru tekin til 1. desember.

**Lán til góðra verka**

Til 1. desember verður boðið upp á allt að 2 milljóna króna óverðtryggt lán á 5,80% vöxtum til 5 ára. Lánið er veitt gegn framvísun reikninga fyrir vöru- og þjónustukaupum sem tengjast framkvæmdunum.

- 5,80% óverðtryggðir vextir
- Allt að 2 milljóna króna lán með veði í fasteign eða 1 milljón án veðs
- Engin lántökugjöld
- Umsóknarfrestur er til 1. desember

**Framkvæmdalán**

Í boði eru verðtryggð eða óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum á sömu kjörum og bjóðast við kaup á fasteign. Lánað er til endurbóta innan- og utanhúss, t.d. endurnýjunar á þaki, lögnum eða innréttingum, til lóðaframkvæmda, hellulagningar eða smíði sólpalla.

- Vextir ákvarðast af hlutfalli veðsetningar
- Lágmarkslánsfjárhæð er 500.000 krónur
- Lánstími til allt að 30 ára
- Engin lántökugjöld til 1. desember




**LÁN** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.
ENNEMM / SÍA / NM42948

## VEISTU SVARIÐ?



*1. Hvað voru margir atvinnulausir á öðrum ársfjórðungi 2010?*

*2. Á hvaða hátíð ætlar Raggi Bjarna að troða upp um verslunarmannahelgina?*

*3. Hvaða landsliðskonur í knattspyrnu fóru saman í laxveiði á dögunum?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Verð á innanlandsflugi hér er svipað og annars staðar á Norðurlöndunum:

# Um 400 prósenta hækkun á þremur árum

**SAMGÖNGUR** Verð á innanlandsflugi hefur hækkað mikið á síðustu árum. Flug frá Reykjavík til Akureyrar aðra leið hefur hækkað úr rúmum 3.000 krónum, þegar það var lægst árið 1997, upp í tæpar 12.000 krónur sem það er í dag. Er þetta um 400 prósenta hækkun.

Árni Gunnarsson, forstjóri Flugfélags Íslands, segir ástæður verðþróunarinnar vera margþætta.

„Laun hafa hækkað mikið á þessum tíma eins og verðlag almennt,“ segir Árni. „Flugvélabensín hefur líka hækkað gífurlega. Árið 2008 fór það upp í 1.400 dollara á tonnið. Í dag kostar tonnið sjö til átta hundruð dollara.“

Árni segir dýfuna sem verðið tók árið 1997 útskýrast af afnámi sérleyfa í flugi, frá og með fyrsta júní það ár. Þá kom flugfélagið Íslandsflug með fullum þunga inn á markaðinn og margt breyttist, bæði í samgöngum og verði. Árni segir fyrirtækin hafa tapað um einum og hálfum milljarði á næstu tveimur til þremur árum.

„Innanlandsflugið hér á landi er mjög hagkvæmt miðað við í nágrannalöndunum,“ segir Árni. „Það orsakast sennilega af því að hér á landi er flug mun meiri almenningssamgöngur heldur en í Skandinavíu. Við erum auðvitað ekki með lestir eða neitt slíkt.“

- sv

### Verð á Norðurlöndum

Lausleg verðathugun, gerð 22. júlí 2010, af afsláttarsíðunni Skyscanner.net. Öll flug eru bókuð 30. júlí 2010 og eru svipuð að lengd.

**Billund – Köben:** 6.570 kr.
*Cimber Air – 45 mín.*

**Bergen – Ósló:** 7.212 kr.
*Norwegian Air – 50 mín.*

**Reykjavík – Akureyri:** 9.130 kr.
*Flugfélag Íslands – 45 mín.*

**Gautaborg – Stokkhólmur:** 9.346 kr.
*Malmö Aviation – 55 mín.*

Varar við Ingibjörgu Sólrúnu:

## Óheppilegt að hún rannsaki

**STJÓRNMÁL** Það væri óheppilegt að fá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, fyrrverandi utanríkisráðherra, til að leiða rannsókn á vegum Sameinuðu þjóðanna (SÞ) á meintum mannréttindabrotum Ísraels, að mati Grétars Mars Jónssonar, fyrrverandi þingmanns Frjálslynda flokksins.



GRÉTAR MAR JÓNSSON

Grétar hefur sent mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna bréf þar sem hann gerir grein fyrir þessari afstöðu sinni. Hann telur Ingibjörgu óheppilegan valkost þar sem hún hafi ekki brugðist við mannréttindabrotum í fiskveiðistjórnunarkerfinu í tíð sinni sem formaður Samfylkingarinnar og utanríkisráðherra. - bj

Actavis endurfjármagnað:

## Forstjóri mun stýra stjórninni

**VIÐSKIPTI Samið hefur verið um endurfjármögnun lyfjafyrirtækisins Actavis Group í samvinnu við lánardrottna. Við endurskipulagninguna mun Claudio Albrecht, sem nýlega var ráðinn forstjóri félagsins, taka samhliða við starfi starfandi stjórnarformanns.**



CLAUDIO ALBRECHT

**Í tilkynningu frá félaginu kemur fram að áfram verði stefnt að vexti félagsins, einkum í Suður-Evrópu, Japan, Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Félagið muni leggja áherslu á líftæknilyf, sem séu dýr í þróun og krefjist því sterkrar fjárhagsstöðu.** - bj

**BANDARÍKIN**

### Fimm létust í rútuslysi

Fimm manns létust og margir særðust þegar rúta lenti í árekstri á hraðbraut í Kaliforníu í gær. Rútan var á leið frá Los Angeles til Sacramento. Bílstjóri rútunnar var að sveigja fram hjá öðrum árekstri og missti stjórn á bílnum.

# Umdeildur viðskiptajöfur

**Björgólfur Thor Björgólfsson hefur samið um greiðslu 1.200 milljarða króna skuldar við lánardrottna. Ferill hans hófst með framleiðslu á áfengu gosi í Rússlandi, en komst á flug eftir einkavæðingu Landsbankans.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig fór Björgólfur Thor Björgólfsson frá því að reka gosverksmiðju í Rússlandi til þess að semja við lánardrottna um 1.200 milljarða króna skuldir?

Eins og greint hefur verið frá tókst Björgólfi Thor Björgólfssyni að bjarga sér frá gjaldþroti með samningum við lánardrottna sína fyrr í vikunni. Hann reiknar með að tæplega 1.200 milljarða skuld hans verði greidd eftir um það bil fimm ár, en þangað til mun hann starfa fyrir lánardrottnana.

Þetta er hátt fall fyrir mann sem áður stóð í ótrúlega umfangsmiklum viðskiptum hér á landi og erlendis og var, þar til íslensku bankarnir hrundu, á lista Forbes yfir ríkustu menn í heimi.

Viðskiptaferill Björgólfs, sem er 43 ára, hófst fyrir alvöru í Rússlandi árið 1993. Hann flutti ásamt föður sínum, Björgólfi Guðmundssyni, til Sankti Pétursborgar. Feðgarnir og viðskiptafélagi þeirra fluttu með sér gamla gosverksmiðju frá Íslandi og framleiddu áfengt gos. Pepsí keypti síðar verksmiðjuna af þeim og notuðu þeir kaupverðið til að kaupa bjórverksmiðju í Rússlandi. Bjórverksmiðjan óx og dafnaði og að lokum keypti Heineken verksmiðjuna árið 2002.

Ýmsum sögum fer af störfum Björgólfanna í Rússlandi, og í breskum fjölmiðlum hefur meðal annars verið fjallað um meint tengsl þeirra við rússneska mafíu. Feðgarnir hafa vísað þeim ásökunum á bug.

Umsvif Björgólfs á Íslandi hófust að segja má árið 2000 þegar hann eignaðist stóran hlut í lyfjafyrirtækinu Actavis.

Björgólfur flutti heim til Íslands eftir að rússneska bjórverksmiðjan var komin í eigu Heineken, og í kjölfarið stofnaði hann Samson Holding ásamt föður sínum og viðskiptafélögum. Samson keypti ráðandi hlut í Landsbankanum þegar bankinn var einkavæddur, en þau kaup hafa alla tíð síðan verið harðlega gagnrýnd.

Meðal annars hefur verið fjallað um þau rök stjórnmálamanna frá þeim tíma að Björgólfarnir kæmu með háar fjárhæðir frá útlöndum. Eins og fram kom í Fréttablaðinu fengu þeir þess í stað lán hjá Búnaðarbankanum fyrir kaupum sínum í Landsbankanum.

Varla er hægt að nefna Björgólf Thor á nafn án þess að geta einnig um fjárfestingarfélag hans, Novator. Björgólfur Thor notaði Novator til fjárfestinga hér á landi jafnt sem erlendis. Novator eignaðist til dæmis ráðandi hlut í Búlgarska landsímanum, meirihlutann í tékknesku fjarskiptafyrirtæki og stóran hlut í finnsku fjarskiptafyrirtæki.

Árið 2009 kom fram í grein í blaðinu Tíund, sem gefið er út af Ríkisskattstjóra, að víðtækt og oft á tíðum torséð net félaga hafi legið í kringum Björgólf Thor. Í Lúxemborg voru til dæmis skráð níu mismunandi Novator-félög; Novator Pharma, Novator Pharma I, Novator Finco, Novator Finance Bulgaria, Novator Medical Sweden, Novator Telecom Poland, Novator Telecom Bulgaria, Novator Credit



**FALLIÐ** Björgólfur Thor Björgólfsson átti ásamt bankastjórum Landsbankans og fleirum næturfundi með stjórnvöldum í aðdraganda bankahrunsins. Nærri lét að hann yrði gjaldþrota vegna hrunsins, en hann hefur nú náð að semja um skuldauppgjör. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Luxembourg og Novator Telecom Finland. Þar voru fyrirtæki tengd Björgólfi Thor einnig sögð tengjast skattaskjólum á borð við Cayman-eyjar, Gíbraltar, Guernsey og Tortóla.

Björgólfur stýrði einnig öðru félagi sem fór mikinn fyrir hrun, fjárfestingarbankanum Straumi-Burðarási. Straumur var stærsti fjárfestingarbanki landsins, og var fallið því þungt þegar félagið fór í þrot eftir hrun bankakerfisins haustið 2008.

Árið 2005 var Björgólfi Thor afar hagstætt. Hann naut mikillar velgengni í viðskiptum og fréttir af viðskiptum hans voru áberandi. Hann komst á lista Forbes yfir ríkustu menn heims, og var valinn viðskiptamaður ársins af álitsgjöfum Markaðarins, viðskiptablaðs Fréttablaðsins.

Ári síðar opnaði Landsbankinn svo hina alræmdu Icesave-reikninga í Bretlandi. Þeim lýsti Sigurjón Árnason, þáverandi bankastjóri Landsbankans, sem „tærri snilld“ með eftirminnilegum hætti í viðtali við Fréttablaðið. Björgólfur sat ekki í stjórn bankans þegar stofnað var til Icesave-reikninganna, en var stór hluthafi í bankanum í gegnum félög sín.

Novator eignaðist svo lyfjafyrirtækið Actavis að fullu með skuldsettri yfirtöku árið 2007. Það sama ár stofnaði Novator íslenska símafyrirtækið Nova.

Björgólfur hefur verið milli tannanna á fólki undanfarið vegna tæplega helmings hlutar hans í Verne Holding, sem hyggst reisa gagnaver í Reykjanesbæ. Eftir samninga hans við lánardrottna er ljóst að hagnaður hans af því fyrirtæki rennur beint í þeirra vasa.

Ómögulegt er að segja hvort Björgólfur Thor mun ná sér á strik eftir hrun íslenskt bankanna. Eins og fram hefur komið nema skuldir hans um 1.200 milljörðum króna, og munu arður af eignum og hagnaður af sölu þeirra næstu árin renna upp í þær skuldir.

Í tilkynningu frá Björgólfi kemur fram að hann reikni með að hlutur hans í Actavis muni einn og sér greiða upp þær skuldir, og ríflega það. Tíminn mun leiða í ljós hvort það er rétt mat.

brjann@frettabladid.is

### Ferill Björgólfs Thors í hnotskurn

- Fæddur 19. mars 1967.
- Stúdent frá Verzlunarskóla Íslands 1987.
- BS-gráða í fjármálum frá New York háskóla.
- Flutti til Rússlands 1993 og kom á laggirnar gosframleiðslu. Stofnaði síðar bjórverksmiðju í Rússlandi.
- Verður stjórnarformaður Actavis í kjölfar kaupa á stórum hlut í félaginu árið 2000.
- Samson Holding, félag Björgólfs Thors og viðskiptafélaga hans, kaupir ráðandi hlut í Landsbankanum árið 2002.
- Novator og Straumur-Burðarás, félög í eigu Björgólfs Thors og viðskiptafélags hans, fjárfesta í fjölmörgum fyrirtækjum, til dæmis búlgarska landsímanum, tékknesku fjarskiptafyrirtæki og finnsku fjarskiptafyrirtæki.
- Kemst í hóp ríkustu manna heims árið 2005, og er valinn í hóp ungra leiðtoga í heiminum sem funda í Davos í Sviss það sama ár.
- Novator eignast Actavis að fullu með skuldsettri yfirtöku árið 2007.
- Verður nærri því gjaldþrota eftir að bankakerfið hrynur haustið 2008.


Trítlaðu hressilega upp á...

Arnarfell - Bárðarbungu - Bjarnarfell
- Blákoll - Borgarhóla - Brimlárhöfða - Búrfell í Mýrdal - Búrfell í Þjórsárdal - Dagmálafjall -
Dragafell - Dyngjufjöll ytri - Efstadalsfjall - Eiríkshnjúk - Eldhnjúka - Ennishnjúk - Esju - Eyrarfjall í Kjós - Eyrarfjall á Snæfellsnesi - Fagradalsfjall -
Fagrafell - Fell í Sléttuhlíð - Fíflavallafjall - Fjallið eina - Geitahlíð - Geldingafell - Grímsfjall - Grundarhlass - Grænudyngju - Grænavatnseggjar - Gusthnjúk - Hafratind - Hafursfell - Hamarinn - Háafell í Hvalfirði - Háafell í
S-Þingeyjarsýslu - Heiðina háu - Helgatind - Hestfjallahnúk - Hest - Hjartafell - Hofstaðahnjúk - Horn á Snæfellsnesi - Hrafnaskálafjall - Hreggnasa - Hróa - Hrómundartind - Hvalhnúk - Hyrning - Hött - Klakk - Korra - Krossbæjartind - Kvíahnúk - Laugarvatnsfjall -
Lágafell - Lágafellshyrnu - Lónfell - Lyngdalsheiði - Meðalfell - Miðdegishnúk - Miðfell - Miðfellsmúla - Miklafell - Molduxa - Móbergsfjall í Langadal - Múlafjall - Mælifell - Pálsfjall - Pétursey - Ragnarstind - Rauðafell - Rauðahnúkafjall og Svartatind -
Reyðarbarm - Reykjanesfjall - Svínadalsfjall og Reykjanibbu í Húnaþingi - Reynisfjall í Mýrdal - Reynivallaháls - Sandfell í Kjós - Selfjall í Hvalfirði - Sjónfríði - Skarðsfjall - Skálarfjall - Skefilsfjöll - Sólheimafjall - Stóra-Sandfell -
Stórahrút - Suðurnámur - Tindaskaga - Valadalshnjúk - Valafell - Vaxtrarhyrnu - Vestursúlu - Vikrafell - Víðhamrafjall - Vörðufell - Þingmúla - Þórðarhyrnu -
Þórðarhöfða - Þórólfsfell - Þríhyrning - Þursaborg - Ölver/Blákoll - Örkina




Þar sem þekkingin á sér samastað
OPNA



# ÚTSALA Á SÆNGURFÖTUM







## 40–50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÆNGURFATNAÐI

## ATH! AÐEINS ÚT ÞESSA VIKU

### Mikið úrval af hágæða sængurfatnaði á ótrúlegu verði

Rekkjan er með stórglæsilega sængurfatadeild með miklu úrvali af sængurfötum. Meðal annars bjóðum við sængurföt frá þýska framleiðandanum Brennet sem hefur sérhæft sig í vönduðum sængurverum frá árinu 1881. Brennet notar eingöngu hágæða efni í vörur sínar, t.d. 100% Mako bómullarsatín. Brennet er einn örfárra sængurveraframleiðanda í heiminum sem hefur leyfi til þess að nota hitajöfnunarefnið Outlast í vörur sínar.







## HÁGÆÐA AMERÍSK HEILSURÚM Í 112 ÁR

King Koil hefur framleitt hágæða heilsurúm í Bandaríkjunum í 111 ár. King Koil hefur verið gríðarlegum fjármunum og tíma í þróun og prófanir. Á þessum tíma hefur King Koil náð miklum og góðum árángri sem endurspeglast í viðurkenningum sem fyrirtækinu hafa verið veitt í gegnum árin. í dag er King Koil einu heilsurúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðasamband Kiropraktora) og Good Housekeeping (Stærstu neitandasamtök í Bandaríkjunum).

LIMITED WARRANTY TO CONSUMERS Good Housekeeping Promises REPLACEMENT OR REFUND IF DEFECTIVE

ARGH! 210710

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16




**FRÉTTASKÝRING:** Er efnahagsbata heimsins stefnt í hættu?



**BLIKUR Á LOFTI** Þótt hagvöxtur hafi víðast hvar tekið við sér eftir lægðina eru hagkerfi heimsins síður en svo komin út úr kreppunni. Nú eru örvunaraðgerðirnar sem gripið var til haustið 2008 að renna út og margir óttast framhaldið. NORDICPHOTOS/AFP

# Tekist á um næstu skref í baráttunni við kreppuna

**Um fátt annað er rætt meðal álitsgjafa um efnahagsmál þessa dagana en það hvort leyfi eigi þeim örvunaraðgerðum sem gripið var til í kjölfar heimskreppunnar haustið 2008 að renna út eða hvort niðurskurður ríkisútgjalda nú tefli efnahagsbatanum í tvísýnu.**

Hagfræðingar og aðrir álitsgjafar um efnahagsmál eiga þessa dagana í hatrammri baráttu um næstu skref ríkisstjórna heims í baráttunni við kreppuna sem skall á haustið 2008.

Í raun er verið að takast á um tvö sjónarmið. Annar hópurinn vísar til klassískrar kreppuhagfræði sem kennd er við John Maynard Keynes. Hann segir að þær örvunaraðgerðir sem gripið var til í kjölfar þess að kreppan skall á hafi ekki verið nægilega öflugar sem endurspeglist best í því að víðast hvar er atvinnuleysi í kringum 10 prósentin sem er langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Þessi hópur krefst þess því að þær ríkisstjórnir sem enn hafa bolmagn til slíkra aðgerða, grípi til þeirra með það að markmiði að koma hjólum heimshagkerfisins aftur af stað.

Hinn hópurinn hræðist þá skuldabagga sem flest ríki heims hafa komið sér upp í kjölfar kreppunnar og telur tíma til kominn að taka til í ríkisfjármálum. Slíkar aðgerðir geti róað skuldabréfamarkaði, verndað gengi gjaldmiðla og jafnvel hvatt atvinnulausa til ákafari leitar að vinnu.

### Klassísk kreppuhagfræði

Einn þeirra hagfræðinga sem hvað mest hafa látið að sér kveða í þessari umræðu er Brad DeLong, prófessor við Berkeley-háskóla. Hann hefur lýst yfir stuðningi við frekari örvunaraðgerðir og skrifaði nýlega pistil þar sem hann fór yfir röksemdir sínar fyrir því.

DeLong segir að við venjulegar aðstæður hafi örvandi aðgerðir hins opinbera ýmis neikvæð áhrif í för með sér en eins og sakir standa sé ekki um venjulegar aðstæður að ræða. Bandaríska ríkið (auk flestra annarra) getur fengið lánaða peninga á óvenjulega hagstæðum kjörum þar sem vextir eru í sögulegu lágmarki. Vegna mikils atvinnuleysis er ábatinn við aukin ríkisútgjöld eða lægri skatta jafnframt óvenjulega mikill. Þetta hefur í för með sér að stefnumörkun sem felur í sér að fá peninga að láni til þess að verja í arðbærar framkvæmdir eða skattalækkanir, sé hagstæð að öðru óbreyttu.

Undir venjulegum kringumstæðum veldur aukning í ríkisútgjöldum eða skattalækkun því að vextir hækka sem dregur úr umsvifum einkaaðila. Því er peningamálastefnu yfirleitt frekar beitt til örvunar. Við núverandi kringumstæður er hins vegar ekki hægt að nota peningastefnu þar sem stýrivextir eru þegar við núllið víðast hvar. Örvunaraðgerðir munu því ekki hækka vexti (allavega fyrst um sinn) og því ekki draga úr umsvifum í einkageiranum. Þvert á móti geta örvunaraðgerðir aukið fjárstreymi fyrirtækja og þar með aukið umsvif þeirra. Slíkt geti því minnkað atvinnuleysi, aukið hagvöxt og hjálpað einkageiranum að komast á fætur svo hann geti staðið undir efnahagsbatanum af sjálfsdáðum.

### Fjárlagahalli er vandamálið

Margir telja þó síður en svo augljóst að áframhaldandi örvunaraðgerðir muni koma til með að skila sér. Kenneth Rogoff, prófessor við Harvard-háskóla, hefur til að mynda skrifað gegn slíkum hugmyndum. Rogoff segir óráð að líta framhjá langtímaáhættunni sem fylgir núverandi skuldasöfnun vestrænna ríkja. Að lokum muni skuldabyrðin hægja á vexti því að óumflýjanlega þarf að draga úr útgjöldum fyrr eða seinna.

Sú staðreynd að markaðir virðast ekki sérlega hræddir við núverandi skuldasöfnun þýði ekki að hún sé hættulaus. Áhrif skuldasöfnunar á vexti séu ólínuleg sem þýðir að rólegar aðstæður á mörkuðum geta súrnað mjög snögglega telji markaðir skyndilega að skuldin sé orðin of há. Rogoff segir jafnframt að ábatinn við fjárlagahalla við þessar aðstæður sé ekki nærri eins öruggur og menn eins og DeLong vilja meina. Það mikilvægasta sé að sýna í verki að til sé áætlun um hvernig losna eigi við skuldabyrðina sem muni auðvelda seðlabönkum að hafa þægilega peningamálastefnu.

Að lokum segir Rogoff að gild rök hafi verið fyrir stórum örvunaraðgerðum á sínum tíma vegna þeirrar raunverulegu hættu að kreppan mikla væri að fara að endurtaka sig. Nú sé hins vegar sú hætta liðin hjá og því sé óþarfi að ana í slíkar aðgerðir án gaumgæfilegrar athugunar. Ef útlitið versni til muna, þá sé mögulega þörf á frekari aðgerðum en þangað til séu örvæntingarfullar örvunaraðgerðir líklegri til að valda vandræðum en nokkru öðru.

Aðrir andstæðingar örvunaraðgerða hafa bent á rannsóknir ítalska hagfræðingsins Alberto Alesina sem benda til þess að niðurskurður á ríkisútgjöldum geti jafnvel örvað hagvöxt með því að róa skuldabréfamarkaði sem lækkar vexti og ýtir undir fjárfestingu. Rannsóknir Alesina ná hins vegar ekki til aðstæðna þar sem vextir eru jafn lágir og nú þannig að margir efast um að þær eigi endilega við eins og sakir standa.

### Hver ber sigur úr býtum?

Ómögulegt er að segja til um hver niðurstaðan meðal hagfræðinga verður þegar rykið sest. Vísbendingar eru hins vegar uppi um að þeir sem krefjast niðurskurðar ríkisútgjalda hafi frekar náð eyrum ráðamanna að undanförnu. Í Þýskalandi, Bretlandi og víðar um Evrópu hafa ríkisstjórnir þegar tilkynnt um sársaukafullan niðurskurð og í Bandaríkjunum er almennt talið pólitískt óraunhæft að koma frekari örvunaraðgerðum í gegnum þingið. Slíkar hugmyndir hafa vakið upp harðvítuga andstöðu meðal repúblikana og stutt er í þingkosningar. Demókratar vilja því heldur losna við þann bardaga sem slíkt gæti haft í för með sér.

## Hópur hagfræðinga krefst aðgerða

Í vikunni birti hópur bandarískra hagfræðinga áskorun til þarlendra stjórnvalda um frekari örvunaraðgerðir. Sextán þekktir hagfræðingar, þeirra á meðal Nóbelsverðlaunahafinn Joseph Stiglitz og Robert Reich, vinnumálaráðherra í ríkisstjórn Bills Clinton, skrifuðu undir áskorunina. Degi síðar bættust 24 hagfræðingar í hópinn, þar á meðal Nóbelsverðlaunahafarnir Eric Maskin og Daniel McFadden.

Hagfræðingarnir segja gífurlega sóun fólgna í því að fjórtán milljónir Bandaríkjamenn séu án vinnu. Það dragi úr velmegun allra og stríði gegn þeim hugsjónum sem Bandaríkin standi fyrir. Þeir segjast viðurkenna þörfina á niðurskurði ríkisútgjalda til langs tíma en telja mikilvægast núna að sjá til þess að efnahagslífið starfi af eðlilegum krafti. Það megi gera með því að auka kaupmátt þeirra atvinnulausu með endurnýjun atvinnuleysisbóta sem í mörgum tilvikum eru að renna út, lækka skatta eða með því að hið opinbera fari í mannaflsfrekar og arðbærar framkvæmdir. Að draga úr fjárlagahallanum án þess að að koma hagkerfinu í lag fyrst séu mistökin sem gerð voru í kreppunni miklu og verði þau endurtekin muni það valda milljónum Bandaríkjamanna tilgangslausum erfiðleikum.


Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

# LÁN TIL GÓÐRA VERKA



- Engin lántökugjöld
- 5,75% óverðtryggðir vextir (Vaxtakjör sambærilegra skuldabréfalána eru í dag frá 9,25%)*
- Lánstími allt að fimm ár
- Umsóknarfrestur er til 30. september 2010

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

## Hagstæð framkvæmdalán

Íslandsbanki býður nú viðskiptavinum sínum hagstætt framkvæmdalán til endurbóta eða framkvæmda á fasteignum, lóðum og sumarhúsum. Með þessu viljum við leggja okkar af mörkum til átaksins **Allir vinna** og eiga þátt í að koma hjólum atvinnulífsins af stað.

Lánin eru veitt til einstaklinga með trausta viðskiptasögu og góða greiðslugetu. Hámarksfjárhæð hvers láns er 1,5 milljón króna gegn veði en veitt eru lán án veðs allt að 750.000 kr. að undangengnu mati á greiðslugetu.

Afgreiðsla framkvæmdaláns er gegn framvísun reikninga fyrir vöru- og þjónustukaupum sem tengjast framkvæmdum til 30. september 2010.

Allar nánari upplýsingar fást í útibúum Íslandsbanka eða á www.islandsbanki.is

* Vextir skv. vaxtatöflu Íslandsbanka 1. júlí 2010. Vextir taka mið af kjörvöxtum óverðtryggðra skuldabréfalána en veittur er fastur 2% vaxtafrádráttur frá þeim.

**Allir vinna** er hvatningarátak stjórnvalda og aðila úr atvinnulífinu sem miðar að því að hvetja einstaklinga til að leggja sitt af mörkum til sköpunar atvinnu á Íslandi.

Þeir sem ráðast í framkvæmdir á heimilinu eða í sumarhúsinu eiga rétt á **100% endurgreiðslu** á virðisaukaskatti af vinnulaunum og skattafrádrætti sem getur numið allt að 300.000 kr.

Nánari upplýsingar er að finna á **allirvinna.is**.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 10-1230

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Magma Energy og HS orka:

## Ísland fyrir Íslendinga?

Þjóðremba og ofurtrú á ágæti þess sem sprottið er upp í nærumhverfinu er með leiðigjarnari kenndum. Slíkur rembingur er oftast talinn birtingarmynd ákveðinnar minnimáttarkenndar og því kannski skiljanlegt að hann leggist fremur á smærri þjóðir.

Vera má að í þjóðarrembingi sé kominn sá falski tónn sem undirritaður þykist merkja í háværri baráttu sem fram fer gegn fjárfestingu Magma Energy í íslenskum orkuiðnaði. Enn hefur nefnilega ekki komið fram á því skynsamleg skýring af hverju það er verra að kanadískt fyrirtæki eignist HS orku en íslenskt fyrirtæki. Einkavæðing HS orku er nefnilega löngu afstaðin.

SKOÐUN



Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is

Þá er það ekki svo að eigendur virkjanafyrirtækja geti farið sínu fram um koppa og grundir án þess að spyrja kóng eða prest og gildir þá einu hvort þeir eru íslenskir eða útlendir. Hér gilda reglur um umhverfismat og allar framkvæmdir háðar opinberum leyfum. Vandséð er að hægt sé að ætla útlendingum það fyrirfram að ganga verr um landið en Íslendingar gera. Ekki voru það útlendingar sem veðsettu ríkissjóð í markaðssetningu innlánsreikninga í Bretlandi og Hollandi.

Liggja þarf fyrir um hvað er deilt þegar rætt er um kaup Magma Energy á HS orku. Einhverjir telja sjálfsagt að ríkið hefði átt að ganga inn í kaupin og tryggja sér hlut Geysis Green Energy í HS orku. Sú leið var hins vegar ekki valin. Auðlindin er eftir sem áður í eigu ríkisins þótt leigð séu afnot af henni. Síðan má deila um tímalengd slíkra samninga. Vert er þó að halda til haga að í grein sem Sigurður Jóhannesson hagfræðingur skrifaði í Vísbendingu í maílok á þessu ári bendir hann á að áætlað auðlindagjald HS orku til landeigenda sé meiri en sá arður sem fengist hafi til þessa af opinberum orkufyrirtækjum.

Þá má velta fyrir sér hvort líklegt sé að einhver niðurstaða verði af allri þessari orðræðu um málefni Magma Energy. „Svo skal böl bæta að benda á eitthvað annað“ söng Megas forðum um íslensk stjórnmál með hljómsveitinni Íkarusi. Ekki er ólíklegt að sú iðja vilji enn brenna við í stjórnmálunum. Einhverjum kann að þykja þægilegra að bölsótast yfir kaupum Magma Energy á HS orku fremur en að horfast í augu við ónýtan gjaldmiðil og viðvarandi gjaldeyrishöft, atvinnuleysi, fjármálafyrirtæki á brauðfótum, óleysta Icesave-deilu og áframhald efnahagsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Enn er ósvarað spurningunni um hvernig hollvinir krónunnar og andstæðingar aukins Evrópusamstarfs ætla að tryggja hér stöðugleika gjaldmiðils og byggja upp þann trúverðugleika sem þarf til þess að í landinu verði lífskjör viðunandi. Vera má að það sé hluti einangrunarstefnunnar að berja frá landinu erlenda fjárfestingu. En þá þarf líka að segja það svo fólk átti sig að hverju er stefnt, fremur en að snúa umræðunni upp í einhverja öfugsnúna þjóðernishyggju þegar kemur að fjárfestingum og fyrirtækjarekstri.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sveiflukenndur

*Það er ýmist í ökkla eða eyra hjá Vilhjálmi Egilssyni, formanni Samtaka atvinnulífsins. Fyrir örfáum mánuðum hafði hann ekki undan við að segja sig og samtök sín frá stöðugleikasáttmálanum, því ríkisstjórnin var að keyra efnahagslífið í algjört þrot. Svo komst Vilhjálmur í nýjar tölur frá Hagstofunni á miðvikudag og viti menn: Kreppan er búin.*



### Flottir á því

Um 40 bæjar- og sveitarstjórar hafa verið ráðnir til starfa víðs vegar um land. Í flestum tilfellum hafa menn látið sér nægja að senda út fréttatilkynningu til að kunngjöra ráðninguna. En ekki í Sandgerði; þar dugði ekkert minna en blaðamannafundur til að kynna ráðningu Sigrúnar Árnadóttur í starf bæjarstjóra.

### Hlutlaust

Sjö af hverjum tíu telja að ríkisstjórnin leggi meiri áherslu á afkomu bankanna en heimilanna, samkvæmt skoðanakönnun MMR. Svarendur voru beðnir um að taka afstöðu til tveggja fullyrðinga: „Ríkisstjórnin leggur meiri áherslu á afkomu bankanna en heimilanna í landinu“ og „Stjórnarandstaðan myndi stjórna landinu betur en ríkisstjórnin.“ Var ekki hægt að leggja aðeins gildishlaðnari og meira leiðandi spurningar fyrir svarendur? Hvað um „Er ekki ríkisstjórnin búin að klúðra sínum málum?“ og „Væri ekki bara langbest að stjórnarandstaðan tæki við?“

bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Guðlast?

Evrópumál



Ögmundur Jónasson

heilbrigðisráðherra

Birgi Hermannssyni stjórnmálafræðingi er mikið niðri fyrir í nýlegri grein hér í blaðinu, sem hann nefnir Ögmundur og ESB. Í blaðagrein hafði ég sett fram gagnrýni á EES-samninginn, rifjað upp að hann hefði að mati margra ekki staðist stjórnarskrá og grafið undan lýðræðinu. EES hefði veikt möguleika okkar til að ákveða sjálf hvernig við skipuleggjum samfélag okkar.

Birgir spyr hvort ég sé enn þeirrar skoðunar að EES stríði gegn stjórnarskránni, nokkuð sem Hannesi Péturssyni rithöfundi finnst undarlegt að kalli þá ekki á stöðugt andóf gegn EES og kröfu af minni hálfu um útgöngu. Birgir vill einnig heyra hvort mér finnist full ESB-aðild lakari kostur en EES-samningurinn út frá sjónarhóli lýðræðisins.

Þessu skal ég svara. Með EES-aðildinni misstum við sjálfsforræði í ýmsum málum og það sem verra er, markaðsdómstóll ESB hefur reynst hafa úrskurðarvald í málefnum sem lúta að öllu sem snertir EES-samninginn. Þetta hef ég stöðugt bent á og gagnrýnt allar götur frá inngöngunni í EES árið 1994 en áður höfðu öll helstu almannasamtök í landinu, verkalýðssamtök, Bændasamtökin, Neytendasamtökin og fl. sameiginlega krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um EES. Því var sem kunnugt er hafnað.

Nú er það eitt að ganga ekki í EES og óska eftir tvíhliða samningi, annað að ganga út – samningsstöðunni ekki saman að jafna. Það er ástæðan fyrir því að ég hef ekki sett fram kröfu um útgöngu. Hins vegar sækja á mig vaxandi efasemdir um EES. Bæði tel ég samninginn hafa að ýmsu leyti verið til mikillar óþurftar og að margt í hruninu megi rekja til markaðsáráttu ESB. Verra er þó ótrúlegt andvaraleysi sumra alþingismanna þegar EES er annars vegar. Ef sagt er að tiltekin fyrirhuguð lagasetning byggi á tilskipun frá Brussel, þagna menn. Málið skoðast afgreitt. Í þessari afstöðu er fólgið alvarlegasta valdaafsalið. Sjálfur hef ég margoft fengið að reyna, þegar ég hef sett fram efasemdir um EES-samninginn, að þessa sömu þingmenn hefur sett hljóða, líkt og gerist hjá strangtrúarfólki þegar guðlast er haft í frammi.

Er verra að vera í ESB en EES hvað lýðræðið áhrærir? Að sumu leyti er rökréttara að vera innan ESB. Í sumum málum er þar hægt að hafa meiri bein áhrif en hægt er í EES. En þyngra vegur þó að með inngöngu í ESB missum við ítök í ráðstöfun sjávarauðlindarinnar, skipulagningu landbúnaðar, forræði í utanríkismálum og fyrirvarann sem við settum við þjónustutilskipunina nýlega, hefðum við ekki mátt setja innan ESB svo mikilvægt dæmi sé tekið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Nú þarf að stöðva hrunið

Magma-málið

Jón Þórisson
arkitekt og aðstoðarmaður Evu Joly



Það er mikið í húfi núna, salan á HS Orku til Magma Energy Sweden AB er um það bil að verða að raunveruleika.

Ef ekkert verður að gert þýðir að við afsölum okkur nýtingu mikilvægra auðlinda til næstu 65 ára og jafnvel 130 ára

Helstu rök þeirra sem hlynntir eru málinu eru þau að við höfum sjálf ekki efni á því að eiga nýtingarréttinn, að nauðsynlegt sé að fá erlenda fjárfestingu inn í landið til þess að stuðla að atvinnuuppbyggingu og að þetta ferli allt sé í samræmi við lög og reglur.

En er það svo?

Björk Guðmundsdóttir, Oddný Eir Ævarsdóttir og ég höfum með ábendingu til umboðsmanns Alþingis vakið athygli á að við teljum ástæðu til þess að skoða stjórnsýsluákvarðanir í aðdraganda sölunnar og síðan sjálfan samninginn við Magma Energy Sweden AB.

Það er ljóst að söluferlið hefur verið mjög ógagnsætt og umdeilt.

Rökstuddur grunur er um að hagsmuna almennings hafi ekki verið gætt á fullnægjandi hátt og að málsmeðferð stjórnvalda samræmist ekki lögum og vönduðum stjórnsýsluháttum.

Við bendum umboðsmanni Alþingis á að ákvarðanir sem teknar hafa verið í aðdraganda þessa máls eru teknar af stjórnvaldi og stjórnmálamönnum sem fá þungan áfellisdóm í rannsóknarskýrslu Alþingis.

Er það eitt ekki næg ástæða til þess að taka til endurskoðunar ferlið allt? Og þar með talið ákvarðanir Framkvæmdanefndar um einkavæðingu frá 2007 og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins sem úrskurðaði árið 2008 að OR mætti ekki eiga meirihluta í HS Orku? Í þeim úrskurði er meðal annars vísað til bandarískra laga og reglugerða en hvergi vikið að ýmsum undanþáguákvæðum sem hægt væri að beita samkvæmt EES samningnum!

Við teljum ýmislegt athugavert við málsmeðferð og rökstuðning meirihluta nefndar um erlenda fjárfestingu og beinum því til umboðsmanns að taka þessar álitsgerðir meirihluta nefndarinnar til skoðunar. Nefndin byggir niðurstöðu sína m.a á lögfræðiáliti Lagstofnunar Háskóla Íslands sem styrkt er af Samorku – er álit þessarar stofnunar óháð?

Nefndin skautar í áliti sínu framhjá greinargerð helsta sérfræðings landsins í Evrópurétti, Elviru Mendez Pinedo, og reifar hvergi rök gegn samþykkt málsins.

### Samningurinn við Magma

Við höfum haft samband við nokkar sérfræðinga úr viðskiptalífinu og fengið ábendingar um ýmis atriði í kaupsamningnum sem vert er að staldra við:

Magma keypti nýverið 30 ára nýtingarrétt á jarðavarmaorku í Nevada í Bandaríkjunum. Svo virðist sem Magma borgi þar helmingi hærra verð pr. megawatt en hér.

Nýtingarsamingurinn í Nevada er til 30 ára en hér fær Magma samning til 65 ára með mögulegri framlengingu í önnur 65 ára. Það eru 130 ár!!

Með kaupunum á HS Orku færi Magma í hendurnar fyrirtæki sem rekið er með hagnaði og á 20 milljónir dollara í varasjóði. Nevada er fyrirtæki sem byggja þurfti frá grunni og hafði engan hagnað eða varasjóð.

Fjármögnun Magma er með þeim hætti að uþb 70% kaupverðsins er fjármagnaður með innlendu kúluláni, hluti kaupverðsins er greiddur með bréfum í fyrirtækinu sjálfu og hluti er greiddur með aflandskrónum.

Lánið til Magma er á 1,5% vöxtum. Sjálfur veitir Ross Beaty lán til Magma á 8% vöxtum. Í Icesave samningunum var okkur sagt að útilokað væri að fá lán á lægri vöxtum en 5,5% – á lánum sem þó voru með ríkisábyrgð. Er þetta ekki of gott til að vera satt? Fyrir Magma, ekki fyrir Ísland?

Lánið til Magma er með veði í bréfunum sjálfum.

Upplýsa þarf hvaða skuldbindingar HS Orka mun taka yfir samkvæmt kaupsamningi og hvort ábyrgðum sem nú hvíla á OR eða öðrum opinberum aðilum verður aflétt ef af kaupunum verður. Hversu miklar eru þessar ábyrgðir og hvernig verður þeim aflétt?

Ef Magma verður gjaldþrota þurfum við, að því er virðist, að sækja rétt okkar, ekki til Magma í Kanada, heldur dótturfyrirtækisins í Svíþjóð sem á engar aðrar eignir.

### Hrunbragur á sölunni

Höfum við ekki séð þetta allt áður? Í boði sama fólksins og lagði á borð fyrir bankaveisluna?

Það er hrunbragur á sölunni á HS Orku. Það er veislugleði í loftinu. Nú skal grætt. Nú skal grætt á Íslandi. Maður þekkir ljónið á hramminum. Hin tæra snilld birtist ávallt með sama hætti þegar selja skal lykileignir þjóðarinnar:

1. Kaupverðið lánað innanlands
2. Með veði í bréfunum sjálfum
3. Með engum eða óverulegum vöxtum
4. Öðrum kaupendum hafnað án viðræðna
5. Kaupandinn hefur enga þekkingu á rekstrinum sem hann er að kaupa
6. Kaupandinn getur ekki fengið lán í banka og þess vegna verður seljandinn að lána honum

Við höfum bent á að OECD hefur gefið út skýrslu um hvernig best sé staðið að einkavæðingu – þar sem meðal annars er lögð höfuðáhersla á að sala ríkiseigna skili beinhörðum peningum strax. Fjölmörg önnur atriði er bent á sem „best practice“ – hvers vegna er ekki einu sinni ráðum OECD fylgt?

Í þessu sambandi má benda á að birtir hafa verið útreikningar sem sýna tap Orkuveitu Reykjavíkur vegna sölu HS Orku til Magma Energy. Um er að ræða útreikninga Birgis Gíslasonar sem birtir voru m.a. á bloggi Láru Hönnu og víðar, Þar kemur fram að heildartap OR vegna sölunnar sé rúmir 9 milljarðar. Þessir útreikningar hafa ekki verið hraktir.

### Fyrirfram ákveðinn kaupandi

Samkvæmt fréttum í fjölmiðlum bauð a.m.k eitt annað fyrirtæki í hlutina í HS Orku en ekki hefur verið upplýst hvaða fyrirtæki um var að ræða.

Þá bendum við umboðsmanni á að haft er eftir sendiherra Bretlands á Íslandi að hann hafi komið upplýsingum um áhugasama breska kaupendur á framfæri við íslensk stjórnvöld, en þessir aðilar hafi aldrei fengið nein viðbrögð.

Og hvað með undirbúning stjórnvalda? Langtíma sýn og langtíma áætlun. Er hún einhver? Er búið að setja ákvæði um auðlindagjald í samningana? Nei. Er búið að setja ákvæði sem takmarka verðhækkanir Magma á orku til neytenda? Nei. Er búið að setja ákvæði í samningana sem takamarka tímalengd samningsins? Nei.

### Ábyrgð ráðherra og stjórnmálamanna

Svo virðist sem stjórnmálamenn vilji enga ábyrgð bera í þessu máli en vísa í lög og reglugerðir og verja sniðgögnu þeirra – á sama tíma og – sumir þeirra alla vega – harma þetta mál og lofa öllu fögru um að frekari einkavæðing standi ekki til.

En í fréttum í þessir viku kom fram að um áramótin verður Orkuveitu Reykjavíkur skipt upp – en slík uppskipting var fyrsta skrefið í einkavæðingu HS Orku.

Er einkavæðing OR næst á dagskrá eða verður Landsvikjun seld fyrst?

Er ekki nóg komið? Er aldrei nóg komið?

Þetta er vondur díll, samningurinn er of langur, hann skilar sáralitlum peningum inn í landið. Hann byggir á loforðum Ross Beaty, svona einsog þegar Samherji keypti Gugguna á Ísafirði og lofaði að hún færi aldrei. Það leið ekki nema ár. Og þá var hún farin. Orkufyrirtækin hafa verið byggð upp af almannafé og skilað góðum hagnaði fram á síðustu ár – við þurfum að halda þessum auðlindum í opinberri eigu og hirða hagnaðinn sjálf.

Við teljum þetta mál varða hagsmuni þjóðarinnar allrar og við viljum hvetja alla til þess að skrifa undir áskorun okkar til stjórnvalda um að stöðva söluna til Magma og efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíðar stefnu okkar í orkumálum.

Nú þarf að stöðva hrunið. Og það gerir enginn nema þjóðin taki málin í sínar eigin hendur.




# Metum störf slökkviliðsmanna að verðleikum

Kjör slökkviliðsmanna

Sólveig Magnúsdóttir
eiginkona slökkviliðsmanns



Metum störf slökkviliðsmanna að verðleikum

Í 17 ár hef ég verið gift slökkviliðsmanni sem er á bakvakt allt árið um kring, allan sólarhringinn, fyrir utan sínar föstu vaktir. Hvenær sem er á fjölskyldan von á því að makinn þurfi að hlaupa út frá afmæli, brúðkaupi eða hverju sem er vegna bruna eða annarra útkalla.

Marga unga drengi dreymir um að verða slökkviliðsmenn þegar þeir verða stórir. Af hverju? Jú, líklega af því að í amerískum bíómyndum eru þeir hetjur í flottum búningum og keyra um á flottum rauðum stórum bílum og bjarga fólki. Og það er litið á slökkviliðsmenn í Ameríku sem hetjur, það hef ég séð með eigin augum. En eru íslenskir slökkviliðsmenn ekki líka hetjur? Þeir eru alltaf tilbúnir til að leggja líf sitt í hættu fyrir fólkið í landinu.

Á síðustu mánuðum hefur mikil umræða verið um þau laun sem svokallaðir „útrásarvíkingar“ höfðu og var skýringin sú að það væri af því að þeir bæru svo mikla ábyrgð. Þetta fyllir mig ólýsanlegri reiði þegar maður hugsar til þess að þessir aðilar væru líklega ekki tilbúnir að setja á sig reykköfunartæki fyrir þau laun sem slökkviliðsmenn hafa, hvað þá að vinna þau erfiðu verk sem geta beðið slökkviliðsmanna á hverri vakt.

Hver vill ekki geta treyst á að aðstoð berist hratt ef slys ber að höndum s.s. ef barnið þitt fær hitakrampa eða þú færð hjartaáfall þegar síst varir.

Hver vill ekki geta treyst á að aðstoð berist hratt ef slys ber að höndum s.s. ef barnið þitt fær hitakrampa eða þú færð hjartaáfall þegar síst varir? Ég held að það sé tími til kominn að þau störf séu metin að verðleikum sem eru þess eðlis að fólk leggur sig í hættu við að sinna. Fólk er verðmætara en peningar og pappír.



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**EGILS APPELSÍN 1 LTR.**
ÞETTA EINA SANNA..!
129 KR. 1 LTR.

**PEPSI / PESI MAX 2 LTR. FLASKAN**
179 KR. 2 LTR.

**FANTA ORANGE 2 LTR. FLASKAN**
138 KR. 2 LTR.

**EGILS APPELSÍN PEPSI & PESI MAX**
*HÁLFS LÍTRA BAUKAR*
74 KR. 500 ML

## GOSDRYKKIR Á FRÁBÆRU VERÐI Í BÓNUS **GOSDRYKKIR** Á FRÁBÆRU VERÐI Í BÓNUS

359 KR. PK
**BÓNUS KAFFI 500g**

259 KR.STK
**VÖFFLUMIX 500G 259 KR.BR**
**ÞEYTIRJÓMI 250ML 259 KR.PK**

298 KR. FL
**FROOSH SMOOTHIE 250 ML** *FRÁBÆRT Í FERÐALAGIÐ.*

698 KR. PK
**FJÓLA WC PAPPÍR 9 RÚLLUR**

139 KR. 4 STK
**BÓNUS STÓR HAMBORGARABRAUÐ**

179 KR. PK
**E.S KEX MEÐ SÚKKULAÐI 125g**
LJÓST OG DÖKKT SÚKKULAÐI.

189 KR. PK
**HOMEBLEST SÚKKULAÐIKEX 300g**

198 KR.160g
BÓNUS SNAKK 160 G
ALLAR TEG

111 KR. 5 STK
**BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK**

298 KR. STK
**MYLLU KRYDDKAKA 440g**

159 KR. STK
**BÓNUS KJARNABRAUÐ 500g**

598 KR. 3 KS.
**GÓU ÞRENNAN**
*AÐEINS 198 KR. KASSINN*

179 KR. STK
**ÍSLANDSÁLEGG SAMLOKUÁLEGG 150g**
*7 SNEIÐAR*

182 KR.DS
**SMJÖRVI TILBOÐSASKJA 300g**

BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG ***198 kr.stk***
198 KR. STK
DUGAR Í 13 SAMLOKUR AÐEINS 15,2 KR.

AFGREIÐSLUTÍMI
**FÖSTUDAGUR**
**10:00-19:30**

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



698
KR. PK
Í.N UNGNAUTA RISAHAMBORGARAR 2 x 120g
MEÐ BRAUÐI OG SÓSU



2698
KR. KG
HOLLENSK FROSIN
NAUTALUND



698
KR. KG
MÓA TILBÚINN
ELDAÐUR KJÚKLINGUR
(KALDUR) ca 1100g



698
KR. KG
FROSNAR GRÍSAKÓTILETTUR *CA 3 KG Í POKA*

# FRÁBÆRT VERÐ Á NAUTASTEIKINNI





1598
KR. KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



1259
KR. KG
K.S FROSNAR LAMBALÆRISSNEIÐAR



1998
KR. KG
HOLLENSKT FROSIÐ
UNGNAUTA RIBEYE
*AÐEINS ÞRJÚ TONN Í BOÐI !*



998
KR. KG
K.S FROSNAR LAMBASIRLONSNEIÐAR

TVÆR CLUB
*STEIKARSAMLOKUR*



*ÍSLANDSNAUT:* CLUB STEIKARSAMLOKA
140g NAUTAKJÖT - BERNAISSÓSA 80ml TVÖ BRAUÐ
**898 kr. bakkinn**





998
KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FRYST LAMBALÆRI



2698
KR. KG
K.S FROSIÐ LAMBAFILLET





259
KR. PK
ÞYKKVABÆJAR ELDAÐAR
BÖKUNARKARTÖFLUR 750g





598
KR.KG
BÓNUS *FERSKUR* HEILL KJÚKLINGUR



SÆLGÆTISBARINN
*ENGINN AFSLÁTTUR*
BARA LÁGT VERÐ
ALLA DAGA
898 KR.KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# Hræðsluáróður bókamanna

Skattar og bókaútgáfa

Kristbjörn Árnason
kennari



Í allri eðlilegri umræðu er eðlilegt að ekki sé reynt að tala niður til einhverra aðila sem setja fram hugmyndir hvort sem um er að ræða tillögur um skatta eða eitthvað annað. Ekki er ég talsmaður hárra skatta og er reyndar á þeirri skoðun, að þeir aðilar á Íslandi sem ekki njóta skattaafsláttar í einhverri mynd greiði allt of háa skatta.

Ekki er hér mælt með því að bókaiðnaðurinn eigi að skila himinháum sköttum. En sá sem þetta ritar er eindregið á þeirri skoðun, að allar samkeppnisgreinar iðnaðar, hvort sem um bókaiðnað er að ræða eða aðrar iðngreinar, eigi að standa jafnar fyrir lögum og þeim skyldum að skila sköttum til samfélagsins. Engin grein er öðrum merkilegri eða mikilvægari.

Þær fullyrðingar sem formaður og varaformaður rithöfunda halda fram eru ekki studdar með neinum rökum heldur er um getgátur að ræða. Í þessu sambandi er rétt að minnast þess að þegar virðisaukaskattur var lækkaður á bókum hér um árið var því haldið fram, að þá myndu bækur lækka í verði. Það varð auðvitað ekki raunin, vegna þess að bækur eru samkeppnisvara sem á í samkeppni innbyrðis og einnig aðrar vörur sem skila fullum skatti. Það eru aðstæður á markaði sem ráða verði bóka. Stóraukinn skattur á bækur fer líklegast ekki út í verðlagið því þá munu bækur seljast í minna mæli væntanlega.

> Það eru aðstæður á markaði sem ráða verði bóka. Stóraukinn skattur á bækur fer líklegast ekki út í verðlagið því þá munu bækur seljast í minna mæli væntanlega.

Allar líkur eru á því að álagning útgáfufyrirtækjanna muni minnka, útgáfur sem þegar standa höllum fæti munu væntanlega hætta starfsemi og aðrar taka við. Einnig að laun rithöfunda lækka sennilegast, nema að þeim fækki eitthvað. Vissulega sársaukafullt. M.ö.o. þetta er kjarabarátta hjá þessum rithöfundum og er þá eðlilegast að ræða málið með þeim hætti og á heiðarlegan hátt.

Ekki þýðir að slá um sig með að fullyrða að lestrarfærni barna fari dvínandi því það er ekki rannsakað. Það eru miklar líkur á því, að þær hafi aldrei verið meiri en nú. Það getur alveg eins verið að bækur ætlaðar börnum séu bara svo lélegar og leiðinlegar að börn nenni ekki að lesa þær. Þær standist bara alls ekki samkeppni við annað sem börn hafa aðgang að.

Það er auðvitað þörf á því að skoða verðþróun á bókum með tilliti til áhrifa frá sköttum á verðlag og gæði bóka. Einkum væri fróðlegt að skoða verð á bókum á veltiárunum fram að hruni. Einnig hvort verð á bókum hafi lækkað við hrunið. Þetta þyrfti að skoða miðað við fast verðlag og gera þyrfti viðmiðunarkönnun við verð á öðrum samkeppnisiðnaðarvörum.

# Þankar um menntunarstig og framtíðina

Menntun

Magnús S. Magnússon
forstöðumaður



Eitt getum við Íslendingar örugglega veitt okkur með ákveðnum vilja og það er bætt menntun þeirra sem eiga að erfa landið og ætlast er í raun til að sjái þeim farborða sem þá verða aldnir eða sjúkir. Þar sem langflest störf krefjast nú framhaldsmenntunar af einhverju tagi er augljóslega ekki lítið í húfi jafnt fyrir þá yngri sem þurfa að finna sér störf og fyrir þá eldri og þá sem sjúkdómar herja á.

Það var því leitt að lesa hér (Fréttablaðið 3. júlí 2010) um nýja íslenska rannsókn sem enn undirstrikar það sem áður hefur fram komið í erlendum könnunum að þvert á óteljandi staðhæfingar um hið gagnstæða er menntunarstig þjóðar okkar ekki sérlega gott heldur nánast það lakasta sem þekkist á Vesturlöndum. Um helmingur Íslendinga lýkur þannig engu framhaldsnámi eftir grunnskólanám og af þeim sem hætta í framhaldsskólanámi gera það flestir eftir aðeins eitt til tvö ár. Helmingur Íslendinga mun því ekki stunda neitt frekara skólanám eftir u.þ.b. 16-17 ára aldur sem er allt annað og verra hlutfall en í helstu löndum okkar heimsálfu.

Sé gengið út frá að menntun stuðli að aukinni almennri hæfni og færni og upplýstari gagnrýnni hugsun, hverjar gætu þá verið afleiðingar af lágu menntunarstigi þjóðar? Nokkur atriði koma fljótt upp í hugann: Það eru færri hæfir frambjóðendur og stjórnendur og færri hæfir til að meta tillögur þeirra og gerðir. Í lýðræðisríki gilda öll atkvæði jafnt og minna upplýstan almenning er auðveldara að blekkja og afvegaleiða. Þannig virðist minna upplýst þjóð t.d. líklegri til að falla fyrir lýðskrumi og ekki síst komi það frá háttsettum aðilum.

Er illa upplýst þjóð draumaland hins vanhæfa stjórnmálamanns? Sennilega er t.d. auðveldara að fá minna upplýsta þjóð til að trúa því að hún sé meðal heimsins upplýstustu og menntuðustu þjóða og sé jafnvel fyrirmynd og afburðaþjóð. Í stuttu máli, minna upplýst þjóð virðist líklegri til að taka rangar ákvarðanir, aðhyllast óheppilegri fyrirmyndir og velja slakari leiðtoga, já, jafnvel lýðskrumara. Í þessu samhengi stingur í augu að meðal þeirra vesturlandaþjóða sem verst standa varðandi menntunarstig eru nokkrar þær þjóðir sem undanfarið hafa lent í hvað verstum hremmingum eða jafnvel hruni, svo sem Spánn, Tyrkland, Portúgal og Ísland. En menntunarstig er hægt að hækka sé skilningur á nauðsyn þess fyrir hendi. Þar bítur þó vandinn gjarna í eigið skott, því þar sem menntunarstig er lágt er oft erfiðara og óvinsælla að skýra og ræða mikilvægi menntunar. Eigum við leiðtoga færa um að rjúfa slíkan vítahring? Gæfi þjóðin þeim brautargengi?

Staðhæfingar eins og t.d. „Íss, menntun skiptir engu máli" eða „Íslendingar eru ein menntaðasta þjóð í heimi" heyrast enn sí og æ og maður spyr sig hvort svo óábyrgu tali og lýðskrumi fari að linna því hér virðist augljós og brýn þörf á þjóðarátaki um stórbætt almennt menntunarstig, nokkuð sem virðist fyrir litla nýsjálfstæða eyþjóð á tímum alþjóðlegrar samskiptabyltingar verðugt og heillandi framtíðarverkefni.

# Sumarhjálpin

Hjálparstarf

Þórhallur Heimisson
prestur



Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum hefur hópur fólks tekið sig saman og hrint af stað hjálparstarfi undir heitinu „Sumarhjálpin". Markmið Sumarhjálparinnar er að styðja við bakið á þeim sem eru verst settir í þjóðfélaginu í dag. Hópurinn stendur fyrir söfnun sem ætlað er að auðvelda þeim sem þurfa aðstoð við að kaupa nauðsynjavörur. Fjölmargir búa við bág kjör á Íslandi og hafa þurft að treysta á matargjafir neyðarstofnana. Nú þegar stærstu neyðarsamtök landsins eru í sumarleyfi sverfur illa að þessum hóp. Og þótt margir hafi brugðist við neyðinni með matargjöfum þarf meira til, því miður.

Söfnun Sumarhjálparinnar fer vel af stað og nú þegar hafa margir brugðist vel við með áheitum og óbeinum stuðningi. Einnig hafa fjölmargar umsóknir um hjálp borist.

Þeir sem telja sig þurfa aðstoð frá Sumarhjálpinni er bent á símanúmerið 534 7720 eða tölvupóstfangið sumarhjalpin@simnet.is. Fljótlega verður einnig opnuð heimasíða Sumarhjálparinnar. Sumarhjálpin mun aðstoða fólk eins fljótt og auðið er og öllum umsóknum verður svarað. Farið verður yfir allar styrkbeiðnir sem berast og því mikilvægt að allir gefi upp réttar upplýsingar; nafn, kennitölu, símanúmer, heimilisfang og hvers vegna óskað sé eftir aðstoð.

> Þeim sem vilja styrkja Sumarhjálpina er bent á söfnunarreikninginn 0313 – 13 – 131313 og kennitöluna 550710 -0720.

Þeim sem vilja styrkja Sumarhjálpina er bent á söfnunarreikninginn 0313 – 13 – 131313 og kennitöluna 550710 -0720. Einnig verður á næstu dögum hringt í landsmenn og óskað eftir stuðningi við Sumarhjálpina. Vonandi munu allir bregðast vel við símhringingum Sumarhjálparinnar og styðja söfnunina og þetta átak heilshugar.

Sumarhjálpin mun starfa út ágúst eða þangað til hefðbundin neyðaraðstoð hjálparstofnana hefst á ný á Íslandi eftir sumarleyfi.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.








**TÁLKNAFJÖR** hefst á Tálknafirði í dag. Meðal þess sem verður boðið upp á er drulluratleikur, brenna og bollasúpa, dorgveiðikeppni, útimarkaður, hoppukastalar og lifandi tónlist.

# ;ALLT



**Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447





4ra rétta tilboðsseðill

Kryddlegin bleikja
*með rússneskri pönnuköku, dillrjóma og piparrótarsósu*

Humarsúpa
*rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum*

Fiskur dagsins
*það ferskasta hverju sinni; útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar*

*** eða / Or ***

Lambatvenna
*með steinseljurótarmauki, aspas, rófu, soðkartöflu og basil-myntu gljáa*

Kókoshnetu Tapioca
*með steiktu mangói og lychee sorbet*

Verð aðeins 7.290 kr.

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Ingibjörg hefur rekið veitingastaðinn Á grænni grein síðustu þrjú árin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Uppskrift að skemmtun

**Grænmetislasanja var til langs tíma spariréttur á heimili Ingibjargar Agnarsdóttur. Hún gerðist grænmetisæta fyrir margt löngu og í upphafi var hún oft spurð hvort hún vildi salat á veitingastöðum.**

„Ég gerði lasanja sem fylgt hefur fjölskyldunni síðan við gerðumst grænmetisætur,“ segir Ingibjörg Agnarsdóttir, eigandi veitingastaðarins Á grænni grein, en hún setti lasanjað á matseðilinn eftir að hún tók við staðnum fyrir þremur árum. Að sögn Ingibjargar hefur lasanjað verið sparirétttur fjölskyldunnar í gegnum tíðina.

Ingibjörg segir óralangt síðan hún gerðist grænmetisæta. „Ég ólst upp í sveit og man ekki eftir því að mér hafi þótt kjöt gott,“ upplýsir Ingibjörg sem segir tímana breytta frá því hún gerðist grænmetisæta. „Þegar ég spurði þá um grænmetisrétt á veitingastöðum var alltaf spurt: Viltu salat?“

Eftir að Ingibjörg gerðist grænmetisæta las hún ógrynni af uppskriftum um grænmetisrétti. Hún fylgir þó ekki uppskriftum í dag. „Ég las uppskriftir mér til skemmtunar og kannski hafa þær síast inn í mig.“ *martaf@frettabladid.is*

## SPARILASANJA INGIBJARGAR Á GRÆNNI GREIN

Og sætar kartöflur **FYRIR 6**

1 haus spergilkál
4-6 gulrætur
1 stk. kúrbítur
1 kg heilir tómatar í dós
4 msk. tómatpuré
1 stk. laukur
3-4 geirar hvítlaukur
1 lítil dós kotasæla
1 msk. grænmetiskraftur
2 lúkur ferskt basil
1 lúka oregano
1 lúka blóðberg
Spelt-lasanjablöð, fjöldi fer eftir smekk hvers og eins.

**Aðferð**

*Gljáið lauk og hvítlauk saman á pönnu. Hellið smá vatni yfir og bætið grænmetiskraftinum við. Maukið tómatana og setjið út í ásamt tómatmaukinu. Rífið kúrbítinn og gulræturnar gróft og skerið spergilkálið frekar smátt og bætið saman við ásamt gróft söxuðum kryddjurtunum. Sjóðið í 30 mínútur.*

*Setjið í eldfast form, í lögum með kotasælu og speltblöðum á milli. Fjöldi laga fer eftir smekk hvers og eins. Bakið þar til speltblöðin eru orðin mjúk, í um 30 til 45 mínútur.*

**Sætar kartöflur í íslenskum lífrænum kryddjurtum**

Stór sæt kartafla söxuð í bita
basil
blóðberg
oregano
1 msk. lífrænn grænmetiskraftur

*Smá vatn til að sjóða í, má líka baka í eldföstu móti. Eldað í um þrjátíu mínútur.*

;ALLT ÚT AÐ BORÐA

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473
**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427
**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447




**SÚKKULAÐI** er alltaf gott með kaffinu. Það þarf ekkert að vera sérstaklega mikið af því en einn eða tveir molar með bolla af góðu kaffi eru alveg málið.



# Kaffihús og gallerí í gamla pósthúsinu

**Kaffihúsið Eldstó á Hvolsvelli hefur nýlega stækkað við sig og fyllir nú út í gamla pósthúsið. Það stendur við þjóðveg 1 og er sambland af veitingastað, listmunaverslun og leirkeraverkstæði.**

„Geturðu aðeins beðið? Ég þarf að henda brauðunum í ofninn,“ segir Guðlaug Helga Ingadóttir í Kaffi Eldstó á Hvolsvelli þegar hún er beðin um smáviðtal og hverfur inn í eldhúsið. Kemur aftur að vörmu spori. Brosandi.

Auk þess að reka Eldstó er Guðlaug Helga söngkona og hefur í seinni tíð haslað sér völl sem skartgripahönnuður. Maður hennar er Þór Sveinsson leirkerasmiður og saman eiga þau Eldstó Café & Hús leirkerasmiðsins sem þau stofnuðu á Selfossi aldamótaárið 2000 og fluttu á Hvolsvöll fjórum árum síðar. Nú er fyrirtækið í helmingi stærra húsnæði en áður, listmunir hafa fengið aukið rými og ýmsar nýjungar eru á líka matseðlinum. Auk súpu og heimabakaðs brauðs eru þar fersk salöt og ýmsir smáréttir, risavöfflur og heimabakaðar kökur. Stórir og íburðarmiklir ísréttir eru kapítuli út af fyrir sig. Þeir heita frumlegum nöfnum og eru hannaðir á staðnum. „Hér taka allir starfsmenn þátt í þróuninni og leggja sitt af mörkum,“ segir Guðlaug Helga. „Það skapar bæði fjölbreytni og ánægjulegt andrúmsloft sem vonandi skilar sér til gesta.“ *gun@frettabladid.is*



„Við leggjum upp úr því að gestir okkar fari út með góðar minningar,“ segir Guðlaug Helga sem hér tyllir sér niður í nýja veitingasalnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUN





Í ömmustofunni er þetta gamla útvarp.



Í eldri hluta kaffihússins er hálfgerð ömmustofa. Sýning Katrínar Óskarsdóttur grafísks hönnuðar prýðir veggi.



Í afgreiðslunni er hægt að panta voldugа ísrétti og risavöfflur með kaffinu.



Leirmunir eftir Þór eru þekktir fyrir vandaðan glerung.


**Saeco**
*kaffivélar*




*Alsjálfvirkar*
*HÁGÆÐA kaffivélar.*
*Ný sending komin.*
*Verð frá aðeins kr. 69.990*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is






Kaffi frelsi

**Vilt þú vera vildarvinur Te & Kaffi? Tryggðu þér þá kaffi frelsi og njóttu bestu afsláttarkjara á kaffidrykkjum og meðlæti sem völ er á.**

Kaffi frelsi er fyrirframgreitt kaffikort sem gildir á öllum kaffihúsum og kaffibörum Te & Kaffi. Með því að fyrirframgreiða kaffi frelsið öðlast þú rétt til að njóta bestu afsláttarkjara Te & kaffi. Þú færð 20% afslátt af kaffidrykkjum sem þýðir að með 10 bolla kaffi frelsi greiðir þú einungis fyrir 8 og færð 2 bolla ókeypis! Jafnframt færðu 10% afslátt af öllu meðlæti; gosi, söfum, samlokum, Panini, kökusneiðum og múffum.

*Kynntu þér nánar á kaffihúsum Te og kaffi, í Austurstræti 18, á Skólavörðustíg 11, á Laugavegi 27, í Smáralind, í Kringlunni, á Grandagarði og á Akureyri.*

TE & KAFFI

**www.teogkaffi.is**


## Kaffi við Alzheimer

**Kaffidrykkja getur hamlað minnistapi hjá þeim sem þjást af elliglöpum og Alzheimer samkvæmt nýjum rannsóknum.**

Neysla á kaffi getur reynst gagnleg við að fyrirbyggja Alzheimersjúkdóminn, ef marka má nýlegar rannsóknir sænskra og danskra vísindamanna. Í niðurstöðum rannsóknanna, sem birtust meðal annars í tímaritinu Journal of Alzheimer's Disease, komu einnig fram vísbendingar um að kaffidrykkja geti hamlað minnistapi hjá þeim sem þjást af elliglöpum. Frá þessu greinir fréttavefsíðan PressTV.

Rannsóknirnar voru gerðar á tæplega 1.500 körlum og konum á miðjum aldri og stóðu þær yfir í 21 ár að meðaltali. Á þeim tíma þjáðist einungis 61 þátttakandi af elliglöpum og 48 af Alzheimer, sem rannsakendum þykir benda til að kaffi sé fyrirbyggjandi þáttur varðandi téða sjúkdóma. Það rekja þeir til þess að kaffi og koffín geti hjálpað til við að koma í veg fyrir myndun beta amyloid-prótínsins sem finnst í heilum Alzheimersjúklinga. *- kg*



Rannsóknirnar voru gerðar á tæplega 1.500 körlum og konum á miðjum aldri.



Fríður Birna og Gíslína Ólöf voru ekki lengi að galdra fram kræsingarnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Rjómaterta af gamla skólanum.

# Alltaf heitt á könnunni

**Slysavarnadeild kvenna í Reykjavík vinnur ötullega í þágu Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Bakstur og eldamennska í fjáröflunarskyni er hluti af starfinu og margar félagskvenna sannir snillingar á því sviði.**

„Okkur líður mjög vel í þessu umhverfi og svo verður frábært að komast í eigið húsnæði,“ segir Fríður Birna Stefánsdóttir, formaður Slysavarnadeildar kvenna í Reykjavík, og býður blaðamanni inn fyrir í sameiginlegt húsnæði deildarinnar og Björgunarsveitarinnar Ársæls að Grandagarði 1, eða Gróubúð, þar sem ilmur af rjúkandi heitu kaffi og pönnukökum leggur að vitum.

Kvennadeildin er í fríi yfir hásumarið en undirbúningur þó lítillega hafinn fyrir starf vetrarins, meðal annars stækkun húsnæðisins, slysavarnafræðslu í leikskólum og fjáröflunum fyrir Slysavarnafélagið Landsbjörg, sem deildin hefur verið hluti af frá því að hún var stofnuð 1930.

„Það er í takt við tilgang félagsins sem hefur frá upphafi verið að draga úr slysum og styðja björgunarsveitirnar,“ útskýrir Fríður Birna og getur þess að einn stærsti viðburðurinn á vegum deildarinnar sé árlegt kökuhlaðborð í Gróubúð á Hátíð hafsins þar sem félagskonur reiða fram alls kyns góðgæti.

„Bakstur og eldamennska hefur lengi skipað veigamikinn sess í okkar starfi, því ekki nóg með að við stöndum árlega fyrir þessu gríðarlega stóra kökuhlaðborði heldur eldum við líka ofan í björgunarsveitirnar í Reykjavík meðan á flugeldasölu stendur fyrir áramót,“ segir hún og getur þess að eins sé alltaf heitt á könnunni á fundum deildarinnar. „Við hittumst mánaðarlega, konur allt frá 12 og upp í 98 ára, til að fara yfir stöðuna og berum þá fram kaffi og með því og margar okkar hreint út sagt snillingar á því sviði.“ Blaðamaður getur ekki annað en tekið undir þau orð, þar sem hann gæðir sér á kræsingum sem Fríður Birna og Gíslína Ólöf Ingibergsdóttir bera á borð og fær í leiðinni afhentar uppskriftirnar sem þær segja að veki ávallt mikla lukku.

*roald@frettabladid.is*

## RJÓMATERTA OG PÖNNUKÖKUR

Slysavarnakvenna **FYRIR 10**

**Rjómaterta**

*Hitið ofninn í 200°C*

*Takið frómas úr frysti og látið þiðna.*

**Botnar:**
3 egg
150 g sykur
3/4 dl heitt vatn
150 g hveiti
1 1/2 tsk. lyftiduft

*Þeytið saman egg og sykur þar til það er ljóst og létt. Blandið saman hveiti og lyftidufti. Bætið hveitiblöndu og vatni varlega út í eggjablönduna.*

*Smyrjið tvö tertuform með örþunnu lagi af smjörlíki, setjið hálfa matskeið af hveiti í hvort form og hristið til þar til hveitið þekur allt formið upp á barma. Hellið afgangshveiti úr formunum.*

*Skiptið deiginu jafnt í formin tvö, setjið í miðjan ofn og bakið í 10–20 mínútur við 200°C.*

*Þegar botnarnir eru tilbúnir (örlítið farnir að losna frá brúnum formsins), eru þeir teknir úr ofninum, kælið. Losið botnana úr formunum áður en þeir eru alveg kaldir. Setjið botnana á smjörpappír og fullkælið. Ef geyma á þá til næsta dags setjið í plastpoka. Einnig er hægt að frysta botnana og geyma.*



**Skreyting:**
½ ds kokkteilávextir
500 ml rjómi
300 ml rommfrómas frá Kjörís

*Þeytið rjómann, síið í glas allan vökva af ávöxtunum.*

*Setjið annan botninn á tertudisk og bleytið í honum með því að setja um 4 msk. af ávaxtavökvanum yfir. Smyrjið frómasi jafnt yfir botninn, setjið ávextina jafnt yfir frómasinn, geymið 2-3 msk. til skreytinga. Smyrjið þunnu lagi af þeyttum rjóma yfir ávextina.*

*Setjið seinni botninn yfir. Smyrjið þunnu lagi af þeyttum rjóma ofan á kökuna. Skreytið með afganginum af ávöxtunum. Setjið afganginn af þeytta rjómanum í rjómasprautu og sprautið honum í lóðréttum línum á hliðar tertunnar allan hringinn.*

**Pönnukökur**
160 g hveiti
½ tsk. salt
½ l nýmjólk
½ tsk. lyftiduft
1 egg
30 g smjörlíki

*Blandið saman hveiti, salti og lyftidufti. Setjið egg út í og hrærið saman við. Bætið um helmingi af mjólkinni út í og hrærið þar deigið er alveg laust við kekki. Bætið þá afganginum af mjólkinni við og hrærið létt saman.*

*Bræðið smjörlíkið á pönnukökupönnu og hellið saman við deigið og hrærið létt saman.*

*Setjið um 100 ml af deigi á heita pönnukökupönnuna og veltið svo það dreifist um alla pönnuna. Þegar ysta brún hefur bakast þá rennið hníf eftir brúninni svo losni frá pönnunni. Snúið pönnukökunni við. Setjið svo á disk. Endurtakið þar til deigið er búið.*



Kaffið hefur verið mörgum tónlistarmönnum hugleikið.

# Kaffi í dægurlögum

**Kaffi er drukkið í milljóna lítratali um heim allan á hverjum degi og hafa áhrif þess vafalaust reynst mörgum tónlistarmanninum og textahöfundinum innblástur í gegnum tíðina. Margir hafa þó gengið skrefinu lengra og beinlínis sungið um kaffi, eins og dæmin sýna.**



Bob Marley vildi One Cup of Coffee en nafni hans Dylan var stórtækari og fékk sér One More Cup of Coffee.

Kántrígoðsögnin Johnny Cash heitinn söng um A Cup of Coffee og eitt af fyrstu lögum ekki minni snillings, reggímeistarans Bob Marley, hét einmitt One Cup of Coffee. Sýndu þeir félagarnir Johnny og Bob af sér talsverða hófstillingu í kaffiaðdáun miðað við þá Bob Dylan, sem vildi One More Cup of Coffee, hljómsveitina The Jayhawks sem heimtaði 5 Cups of Coffee og sjálfan Tennessee Earnest Ford, sem lét sér ekki nægja færri en 40 Cups of Coffee.

Britpoppararnir og Íslandsvinirnir í Blur gerðu lagið Coffee and TV vinsælt hér um árið og hið sama gerðu landar þeirra í Spandau Ballet og Squeeze, sem dásömuðu Coffee Club og Black Coffee in bed.

Æringjarnir í Baggalúti gerðu Kaffi og sígó að umfjöllunarefni á plötunni Pabbi þarf að vinna, Bjartmar Guðlaugsson söng um Kaffi Tröð og Sniglabandið gerði allt vitlaust með Gunnakaffi um miðjan níunda áratuginn.

Þá vildi Róbert bangsi fá Kaffi strax á plötu samnefndri bangsanum.

*- kg*





Kaffivélarnar frá Illy fast í völdum verslunum:
Árvirkinn Selfossi, Byggt og búið Kringlunni, Fastus Síðumúla, Geisla Vestmannaeyjum, Heimilistækjum Suðurlandsbraut, Kokka Laugavegi, Byko Akureyri, Elko Keflavíkurflugvelli.

# ;HELGIN

**Á GÓÐRI STUND** Bæjarhátíð Grundfirðinga hefst í dag. Meðal þess sem verður í boði er götubolti, dorgveiði, kassabílakeppni, Brúðubíllinn, fimleikasýning, tónleikar og bryggjuball.





Útilíf. 11.990 kr.



Cintamani. 19.990 kr.



Útilíf. 19.990 kr.



Útilíf. 34.990 kr.



Útilíf. 22.990 kr.



Cintamani. 44.990 kr.



Cintamani. 23.990 kr.

# Flott í ferðalagið

**Margir hafa sennilega hugsað sér til hreyfings um helgina enda ýmislegt að gerast víða um land. Gott er að eiga góðan útivistarfatnað þegar lagst er út og ekki verra ef hann er svolítið flottur.**

Þegar farið er í útilegu á Íslandi er vissara að vera við öllu búinn. Góð úlpa er nauðsynlegur ferðafélagi og gott að eiga einhverja hlýja peysu til að bregða sér í ef það kólnar snögglega eða ef halda á fjörinu uppi fram eftir nóttu.

Auðvelt er að finna fallegar flíkur í ferðalagið í íslenskum verslunum og má hér sjá brot af því sem er í boði.

*emilia@frettabladid.is*

KYNNING



## Grillbrauð frá Wewalka

Grillbrauðið smakkast vel með flestum mat. Einng er það frábært eitt og sér sem smáréttur eða forréttur. Skoðaðu fleiri uppskriftir með grillbrauði á www.godgaeti.is




## Humar á grillbrauði

**Hráefni**
Grillbrauð frá Wewalka
1 poki ódýr humar
Steinseljubúnt
2 hvítlauksrif
Smjör

**Fyrir sósuna:**
3 msk. mæjónes
3. msk. sýrður rjómi
1 tsk. hvítvínsedik
2 msk. kapers saxaður
2 msk. saxað dill
1-2 tsk. gróft sinnep

**Aðferð**
Steikið humar í smjöri, hvítlauk og steinselju, saltið aðeins og piprið í lokin. Kælið.

Blandið saman öllu hráefni fyrir sósuna í skál og hrærið saman.

Skerið hvert brauð í þrennt. Setjið sósu á brauðið ásamt einum humri, skreytið með steinselju eða dilli og berið fram.

**Aðferðir við að grilla brauðið**
Hafið grillið á miðlungshita. Klippið lengjurnar þversum fyrir miðju ásamt pappírnum þannig að til verða 8 lengjur af grillbrauði en ekki 4 lengjur. Grillið samkvæmt leiðbeiningum en einnig má setja grilldeigið með bökunarpappírnum beint á grillið. Það kviknar ekki í pappírnum. Snúið deiginu við þegar það hefur lyft sér vel og takið þá bökunarpappírinn af eins og sjá má á myndinni hér til hliðar. Lækkið hitann. Setjið það álegg sem á að nota eða penslið deigið með góðri kryddolíu og grillið þar til kominn er réttur litur á brauðið.



# Listsköpun í eldi

**Smiðjuhátíð hefst á Seyðisfirði í dag og stendur fram á sunnudag.**

Hin árlega Smiðjuhátíð Tækniminjasafns Austurlands á Seyðisfirði hefst í dag klukkan 14.00, en hún er nú haldin í fjórða skipti. Á Tækniminjasafninu er meðal annars að finna fyrstu ritsímastöðina á Íslandi, fyrstu vélsmiðjuna á Austurlandi og eina af fyrstu vatnsaflsvirkjunum landsins.

Hátíðin er bæði skemmtileg og fræðandi fjölskylduhátíð. Hægt verður að sjá handverksmenn vinna og skoða handverk á safnasvæðinu. Þar verður steypt úr málmi, smíðað í eldsmiðju, spunnið og fléttað úr hrosshári, smíðaðir físibelgir og margt fleira. Þrjú handverksnámskeið verða í boði fyrir áhugasama.



Hægt verður að fylgjast með handverksfólki smíða í eldsmiðju.

Margt fleira verður í boði og má þar nefna bryggjuball við Angró annað kvöld þar sem hljómsveitin 56 Riff spilar fyrir bæði gömlum og nýjum dönsum. Fastasýningar Tækniminjasafnsins verða opnar alla dagana frá klukkan 11 til 17.

*- eö*



Tónlistarflutningur verður í Borgarvirki í kvöld.

# Tónar í Borgarvirki

**Eldur í Húnaþingi er unglistahátíð sem sem hefst í dag en hún hefur verið haldin árlega síðan 2003.**

Unglistahátíðin Eldur í Húnaþingi hefst í dag og stendur fram á sunnudag .Einn helsti viðburður hátíðarinnar er tónlistarflutningur í Borgarvirki sem fer fram í kvöld.

Annað sem verður í boði er meðal annars töfrabragðanámskeið fyrir krakka, sápurennibraut, heimsmeistaramót í kleppara og barnaball.

*- eö*

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 23. júlí 2010



Sonja Bent og Erna Óðinsdóttir taka þátt í tískuvikunni í Kaupmannahöfn

## PRJÓNAÁHUGINN Í ARF

+ ÍSLENSKAR STELPUR HANNA SUNDFÖT + ÖMMULEGUR HIPPAROKKSTÍLL
FRÁBÆR DAGUR HJÁ GUNNA THORVALDS + NÝ VERSLUN Í MIÐBÆINN+





Acer Extensa 5235 -901G16Mn
- 2.2Ghz Intel Celeron M 900 örgjörvi
- 1GB DDR3 1066MHz minni
- Intel GMA X4500 skjákort
- 160GB SATA diskur
- 15.6" WXGA LED breiðskjár
- Windows Vista Home Basic

FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ
Kr. 77.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ kannaðu undirdjúpin!

## EINAR ÞORSTEINSSON FRÉTTAMAÐUR

Ég ætla á fjölskylduhátíð sumarsins „Halló Hörðudalur“ þar sem fjölskyldan ætlar að hittast í sumarbústað foreldra minna. Við systkinin erum fjögur og öll búin að vera sitt í hverju landinu eða landshlutanum síðasta vetur. Sex barnabörn og hundurinn Tinna sjá svo um að halda stuðinu gangandi.

helgin MÍN





### Einn í viðbót

Kylie Minogue hefur bæst í ört stækkandi aðdáendahóp íslenska tónlistarmannsins Jónsa, sem oftast er kenndur við Sigur Rós. Jónsi gaf út á þessu ári sína fyrstu sólóplötu, Go, sem fengið hefur afbragðsgóða dóma. Kylie lýsti því yfir í samtali við vefsíðuna wonderwall.msn.com að henni þætti platan hreint út sagt ótrúleg og þá sérstaklega lagið Grow Till Tall, það væri einstaklega fallegt.

### Sigurjón fær sjónvarpsstjörnu

Tökur á kvikmyndinni The Killer Elite standa nú yfir en meðal framleiðenda myndarinnar er Sigurjón Sighvatsson. Stórleikarinn Robert De Niro fer með eitt aðalhlutverkanna í myndinni auk bresku hasarmyndastjörnunnar Jasons Statham. Helsta kvenhlutverkið er í höndum Yvonne Strahovski en hún leikur einmitt Söruh Walker í gamanþáttunum Chuck sem slegið hafa í gegn hér á Íslandi.



þetta HELST

Hera Guðmundsdóttir og Steinunn Björg Hrólfsdóttir hanna sundföt:

# BIKINÍ FYRIR ALLA

Okkur langaði að gera eitthvað skemmtilegt í sumar og datt í hug að hanna saman sundboli. Okkur fannst alveg sérstakt að ekki væri þegar til íslenskt sundfatamerki þar sem sundið er svo stór partur af íþróttaiðkun landans,“ segir Hera Guðmundsdóttir sem er annar hluti hönnunartvíeykisins LAUG. Hera og Steinunn Björg Hrólfsdóttir, hinn helmingur tvíeykisins, luku nýverið fyrsta ári við fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands. Segir Hera að viðbrögð kvenna við línunni hafi komið þeim stöllum skemmtilega á óvart. „Viðtökurnar hafa verið mjög góðar og fólk hefur sýnt þessu mikinn áhuga. Við erum þessa stundina að leita að saumakonu til að aðstoða okkur við að koma sundbolunum í framleiðslu og vonandi gerist það á næstu vikum.“

Sundfatnaðurinn hefur sterka skírskotun í tísku sjöunda áratugarins og eru buxurnar hærri upp í mittið en hefur viðgengist undanfarin ár. „Bolirnir eiga að klæða alla. Þeir eru hvorki of flegnir né of berir og í raun eru þetta bara falleg stykki sem gaman er að sýna sig í,“ segir Hera.

Hægt er að leggja inn pöntun til stúlknanna með því að senda fyrirspurn á netfangið laugswimwear@gmail.com.

- sm



**Falleg sundföt** Sundfötin hafa sterka skírskotun í tísku sjötta áratugarins.

MYND/MARÍA GUÐRÚN RÚNARSDÓTTIR



**Laug** Hera Guðmundsdóttir segir viðbrögð manna við sundfatnaðinum hafa komið sér og Steinunni Björgu Hrólfsdóttur skemmtilega á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


# Tiltekt í Flash

Skokkar ~~áður 16.990~~ Nú 7.990

Kjólar ~~áður 14.990~~ Nú 5.990

Mussur ~~áður 9.990~~ Nú 4.990

Bolir ~~áður 3.990~~ Nú 2.000




FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201


Geysir er ný verslun í miðbænum

# Þjóðleg stemming

Uppistaðan í búðinni er íslensk hönnun og aðaláherslan lögð á ullarvörur,“ segir Nanna Þórdís Árnadóttir, verslunarstjóri í búðinni Geysi, sem opnaði í vikunni á horni Skólavörðustígs og Óðinsgötu. Búðin selur til að mynda vel valdar vörur frá merkjunum Farmers Market og Spakmannsspjörum ásamt útivistarfatnaði frá 66°norður en aðallega verður þarna eigin hönnun. „Við erum með okkar eigið merki sem heitir Geysir og er hannað af Auði Karítas Ásgeirsdóttur fatahönnuði og eru prjónaðar flíkur í alls konar myndum.“

Nanna segir búðina stilla sig inn á að vera þjóðleg verslun fyrir Íslendinga en innréttingar í búðinni hafa vakið athygli. Þær eru hannaðar af leikmyndahönnuðinum Hálfdáni Petersen „Það var ekkert nýtt keypt inn og allt efni fundið í íslenskri náttúru. Það býr til sérstaka og skemmtilega stemmingu í búðinni.“




**Geysir** Búð með alls konar íslenska hönnun.

✻ augnablikið



**SPÆNSK ÁHRIF** Ný baðfatalína sundfataframleiðandans Nicolita fyrir árið 2011 voru augljóslega undir spænskum flamenco-áhrifum. Nicolita-baðfötin eru yfirleitt sérstaklega kvenleg og framleiðendurnir hafa gjarnan framleitt baðföt undir áhrifum 5. og 6. áratugarins. Baðfötin voru frumsýnd á Mercedes-Benz tískuvikunni í Flórída.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Anton Brink
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is sími 512 5462 **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN Á ÞÚSUNDUM VARA
KÍKTU TIL OKKAR Í THE PIER

# Allt að 70% afsláttur

the PIER
kemur stöðugt á óvart
www.pier.is
afsláttur gildir til 1. ágúst

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

erna





**Erna hannar undir heitinu Kurlproject og vinnur hún mikið með íslensku ullina í bland við önnur náttúruleg efni líkt og silki og bómull. Flíkurnar eru flestar klassískar í sniðinu en pífur gerðar úr íslenskri ull setja einnig sterkan svip á flíkurnar. Erna býr og starfar á Flúðum og segist hún fá margar heimsóknir á vinnustofuna frá ferðamönnum sem eiga leið um sveitina.**

sonja





**Sonja hannar prjónaflíkur undir eigin nafni. Hún segist afskaplega upptekin af doppum um þessar mundir og má glögglega sjá það í hönnun hennar. Doppótta línan inniheldur peysur á bæði kynin, sokka, slaufur auk annarra fylgihluta.**



**Fara út á tískuviku** Sonja Bent og Erna Óðinsdóttir hanna báðar skemmtilegar flíkur úr prjónaefni. Þær eru á meðal þeirra íslensku hönnuða sem taka þátt í tískuvikunni í Kaupmannahöfn í ágúst.

# MIKIÐ HARK AÐ V
# HÖNNUÐUR Í DA

**Erna Óðinsdóttir og Sonja Bent eru á meðal þeirra íslensku hönnuða sem taka þátt í tískuvikunni í Kaupmannahöfn 12.-14. ágúst. Þær munu sýna hönnun sína á CPH Vision ásamt fjórum öðrum upprennandi hönnuðum, en CPH Vision leggur áherslu á nýja og framsækna hönnun.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Myndir:* Anton Brink

Sonja útskrifaðist frá fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands árið 2008 og hannar hún litríkar prjónaflíkur undir eigin nafni. Erna útskrifaðist sem klæðskerameistari árið 2004 frá Iðnskólanum í Reykjavík og hannar fallegar og klassískar flíkur meðal annars úr íslenskri ull undir heitinu Kurlproject. Þær stöllur eru einnig á meðal þeirra efnilegu hönnuða sem reka hina skemmtilegu verslun Kirsuberjatréð við Vesturgötu, en verslunin er eins konar samstarfsverkefni nokkurra hönnuða.

### HANNYRÐIR Í ARF

Talið berst strax að hönnun og prjónaskap og segjast Sonja og Erna báðar hafa fengið prjónaskapinn í arf frá mæðrum sínum sem eru að þeirra sögn miklar hannyrðakonur.

Sonja: „Ég nota prjónavél og bý flíkina til frá grunni þannig að þegar flíkin kemur úr vélinni á ég bara eftir að sauma hana saman.“

Erna: „Ég nota íslensku ullina mjög mikið eina og sér en reyni að nota hana einnig með öðrum náttúrulegum efnum svo sem hör, silki og bómull. Munurinn á mér og Sonju er að ég fæ prjónaefni á stranga og svíð flíkina úr því á meðan hún „sníður“ flíkina um leið og hún prjónar.“

Af hverju kjósið þið að vinna með prjónaefni frekar en önnur efni?

Sonja: „Ég er búin að vera með einhvern ægilegan „fetish“ fyrir prjóni í mörg ár. Ég hugsa að ég hafi fengið hann beint í æð sem barn. Móðir mín var ein af þeim sem stofnuðu Vélprjónasamband Íslands og á þeim tíma prjónaði hún eins og herforingi með mig í vöggu við hliðina á sér. Þegar ég var táningur fékk ég mömmu svo til að kenna mér á þessa undramaskínu og ég hef ekki getað stoppað síðan.“

Erna: „Ég kynnist þessu á annan hátt en Sonja, það er að segja, ég kynntist þessu ekki í gegnum prjónavél heldur er ég alin upp við mikinn prjónaskap og hannyrðir. Mamma prjónaði lengi peysur fyrir Álafoss og sat oft með mig í fanginu á meðan hún vann. Auk þess byrjaði ég sjálf að prjóna og hanna mynstur mjög ung þannig að áhugi minn á prjónaskap tengist held ég uppeldinu mjög mikið. Svo endaði ég náttúrulega á að nálgast prjónið í gegnum saumavélina sem er mjög ólíkt því að handprjóna flík.“

### FARA EIGIN LEIÐIR

Stúlkurnar fara eigin leiðir í hönnuninni og senda til að mynda ekki frá sér nýjar línur á hverju hausti og vori líkt og viðgengst í tískuheiminum. Af hverju ákváðuð þið að fara þá leið?

Erna: „Ég tók þá ákvörðun strax að senda bara frá mér eina línu á ári. Mér hefur ekki hugnast að vinna vor- og haustlínur fram að þessu, en svo á eftir að koma í ljós hvort ég kemst upp með að haga mér svona í framtíðinni,“ segir Erna og hlær. „Ég hanna flíkurnar mikið út frá sjálfri mér og geri föt sem ég gæti sjálf hugsað mér að eiga í fataskápnum. Flíkurnar eru flestar klassískar og ég vil að hægt sé að nota þær við hvaða tilefni sem er,“ segir hún, en pífur gerðar úr íslenskri ull setja sterkan svip á fatnaðinn og eru eitt aðaleinkenni Kurlproject.

Sonja: „Mér hefur þótt skemmtilegra að búa til smærri línur sem eru ekki endilega bundnar


Veiðikortið 2010

Veiddu í 32 vatnasvæðum vítt og breitt um landið fyrir aðeins

6.000 kr.

Vegleg handbók fylgir hverju seldu korti




Nánari upplýsingar á www.veidikortid.is

Fæst hjá N1, veiðibúðum, www.veidikortid.is og víðar!
Frí heimsending þegar keypt er á www.veidikortid.is

ALLT HEILSA

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447



VERA
G

við einhvern sérstakan árstíma. Ég fékk æði fyrir doppum fyrir nokkru og hef verið að þróa litla peysulínu fyrir bæði kynin síðan í vetur. Sú lína einkennist aðallega af doppum og slaufuprýddum peysum.“

## SÝNA Á TÍSKUVIKUNNI

Tískuvikan í Kaupmannahöfn hefur verið haldin árlega allt frá árinu 1998 og er markmið hennar að kynna norræna hönnun í bland við önnur alþjóðleg hönnunarmerki. Viðburðurinn hefur vaxið og dafnað undanfarin ár og í fyrra sóttu um 30.000 gestir hátíðina. Þetta er í annað sinn sem Sonja tekur þátt í tískuvikunni og segir hún viðburðinn með þeim flottari sem hún hefur sótt enda sé mikið í hann lagt. Útflutningsráð styrkir íslensku hönnuðina sem taka þátt í CPH Vision, en auk Sonju og Ernu fara einnig Kron by Kron Kron, Royal Extreme, E-Label og Birna út í ágúst. Eruð þið spenntar fyrir tískuvikunni?

Sonja: „Ég er svo heppin að básinn minn er við hliðina á kampavínsstofunni þannig að ég ætla bara að sitja þar og sötra kampavín á meðan aðstoðarmaðurinn sér um básinn,“ segir hún og hlær. „Annars eru þeir íslensku hönnuðir sem taka þátt í CPH Vision í ár allir mjög ólíkir. Þetta eru ung og fersk merki og ég held að íslenski básinn eigi eftir að verða mjög skemmtilegur.“

Erna: „Ég er sammála Sonju, íslensku hönnuðirnir eru áberandi ólíkir og ég held að þetta eigi eftir að verða mjög spennandi og skemmtilegt.“

Mikinn undirbúning þarf þegar taka á þátt í stórviðburði sem þessum og hafa stúlkurnar staðið í ströngu við að undirbúa förina. Þátttakan kostar einnig sitt og hlutu Erna og Sonja ferðastyrk frá flugfélaginu Iceland Express auk þess sem hönnun þeirra verður seld um borð í vélinni á leiðinni til Kaupmannahafnar.

Erna segir ómetanlegt fyrir unga hönnuði að fá fjárhagsaðstoð sem þessa. „Við munum að öllum líkindum ekki koma heim með neitt nema reynsluna og þess vegna skiptir svo ofboðslega miklu máli að fá hjálp og líka að finna fyrir því að fólk er tilbúið til að leggja manni lið,“ segir hún.

Hvaða væntingar hafið þið til ferðarinnar?

Erna: „Við lítum fyrst og fremst á þetta sem reynslu og lærdóm, en ég held að þetta sé einnig gott tækifæri fyrir mig til að sjá hvernig landið liggur. Auðvitað er maður að sækjast eftir viðskiptum og viðskiptasamböndum en ég tel að það sé jákvætt að gera sér mjög hóflegar vonir með það. Maður þarf fyrst að skoða og upplifa áður en maður byggir upp væntingarnar.“

Sonja: „Ég er sammála, þetta verður fyrst og fremst mikill lærdómur. Það er mikilvægt að fá tækifæri til að prófa sig áfram og fá viðbrögð manna við hönnun sinni.“

## HARK Í TÍSKUHEIMINUM

Þó að stúlkurnar viðurkenni að þær hafi gaman af því að hanna og sauma segja þær mikið hark að starfa sem hönnuður í dag. Þær segja mikla hættu á því að ungir hönnuðir nái ekki flugi vegna þessa og segja mikilvægt að geta bjargað sér sjálfur frá grunni.

Er erfitt að vera sjálfstætt starfandi hönnuður?

Erna: „Það er mikið óöryggi sem fylgir þessu og það er líka hárfínn þráður milli þess að vera sjálfstætt starfandi atvinnurekandi og að vera þræll sjálfs síns. Maður þarf að vera bæði þrjóskur og ofboðslega vinnusamur, en þetta er auðvitað líka afskaplega skemmtilegt og ég tel mig heppna að geta starfað við þetta á annað borð.“

Sonja: „Já, þetta er hark, en þrátt fyrir það þá veit ég fátt skemmtilegra en að sitja og sauma saman á meðan ég hlusta á gömlu, góðu Gufuna,“ segir Sonja brosandi.




**Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar.** Opið alla daga frá 8 til 22.
Geysir Haukadal og Geysir Skólavörðustíg 16.

# núna

✻ rótaðu eftir fjársjóðnum

**STELLA MCCARTNEY** er þekkt fyrir ilmvötn sem bera með sér angan af sumri og Nude er þar engin undantekning. Ilmurinn er blanda af marokkóskum garðrósum, vanillu, greip og trjákvoðu, unaðslegur sem sagt.





Tinna Sverrisdóttir leiklistarnemi í Listaháskóla Íslands

## HIPPAROKKSLEGUR ÖMMUSTÍLL

***Hvernig myndir þú lýsa fatastílnum þínum?*** Litríkur og fjölbreytilegur „hipparokks-ömmustíll“.

***Hvað veitir þér innblástur í klæðaburði?*** Veðrið.

***Hvaða fataverslanir eru í eftirlæti?*** Mér finnst skemmtilegast að versla á mörkuðum bæjarins og fá að róta innan um alls konar föt og fínerí.

***Eftirlætisflíkin þín?*** Þar er um ansi margt að velja og breytist dag frá degi. Í augnablikinu er það ljós gamaldags síðkjóll sem ég er nýbúin að kaupa mér í Rokki og rósum. Hann er ótrúlega fallegur og elegant.

***Hver er tískufyrirmyndin þín?*** Ég á enga sérstaka fyrirmynd, hef bara fundið minn stíl smám saman með því að leyfa konum úr öllum áttum að hafa áhrif á mig. En mamma er klárlega best klædda konan að mínu mati!

***Hvað kaupirðu þér alltaf, þótt þú eigir nóg af því fyrir?*** Nærföt og kjóla.

***Fylgihlutur í eftirlæti?*** Taskan mín! Get ekki án hennar verið, enda leynast ótrúlegustu hlutir ofan í henni. Eftirlætisskartið mitt er svo demantshringur sem amma og afi gáfu mér í fermingargjöf. Ég er líka alltaf með eyrnalokka, finnst ég vera hálfnakin án þeirra.

***Litir í eftirlæti?*** Ég hef alltaf heillast af björtum litum því þeir veita mér gleði. En þessa dagana er ég veik fyrir pastellitum, sem mér finnast bæði fallegir og róandi.

***Hverju finnst þér þægilegast að klæðast?*** Gammó og kósí kjóll verða ofast fyrir valinu. Annars er ég mjög oft í „boyfriend fit“ gallabuxunum mínum, hlýrabol og einhverri þægilegri peysu eða gollu við. En það toppar ekkert náttkjólinn og þykku mjúku sokkana mína.










**1** Eftirlætishælaskórnir, keyptir í Topshop.
**2** Kósípeysan af markaði hjá Hinu húsinu.
**3** Rómantískur kjóll úr Rokki og rósum.
**4** Sumarsamfestingurinn minn í ár, úr Rokki og rósum.
**5** Taska úr Spútnik sem Tinna skilur aldrei við sig.
**6** Uppreimaðir skór í smá indíánastíl sem Tinna fékk í GS-skóm.











Allar græjur fyrir verslunarmannahelgina!

Sérblað Fréttablaðsins fyrir verslunarmannahelgina

Kemur út miðvikudaginn 28. júlí

**Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:**

Hjörtur Ingi
• hjortur@365.is
• sími 512 5429

Bjarni Þór
• bjarni thor@365.is
• sími 512 5471

Sigríður
• sigridurh@365.is
• sími 512 5432

## Nýtt á Nings

framandi og spennandi ís með suðrænum ávöxtum




Allir viðskiptavinir Nings fá frían ís í eftirrétt

# Við erum í sumarskapi

og gefum öllum viðskiptavinum okkar ljúffengan ís með nýjum og spennandi bragðtegundum föstudag, laugardag og sunnudag

# NINGS

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 við Gullinbrú • Hlíðasmára 12 Kópavogi

Sími 588 9899 • www.nings.is





# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Gunni Thorvalds, grafískur hönnuður.**

**1** Morgnarnir eru ekki minn besti tími. Ríf mig samt fram úr og fer í nudd til að undirbúa mig fyrir átök dagsins.




**2** Að því loknu hittir maður félagana í kampavíns-„lunch“ þar sem farið verður yfir stöðuna og spáð aðeins í spilin.

**3** Trítla síðan til Hairdoctorsins sem tekur nettan snúning á gráu lokkunum. Það er sko ekki ókeypis að vera kallaður Silfurrefurinn!





**4** Til að kóróna lúkkið þá kíkir maður til G.Jör og lætur hann dressa sig upp. Fötin skapa meistarann.

**5** Auðvitað endar maður síðan daginn á yndislegu stefnumóti með yndisfagurri yngismeyju.




# Goran Superform

## brennsla | styrking | liðleiki | þyngdartap

Goran Micic íþróttafræðingur hjálpar þér að ná líkamlegum og huglægum framförum og stíga örugg en einföld skref í átt að bættri heilsu.

**Superform matartaska**

Matartaskan inniheldur allan mat sem þú þarft yfir daginn og er útbúin sérstaklega af Goran fyrir þig með þína orkuþörf í huga og tryggir þér þannig hámarks árángur í ræktinni.

**Vilt þú:**

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfið og heilsuna?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?



Kenndir eru 5 tímar á viku og kemst takmarkaður fjöldi að. Þáttakendur fá persónulega næringaráðgjöf hjá Goran og ráðgjöf við matarinnkaup. Boðið er upp á frítt herðanudd í pottum eftir hverja æfingu.

**Þitt er valið:**

| 4 vikna námskeið | 6 vikna námskeið | 8 vikna námskeið |
|---|---|---|
| Verð án matartösku: 29900.- | Verð án matartösku: 39900.- | Verð án matartösku: 49900.- |
| Verð með matartösku: 59900.- | Verð með matartösku: 79900.- | Verð með matartösku: 89900.- |

Námskeiðið er hægt að greiða með léttgreiðslum til þriggja mánaða. Námskeiðið hefst 3. ágúst en þú getur byrjað núna!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | www.grandspa.is

GrandSpa



TAKTU FLOTTAR MYNDIR Á FRÁBÆRAR MYNDAVÉLAR FRÁ OLYMPUS SAMSUNG CASIO

OLYMPUS FE-4030



Stafræn myndavél
14 milljón pixlar
4x aðráttarlinsa
(26-105 mm)

*Til í tveimur litum: Brún og hvít*

***Verð kr: 24.900,-***

SAMSUNG SMX-F30LP



*Hágæða videó upptökuvél*

Vídeó upptaka (720 x 480 @60i )
2,7” LCD snertiskjár í Full HD upplausn
34 x Optical Zoom / Notar SD/SDHC kort

***Verð kr: 39.900,-***

CASIO EX-Z35



Stafræn myndavél
12.1 milljón pixlar
3x aðdráttarlinsa
(35,5-106,5mm)

*Til í tveimur litum: Svört og silfur*

***Verð kr: 22.900,-***

ORMSSON

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR: www.ormsson.is

VERSLANIR UM LAND ALLT




## Fjórhjól

Til sölu Suzuki King Quat 700 ,07. Ek. 5þ. Clutchkitt, tölvukubbur, 26" dekk, 2stk bensínbrúsar. ATH. að taka endurohjól upp í. Uppl. í S. 696 1597.

## Kerrur



Villtu smíða kerruna sjálfur? Við eigum efni til kerrusmíða frá AL-KO. Öxla, raflagnir, ljós, bretti, kúlutengi, nefhjól, 13" dekk og fl. www.topplausnir.is Lyngás 8, Garðabæ s: 898-7126

## Hjólhýsi

LMC - Munstrland 560 árg. ,06 kojuhús til sölu skipta koma einnig til greina uppl: 892 3701.



Knaus Eurostar 560 til sölu. Sólarsella, flatskjár, markisa, fortjald o.fl. Vandaðar innréttingar. V. 2.990 þús S. 861 7414.



Hymer Eriba Nova 680 GL árg. 08 (09). Kojuhús af stærstu og flottustu gerð með öllu þ.á.m. sólarsella, tveir 100apm rafgeymar, TV loftnet o.fl. Ekkert áhv. Engin skipti. Verð: 5,8 millj. Sími 898 3420

## Fellihýsi



Fleetwood E1 fellihýsi árg. ,07 hlaðin aukabúnaði v-2.500þ. uppl. i s: 660 4060.



Starcraft 11fet árg. ,08 eitt með öllu ásett Verð 2.350þ. Skipti á ódýrari koma til greina.. Uppl. í s. 840 6013.

Coleman fellihýsi til sölu. 7ft. V. 450þ. Uppl. í S. 898 0885

Til sölu nýsk. fellihýsi Coleman Sedona árg. ,02 M/ísskáp, grjótgrind, markísu, 2 gaskútum og nýrri sólarsellu. Ásett verð kr. 1.150 þ. Uppl. í s. 820 3588, Gísli.

Ónotað fortjald á Coleman Cheyenne, 11ft til sölu. V. 180þ. Uppl. í S. 820 8850

## Tjaldvagnar

Til sölu Montana tjaldvagn með fortjald, árgerð 2004. Verð 550.000 kr. Staðgreitt. 8255146.

## Vinnuvélar




## Bátar




## Kajakar

- Sjókajak óskast. Ásamt ár, svuntu og því sem tilheyrir. Uppl. í s. 8998550

## Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

**partabílar.is 770-6400**

Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Kangoo & Skoda Oktavia ,02. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Óska eftir tramp-ólíni. Uppl. í s. 892 7852.




**Bílapartasala**

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045**

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97, Civic ,99. Golf ,95. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

## Viðgerðir



**Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.**

Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11

# ÞJÓNUSTA

## Veitingastaðir

Kínahofið Tilboð. Súpa og 4 smáréttir kr. 1450 kr. tekið með. 1590 ef borðað er á staðnum. Nýbýlavegi 20 Kóp. S. 554 5022.

## Þjónusta




## Hreingerningar

Tek að mér þrif í heimahúsum, leikskólum, skólum og skrifstofum. S. 663 7712.

**Vy-þrif ehf.**

Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

**A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662**

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja










Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.










**Trjáklippingar**

Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

**HELLULAGNIR - LÓÐAGERÐ**

Láttu fagmann vinna verkið, yfir 20 ára reynsla, þekking, ráðgjöf og vönduð vinna. Uppl. 771 3030, Trausti.

Garðaumsjón: Vanti þig slátt, úðun eða aðra þjónustu í garðinum er ég tilbúinn uppl: 698 1215 Halldór Garðyrkjumaður.

**Er öspin til ama ?**

Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar



**Málun**

**~~25% afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara~~**

Innan sem utan. Fagleg vinnubrögð. Margra ára reynsla. Fáðu tilboð strax í dag. Haukur, S. 777 3374.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

**Málarameistari**

Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




**Húsaviðgerðir**

Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Allt viðhald fasteigna. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

**N & V Verktakar ehf**

Flísar - parket - mála - múrarar - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratugareynsla. S. 867 7753.

Smiðir.Tveir vanir smiðir geta bætt við sig verkefnum. Vanir bæði nýbyggingum og viðhaldi. S:892-2588

ÍSLANDS MÁLUN
ÞARF AÐ FARA HUGA AÐ VIÐHALDI Á HÚSINU?
ER KOMINN TÍMI Á AÐ MÁLA?
TÖKUM AÐ OKKUR :
Múrviðgerðir, flotun, múrhúðun, flísalagnir, úti, inni og þakmálun, spörtlun og fleira
Komum og gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu!
Elías Raben
Múrarameistari
S. 770 3686
eliasraben@gmail.com







**www.smidaland.is**
Nýsmíði - viðhald - gluggar -sólpallar - öll smíði. S. 772 0040.

## Tölvur

ÓDÝRAR TÖLVUVIÐGERÐIR
start TÖLVUVERSLUN
Sími 544-2350 - Bæjarlind 1, Kópavogi
www.start.is

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr. án VSK
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Lítil og nett fartölva, ca 6 mánaða. Mjög lítið notaður örbylgjuofn. S. 841 0155

## Rafvirkjun

RAFLIST
Löggildir rafverktakar
Getum bætt við okkur allri almennri raflagnavinnu.
Nýlagnir og viðhaldsvinnu.
Uppl. í s. 823 8860 & 696 0502
www.raflist.is

## Nudd

SUMARTILBOÐ! Unaðsnudd í boði, komdu og leyfðu okkur að dekra við þig. S: 692 1123.

Eðalnudd! Veldu það besta! Frábær tilboðsverð í dag. S. 659 6019.

## Önnur þjónusta

**Sjóstöng, Sjóstöng.**
Bjóðum uppá sjóstangveiði frá Reykjavíkurhöfn. Sérferðir ehf S:892-0099.

# KEYPT & SELT

## Til sölu






Trjákurlari, bensín 5hp B&S. Verð kr.35. þ. Sími 898 3420.

**Rúllugardínur**
Þessar gömlu góðu, margir litir, afgreiðslan opin 14-17. Gluggakappar sf. Reyðarkvísl 12, Ártúnsholti, s. 567 1086.

Til sölu ensk pund. pundkronur@gmail.com

## Gefins

Er að flytja út og ætla að gefa búslóðina. M.a. sjónvarp, rúm o.fl. S. 777 5573, Mikael.

## Óskast keypt

**Vantar stóra þvottavél, vaskator,**
**stóran þurrkara og þeytivindu.**
**Má þarfnast lagfæringar.**
**Uppl. í S. 690 2409**

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Heimilistæki

**Þvottavélar, varahlutir.**
Til sölu yfirfarnar þvottavélar. Tökum bilaðar upp í. Einnig mjög ódýrir VARAHLUTIR í þvottavélar. S. 847 5545, Síðumúli 37.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. Kassagítar Tilboð kr. 49.900.- m/pikup, kassagítar kr. 11.900.- innbyggður tuner, 10W magnari, poki, snúra, ól, auka strengjasett og e Media kennsluforrit í tölvu. Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 33.900.- Þjóðlagagítar frá 17.900.- Þjóðalagagítar með poka. ól. stilliflautu. emedia kennsludisk á kr. 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Ótrúleg verð á gipsplötum (12.5 x 1200 x 2600) 2.050 kr. m.vsk platan - S:555-7905 www.ulfurinn.is

## Verslun




Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

## Ýmislegt



NUDDPOTTAR F.HITAVEITU Bjóðum bestu gæðin á góðu verði www.oskarsson.is 566 6600.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

**NUDD - Tilboð - NUDD**

**Nudd kr. 3500,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 57 8 57 57 & 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

## Ýmislegt



**Frelsi frá streitu og kvíða**
**s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Skemmtanir

IRISH PUB
UL Reykjavíkurvegur 60, Hafnarfj. S. 555-0022
DISKOTEKA • DJ-JARO
ZARRASZA
DISKOTEK
BD-22:00–DO-03:00

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu húsgögn vegna flutnings af landi brott. Opið hús í dag allan daginn, og á laugardag frá 12-16. Smyrilshólum 6. Uppl. í S. 772 0413

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is**
**Hundaræktun með leyfi.**
**S. 566 8417 Tökum visa/euro**

Siberian husky hvolpar frá 125þ. s. 822 0116 - 461 3601 http://is.siberianhusky.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn



**TILBOÐ-TILBOÐ**
Í stjóstöng og grill, aðeins 4.990,- á mann Uppl. í s: 865 6200 eða andrea. seatours@hotmail.com

## Hestamennska




Reiðskólinn er hafinn. 5 daga námskeið frá mán-fös allan daginn frá 9-16 með fæði. 5-12 ára. Uppl. í síma 894 3588.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**3ja herb. í 221 HFJ**
**Örugg leiga, þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþvottavél, gardínur og öll ljós.**
**Stæði í bílkjallara. Dýrahald ekki leyft**
**www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 7727553**

36 fm. einstaklingsíbúð, nálægt háskólanum til leigu fyrir skilvísan og reglusaman einstakling. Leiga 80 þús með rafmagni og hita. Uppl. í s. 696 6906.

2 herb. miðb. Rvk. 60fm. Húsgögn fylgja fyrir reglusam. einstak. eða par. 80 þ. S 895 0482, eftir kl 16.

Kona á þrítugsaldri með barn leitar af 3 herb. íbúð verðhugmynd 90-110 þús. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. S. 857 8402.

## Húsnæði óskast

Sérbýli óskast. Þarf að vera frekar nýlegt, verðhugmynd frá 180þ. Rósa: S. 697 9557

Mæðgin óska eftir 3ja herb.íbúð á sv. 101 eða 105. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 616 8008 Lovísa

Þrítugur karlmaður óskar eftir 2ja herb íbúð á höfuðborgarsvæðinu frá águst byrjun. Reyklaus, reglusamur og í öruggri vinnu. 100% umgengni og greiðslum heitið. Uppl í síma 694-4439 Þórður

## Sumarbústaðir






Til sölu 63,7 fm sumarbústaður á 9.600 fm eignalóð við bakka Ytri Rangá, í landi Svínhaga, Rangárþingi Ytra. Tilbúinn til innréttinga að innan,rafmagn og kalt vatn á lóðarmörkum. 150 fm verönd V.12,9 millj. Uppl. S.692 3000.

Til sölu sumarhús í Húsafelli. 22 ferm auk svefnlofts innbú fylgir. Verð 4.5m. S. 849 9081.

Sumarhús - Hestajörð til sölu í Hagalandi í Holtum, við Gíslholtsvatn. hitaveita. úrvalsbeitiland sem hægt er að kaupa með getur verið allt frá 1- 80 ha. Uppl. í s. 89-21270

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Skemmtanir

Cafe Catalina
**Í kvöld spilar hljómsveitin**
**SÍN**
***Kíkjið á www.catalina.is***
**Allir velkomnir**
**Snyrtilegur klæðnaður áskilin**
**FRÍTT inn fyrir konur..... og karla!**
Boltinn í beinni!
**Hádegismatur alla virka daga**
GULLNÁMAN
**Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166**

## Atvinna


# Afgreiðslustarf

Álafoss óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu í verslun okkar frá og með 1. ágúst n.k. Enskukunnátta og góð þjónustulund skilyrði.

**Umsóknir með mynd sendist á addi@alafoss.is fyrir 26 Júlí.**



# GOTTKORT

**leitar af skemmtilegu og metnaðarfullu fólki í vinnu í símarverið okkar.**

*Góð laun í boði fyrir fyrir rétta fólkið.*

**Umsóknir sendist á simaver@gottkort.is**


## Fasteignir



## Til sölu glæsilegur 64 fm bústaður

Til sölu glæsilegur 64 fm bústaður til flutnings. Bústaðurinn er fokheldur og er smíðaður af SG húsum á Selfossi.

Tilbúinn til afhendingar strax. **Verð 7,8 millj.**

Allar frekari upplýsingar í síma 864 3898.

## Tilkynningar

GRINDAVÍKURBÆR

REYKJANESBÆR

**Skipulagsmál í Reykjanesbæ og Grindavík**

### Tillaga að breytingu á deiliskipulagi á Reykjanesi

Í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á deiliskipulagi Reykjanes: Orkuvinnsla, iðnaður og ferðamennska, ásamt umhverfisskýrslu skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Breytingin felst m.a. í stækkun núverandi jarðvarmavirkjunar, bættu aðgengi og öryggi ferðamanna á svæðinu auk samræmingar deiliskipulags við núverandi aðstæður og fyrirkomulag.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Reykjanesbæjar á Tjarnargötu 12 og skrifstofu Grindavíkurbæjar á Víkurbraut 62 frá og með 27. júlí 2010 til 7. september 2010.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 14. september 2010.

Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Reykjanesbæjar á Tjarnargötu 12 Reykjanesbæ eða skrifstofu Grindavíkurbæjar á Víkurbraut 62. Hver sá sem eigi gerir athugasemd við tillögurnar fyrir tilskilinn frest telst samþykkja hana.

Guðlaugur H. Sigurjónsson, framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar.

Ingvar Þ. Gunnlaugsson, Forstöðumaður tæknideildar Grindavíkur.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Bílskúr

Hreinn og bjartur 26 fm bílskúr til leigu á Bollagötu, 105 Rvík. Hentar vel sem geymsla eða fyrir verkstæði. Veð kr. 25þþ/m. rafgnmagn og hitti er sér og EKKI innfalið. Uppl. eru veittar í síma 661 4912

Óska eftir skúr til leigu helst á Álftanesinu eða í Hafnarfirði. s. 661 5657

## Gisting

SKAMMTÍMALEIGA í 101 Rvk. Fullbúin góð 2 herb. íbúð, uppl, s: 898 4188.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Nýtt veitingahús og verslun á Suðurlandi vantar kokk, þjóna og afgr.fólk til starfa. S. 696 9696

Kokk eða matgæðing vantar á veitingarhúsið AMOKKA Kópavogi, Dagvinna. Uppl. í síma 690 2160 eða amokka@amokka.is

Players sportbar óskar eftir fólki í eftirfarandi stöður barþjóna og dyraverði ( reynsla æskileg ). Vinsamlega sendið upplysingar um ykkur á players@players.is

Zik Zak óskar eftir verslunarstjóra í verslun í kringlunni einnig starfsmanni í 50 % starf, og helgarstarfsfólki. Sendið inn umsóknir á zikzak@talnet.is

Stýrimann og vélstjóra vantar á 100 tonna línubát sem gerir út frá Hafnarfirði. Uppl. í s. 848 9071 milli kl. 8-17

**KAFFI MILANO FAXAFENI 11**
Óskum eftir að ráða fólk í fulltstarf á vaktir. Einnig vantar kvöld og helgar starfsfólk. Uppl. á netfang milano@internet.is

Adakris óskar eftir smiðum. Senda uppl. á johanna@adakris.is

Lækjarbrekka
Alltaf sígild - Alltaf ljúf

**Lækjarbrekka**
**Rótgróið, þekkt veitingahús getur tekið að sér nema í matreiðslu.**
**Upplýsinga veitir Kristófer í s. 551 4430**

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT · KORNIÐ · BAKARÍ

**Kornið**
**óskar eftir starfsfólki í Borgartún vinnutími 09:00-13:00 og 13:00 -18:00 og Hrísateig 11:00-18:00, og Ögurhvarf 13:00-18:00, Lækjargötu 10:00-18:00 og Reykjarvíkurveg 07:00-13:00 og 13:00-18:00.**

**Góð íslensku kunnátta skilyrði.**
**Umsóknar eyðublöð fást á skrifstofu Kornsins að Hjallabrekku 2, frá 09:00-15:00 alla virka daga.**

## Atvinna óskast

Trésmíðameistari. Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. í síma 843 4505

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)

**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)

**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)

**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)

**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)


# ERTU AÐ FARA Í SUMARFRÍ?

Þú getur afpantað Fréttablaðið á meðan þú ert að heiman. Hafðu samband í grænt númer 800-1177 eða sendu póst á netfangið dreifing@posthusid.is

Pósthúsið




Pósthúsið ehf. annast dreifingu Fréttablaðsins, nánari upplýsingar á www.visir.is/dreifing

**Allt sem þú þarft...**

# Gott golf með Eimskip

## Golfmót fyrir gott málefni

Skelltu þér til Vestmannaeyja og sláðu golfbolta til góðs!
Golfsamband Íslands og Eimskip vilja fá þig á eitt skemmtilegasta golfmót ársins í Eyjum þann 8. september 2010.
Allur ágóði rennur til Krafts, félags ungs fólks með krabbamein.

**Fjölmargir glæsilegir vinningar eru í boði og þar á meðal veglegar vikuferðir í golf til Spánar með Úrval Útsýn.**

## Svona tekur þú þátt:

1. **Skráðu þig til leiks**
30 kylfingar verða dregnir út úr pottinum. Hver skráning kostar aðeins 250kr. Engin takmörk eru á fjölda skráninga og því fleiri skráningar sem þú átt í pottinum, því líklegra er að þitt nafn verði dregið út!

2. **Safnaðu áheitum!**
Fáðu alla sem þú þekkir - og fleiri - til að heita á þig fyrir mótið. Þeir 30 sem safna flestum áheitum öðlast þátttökurétt á mótinu.

3. **Sigraðu uppboðið!**
10 sæti til þátttöku á mótinu fara á uppboð og þitt fyrirtæki getur hreppt sæti fyrir þig með því að bjóða best.

Njótum lífsins og spilum golf til góðs
á Góðu golfi með Eimskip í Eyjum.
**Allar nánari upplýsingar er að finna á www.gottgolf.is.**

**Golf fyrir gott málefni með Eimskip**





GSÍ
KRAFTUR
EIMSKIP
*Yfir hafið og heim*

Fíton/SÍA F1033818



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Svanhildur Jóhannesdóttir**

Álftamýri 8, áður Mararbraut 13, Húsavík,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 20. júlí. Útförin verður gerð frá Grensáskirkju fimmtudaginn 29. júlí klukkan 13.00. Einnig fer fram minningarathöfn í Húsavíkurkirkju þann 30. júlí klukkan 14.00.

**Hannes Jónsson** **Guðlaug Jónsdóttir**
**Jón Gunnar Hannesson**
**Unnur Ösp Hannesdóttir**
**Arnar Atli Hannesson**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Ásu Ásthildar Haraldsdóttur,**

Fögrukinn 30, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 11B á Landspítala og Karítas hjúkrunarþjónustu.

**Jóhann Reynir Björnsson**
**Andrés Eyberg Jóhannsson** **María Ingibjörg Kjartansdóttir**
**Jens Jóhannsson** **Guðrún Árný Árnadóttir**
**Jón Gunnar Jóhannsson** **Katrín Rut Árnadóttir**
**Þór Reynir Jóhannsson**
**og barnabörn.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Tómas Ólafur Ingimundarson,**

Gnoðarvogi 20, Reykjavík,

lést á Vífilsstöðum sunnudaginn 18. júlí. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 23. júlí kl. 15.00.

**Sólveig Svana Tómasdóttir** **Ragnar Jón Pétursson**
**Ingimundur Tómasson** **Elín Hansen**
**Guðrún Björk Tómasdóttir** **Hjalti Þórisson**
**Sveinn Tómasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Gyðu Jónsdóttur.**

**Jón K. Þórðarson** **Úndína Gísladóttir**
**Fanney M. Þórðardóttir** **Magnús Björnsson**
**Þóranna Þórðardóttir**
**Þórður Þórðarson** **Kristín Sæmundsdóttir**
**Ágúst Þórðarson** **Edda Ólafsdóttir**
**Ingi Gunnar Þórðarson** **Hafdís Helgadóttir**
**börn og barnabörn.**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


---



# 60 ára afmæli

Í tilefni af sextugsafmæli mínu laugardaginn 24. júlí tek ég á móti gestum eftir klukkan 17 að Ísólfsskála austan megin við Grindavík.

**Guðmundur Jónsson**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Edda Svava Magnusson,**

Skólabraut 5, Seltjarnarnesi, áður til heimilis í Upper Montclair, New Jersey, USA,

lést á Vífilsstöðum, sunnudaginn 18. júlí. Útför mun fara fram í Fossvogskapellu, föstudaginn 13. ágúst 2010, kl. 15.00.

**John S. Magnusson** **Jana Stultz Magnusson**
**Stefán G. Magnusson** **Ellen Morris Magnusson**
**og barnabörn.**

---



*Hjartans þakkir kæru vinir og vandamenn fyrir alla ykkar samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Unnar Jónsdóttur,**

Hrafnistu í Reykjavík, áður til heimilis að Kleppsvegi 62.

**Birgir Harðarson** **Ingibjörg Björnsdóttir**
**Kristinn Harðarson**
**Matthías Harðarson** **Hrönn Theódórsdóttir**
**Anna Harðardóttir** **Kjartan Nielsen**
**Guðrún Harðardóttir** **Matthías Þórðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Guðmundur Karlsson**

vélfræðingur, Hraunbæ 64,

lést þann 14. júlí. Útförin hefur farið fram. Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug.

**Erla Sörladóttir**
**Guðbjörg Ásta Guðmundsdóttir**
**Ingibjörg Goldberg** **Jerzy Goldberg**
**Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir**
**Katrín Guðmundsdóttir** **Árni Freyr Sigurlaugsson**
**Erla Rúna Guðmundsdóttir** **Jens Guðfinnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Dagmar Oddsteinsdóttir,**

Fífuhvammi 11, Kópavogi,

verður jarðsungin frá Digraneskirkju mánudaginn 26. júlí kl. 15.00.

**Erlendur Kristjánsson**
**Oddný Erlendsdóttir** **Guðmundur Hreiðarsson**
**Berglind Erlendsdóttir** **Denis Arnsdorf**
**Kristján Erlendsson** **Harpa Sigurðardóttir**

---

**WOODY HARRELSON ER 49 ÁRA Í DAG**

*„Helstu væntingar mínar í lífinu eru að vera þar sem ég er.“*

***Harrelson sló í gegn í sem barþjóninn Woody í þættinum Staupasteini.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**EIGENDUR VÍNBARSINS** Hjónin Gunnar og Erla alsæl með tíu ára afmæli staðarins.

VÍNBARINN VIÐ KIRKJUTORG 10 ÁRA

## Skemmtilegir fastakúnnar

Vínbarinn opnaði í júlí árið 2000. Eigendur staðarins, hjónin Gunnar Páll Rúnarsson og Erla Brynjarsdóttir, fengu hugmyndina að eftirmiðdagsvínbar í Reykjavík eftir fjögurra ára dvöl í Seattle í Bandaríkjunum. Þau kynntu sér málið og komust að því að ekki var slíkur staður fyrir hendi og opnuðu Vínbarinn, sem upphaflega var rekinn af tíu eigendum en nú er Gunnar Páll einn eftir af upphafsmönnunum og rekur barinn.

„Þetta hefur gengið vonum framar. Maður var auðvitað svolítið smeykur fyrst, en það kom fljótt í ljós að það er gífurlegur áhugi hér á landi fyrir góðum vínum.“ segir hann.

Gunnar Páll er kokkur að mennt og hefur alltaf haft mikinn áhuga á víni og matarmenningu. Barinn býður upp á að jafnaði fimmtán tegundir af rauðvíni og tíu tegundir af hvítvíni og einnig fjöldann allan af bjórtegundum. Sérstaða Vínbarsins felst meðal annars í Vínotecvélinni sem geymir sérvalin vín sem hægt er að fá að smakka á hóflegu verði.

„Fastakúnnahópurinn er svo fínn og skemmtilegur,“ segir Gunnar. „Maður hefur ræktað hann upp og þá þarf maður engar áhyggjur að hafa af framtíðinni.“

Vínbarinn heldur upp á tíu ára afmæli sitt um helgina og stendur hátíðin til sunnudagsins 25. júlí, þar sem boðið verður upp á veigar á gamla verðinu. - sv

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Jón Salómon Jónsson,**

sjómaður frá Flateyri,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 19. júlí sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Svandís Jónsdóttir** **Guðbjartur Guðbjartsson**
**Valborg Jónsdóttir**
**Grétar Arnbergsson**
**Kristinn Þórhallsson**
**Birna Jónsdóttir** **Garðar Sigurgeirsson**
**Magnfríður Jónsdóttir**
**Ólafur R. Jónsson** **Sólveig Jónsdóttir**
**Björn Ágúst Jónsson** **Anna María Sigurðardóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**




Nissan Qashqai hefur farið sigurför um Evrópu og verið mest seldi bíllinn í sínum flokki undanfarin misseri. Í dag kynnum við glænýja og mikið endurnýjaða útgáfu af þessum frábæra sportjeppa sem nú fæst líka í 7 manna útgáfu, **Qashqai+2**. Komdu við hjá okkur í dag, kynntu þér magnaðan fjölskyldubíl og mátaðu hvor útgáfan af Nissan Qashqai hentar þér betur.

## Verið velkomin í reynsluakstur

**Qashqai fylgir ríkulegur staðalbúnaður, m.a.:**

- Bluetooth símsvörunarbúnaður
- Bakkskynjarar
- Regnskynjarar á rúðuþurrkum
- 17" álfelgur
- Tvöföld loftkæling
- ESP stöðugleikastýring
- Glerþak (Qashqai+2)
- 7 sæti (Qashqai+2)

Qashqai kostar frá:

**4.990.000 kr.**



NISSAN **MICRA - Verð frá 2.490.000 kr.**



NISSAN **NOTE - Verð frá 2.740.000 kr.**

**B&L og Ingvar Helgason**
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

**www.nissan.is**

NISSAN

**SHIFT_** the way you move

# Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



## Helgarblaðið:

**Aftur í slæman félagsskap**
- Ari Matthíasson snýr í leikhúsið á ný.

**Nautakjöt, hosur og harðfiskur**
- Bændamarkaðir um allt land.

**Augun sem spegill líkamans**
- Fjallað um virkni lithimnugreiningar.



**Tónleikar, ratleikir og tertukast**
- Fjölskylduskemmtanir um verslunarmannahelgina.







# Hin forboðna léttúðardós

**BAKÞANKAR** Bergsteins Sigurðssonar



Yfirvöldum hefur ætíð verið umhugað um að þegnar þeirra sýni aðhald þegar holdið er annars vegar. Mig minnir að í Grágás megi finna klausu í þá veru að enginn skuli láta saurgast af eigin höndum, ferfættu kvikindi eða boruðu tré. Sjálfsfróun þykir ekki tiltökumál í dag og illu heilli berast af og til fréttir af níðingum sem svala fýsnum sínum á saklausum skepnum. Tré hafa hins vegar leikið minna hlutverk í siðferðislegum álitamálum hér á landi undanfarnar aldir. Kannski veldur því sauðkindin, með sinni ofbeit og eyðingu skóga, en það er önnur saga.

**EKKI** veit ég hvort útborað tréverk flokkist undir hjálpartæki ástarlífsins eða munalosta. En hafi klausan í Grágás verið samin að gefnu tilefni má gera því skóna að á landnámsöld hafi þeir verið til sem renndu hýru auga til spýtunnar (af því öðlaðist sögnin „að negla“ máski sína yfirfærðu og tvíræðu merkingu).

**DÆMUM** áa okkar þó ekki of hart, því kynferðisleg ásælni í hversdagslega nytjahluti virðist þó enn leika lausum hala. Við höfum bara úr forframaðri efnum að velja, þökk sé iðnbyltingunni. Nú í vikunni bannaði ÁTVR til dæmis innflutning á dönsku eplavíni, því á umbúðunum eru litlar teikningar af hálfberum konum. „Skreytingu dósanna er augljóslega ætlað að gera vöruna spennandi og ögrandi á nautnalegan hátt,“ segir í álitsgerð lögmanns ÁTVR. Og til að bæta gráu ofan á svart heitir vínið Freistni. „Kynferðisleg skírskotun blasir við.“

**HVERNIG** ber að skilja þetta? Kannski er hugmyndin sú að karlmaður með myndskreytta dós af væmnu eplavíni sé ómótstæðilegur í augum hins kynsins. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að það sé misskilningur. Eða gera litlar, teiknimyndir af berum konum á áldós það að verkum að sá sem drekkur verður svo frá sér numinn af girnd að þegar vínið fer að hrífa hlýtur hún að leita út? Gagnvart hverjum þá, dósinni?

**ÞAÐ** á ekki að bjóða syndinni í kaffi, sagði Gunnar í Krossinum og greinilega ekki í glas heldur. Hafi það hins vegar farið fram hjá nokkrum er miðbær Reykjavíkur fullur af jafn fullu fólki allar helgar. Margt þeirra hefur neytt ótæpilegs magns áfengis, keyptu í ÁTVR, í þeim tilgangi einum að fara niður í bæ og finna einhvern til að sofa hjá.

**EF ÁTVR** vill ekki bera ábyrgð á því að áfengi og kynlíf fari saman, færi betur á því að það hætti einfaldlega að selja áfengi. Það væri að minnsta kosti minni tvískinnungur í því.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



# Skólatöskudagar

## 25% afsláttur af ÖLLUM skólatöskum

Mikið úrval af vönduðum töskum!

beckmann

JEVA



Gildir til 1. ágúst eða á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## > AFI GEGNUM SKYPE

Leikarinn Jon Voight notar netsímann Skype til að sjá og tala við barnabörnin sín á meðan hann er í tökum á sjónvarpsþætti sínum. Barnabörnin sem um ræðir eru sex börn leikarans Brads Pitt og dóttur hans, Angelinu Jolie. Voight sættist nýverið við Jolie en feðginin hafa eldað grátt silfur í langan tíma og Voight því ekki kynnst barnabörnum sínum almennilega.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Unglingur í hjarta

Leikkkonunni Cameron Diaz líður í hjarta sínu eins og fjórtán ára dreng. Hún telur að frægðin hafi ekki breytt sér að neinu ráðu. „Ég hef þroskast mikið. Innst inni líður mér eins og fjórtán ára dreng en líf mitt hefur gjörbreyst síðan ég var 27 ára,“ sagði Diaz sem verður 38 ára í næsta mánuði.

„Ég held að fólk breytist ekki mikið í Hollywood. Fólk hagar sér á endanum eins og það er innst inni. Frægðin laðar fram hinn sanna persónuleika þinn. Fólk sem hagar sér eins og fábjánar er einfaldlega fábjánar,“ sagði hún og bætti við: „Tvennt gerist þegar þú verður frægur. Fyrst opnast fyrir þér allar dyr og þú þarft að finna þín takmörk. Síðan þarftu að bera ábyrgð á gjörðum þínum.“



**CAMERON DIAZ** Leikkonunni líður eins og fjórtán ára dreng í hjarta sínu.

# Vill ættleiða

Leikkonan Jennifer Love Hewitt er opin fyrir því að ættleiða barn á næstunni. Hún hefur verið á lausu síðan leiðir hennar og grínistans Jamie Kennedy skildu í mars á þessu ári en Jennifer segist hafa áhuga á því að ættleiða og ala upp barn sem einstæð móðir. Þetta kemur fram í viðtali við tímaritið InTouch Weekly en Jennifer segir jafnframt að henni líki vel að vera á lausu.



**JENNIFER LOVE HEWITT**

# Beach Boys 50 ára

Hljómsveitin The Beach Boys ætlar að koma aftur saman í tilefni þess að fimmtíu ár eru liðin frá stofnun hennar. Sveitin spilaði síðast saman árið 2006 í tilefni af fjörutíu ára afmæli plötunnar Pet Sounds.

„Við ætlum að hittast og halda að minnsta kosti eina tónleika. Ég veit ekki hvar þeir verða en það verður líklega ókeypis inn á þá,“ sagði stofnmeðlimurinn Al Jardine. Hann hætti í hljómsveitinni 1998 en hefur engu að síður mikinn áhuga á að fara með henni í tónleikaferð um heiminn. „Ég væri til í hundrað tónleika í tilefni afmælisins. Mig langar í tónleikaferð um heiminn en ef það á að gera þetta svona, þá verður að hafa það. En mér finnst að ef við ætlum að æfa og halda góða tónleika ættum við að fara í alvöru tónleikaferð.“ Með honum á afmælistónleikunum verða Brian Wilson, Bruce Johnston, Mike Love og hugsanlega gítarleikarinn David Marks.



**BRIAN WILSON** Fyrrverandi forsprakki The Beach Boys tekur þátt í afmælistónleikunum.



**FOR A MINOR REFLECTION** Níu erlendir blaðamenn verða gestir á útgáfutónleikum hljómsveitarinnar For a Minor Reflection. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Flytja inn blaðamenn frá NME og Dazed & Confused

**Níu erlendir blaðamenn eru á leiðinni til landsins til að fylgjast með útgáfutónleikum hljómsveitarinnar For a Minor Reflection í Iðnó á laugardaginn.**

„Þetta verður virkilega gaman og vonandi fáum við almennilega umfjöllun,“ segir gítarleikarinn Guðfinnur Sveinsson.

For a Minor Reflection hefur vakið athygli fyrir seiðandi og tilraunakennt rokk sitt sem er knúið áfram af gítarspili. Koma blaðamannanna er því gott tækifæri fyrir útlendinga að kynnast sveitinni enn betur.

Blaðamenn frá Die Welt og Intro Magazine í Þýskalandi verða á tónleikunum ásamt blaðamönnum frá Dazed & Confused og NME í Bretlandi. Einnig mæta fulltrúar frá belgískum, dönskum og hollenskum blöðum á svæðið. Það er átakið Inspired By Iceland sem aðstoðar við komu þeirra til landsins, rétt eins og gert var fyrir tónleika Hjaltalín og Sinfóníuhljómsveitar Íslands með góðum árangri.

> Vonandi fáum við almennilega umfjöllun.
>
> GUÐFINNUR SVEINSSON GÍTARLEIKARI FAMR

Blöðin sem um er að ræða eru öll frá löndum sem For a Minor Reflection heimsækir á mánaðarlangri tónleikaferð sinni um Evrópu sem hefst í september. „Þetta eru allt löndin sem við erum að fara að spila í á tónleikaferðinni þannig að þetta passar allt rosalega vel saman,“ segir Guðfinnur. Eftir ferðina spilar hljómsveitin á Iceland Airwaves-hátíðinni í Reykjavík.

Útgáfutónleikarnir á laugardagskvöld verða þeir síðustu með trommaranum Jóhannesi Ólafssyni, sem spilaði einmitt inn á nýju plötuna. Í hans stað kemur Andri Freyr Þorgeirsson og mun hann einnig spila á tónleikunum.

Öllu verður tjaldað til í Iðnó og munu hinir ýmsu hljóðfæraleikarar koma við sögu, þar á meðal tveir auka gítarleikarar og tveir auka sellóleikarar. Á tónleikunum verður einnig frumsýnt myndbandsverk sem breski listamaðurinn John Rixon gerði við lagið Sjáumst í Virginíu af nýju plötunni. Rixon er virtur listamaður í Bretlandi og hefur m.a. verið sýningarstjóri í Tate-listasafninu. Auk þess verða sýnd þrjú önnur verk gerð af nemendum hans og eitt frá ítalska listamanninum Lorenzo Fonda. freyr@frettabladid.is

# Mikil aðsókn á Bræðsluna

„Þetta er allt að smella saman og fjöldi fólks á svæðinu nú þegar,“ segir Magni Ásgeirsson, annar skipuleggjandi Bræðslunnar, sem fer fram um helgina á Borgarfirði eystri, en þegar Fréttablaðið náði af söngvaranum tali var hann í miðjum heyskap í sólinni fyrir austan. „Miðarnir voru að seljast upp í forsölu og eigum við því von á góðri helgi hér á Borgarfirði,“ segir Magni og drepur á dráttarvélinni.

Þetta er í sjötta sinn sem bæjarbúar á Borgarfirði eystri taka á móti tónlistarunnendum en Magni segir að tónleikarnir séu orðin góð afsökun fyrir brottflutta Borgfirðinga og ættingja til að koma í heimsókn. „Þetta er nú bara eins konar ættarmót og það er tjaldað í hverjum garði,“ segir Magni en bætir við að stórt og flott tjaldstæði sé einnig í bænum.



**MAGNI ÁSGEIRSSON** Stundar heyskap á milli þess sem hann leggur lokahönd á Bræðsluna sem haldin verður á laugardaginn.

Tónleikarnir sjálfir fara fram annað kvöld í síldarbræðslunni en þar munu meðal annars koma fram hljómsveitin Dikta, KK og Ellen en einnig stígur á svið sænsk/breska indípoppbandið Fanfarlo. „Platan þeirra Reservoir er plata vikunnar á Rás tvö og þar sem það er eina útvarpsstöðin sem næst hér er ég búinn að hlusta ansi oft á plötuna þessa vikuna,“ segir Magni og bætir við að honum lítist vel á og hlakki til að sjá sveitina á laugardagskvöld. - áp


ALLTAF
BETRA VERÐ
VIKU TILBOÐ
30.000 kr.
AFSLÁTTUR
TOSHIBA
15,4"
FARTÖLVA
Toshiba Tecra A10-19Z
2.0GHz Intel Core 2 Duo T5870 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WideScreen WXGA skjár • Intel Graphics MA 4500 skjákort • Windows Vista Business ásamt XP Pro möguleika
119.990
FULLT VERÐ KR. 149.990
TOSHIBA
VIKU TILBOÐ
15.000 kr.
AFSLÁTTUR
17"
FARTÖLVA
Toshiba Satellite Pro P300D-21U
2.1Ghz AMD Athlon X2 Mobile QL-64 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 17" WideScreen WXGA skjár • ATI Radeon HD 3100 PCI-Express skjákort • VGA vefmyndavél • Windows Vista Home Premium
104.990
FULLT VERÐ KR. 119.990
FARTÖLVA
Toshiba Satellite T130-17E
1.3GHz Intel ULV Pentium Dual Core SU4100 örgjörvi • 4GB DDR3 minni • 500GB SATA harðdiskur • 13,3" TFT WXGA LED skjár • Intel GMA 4500 skjákort • VGA vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-BIT
TOSHIBA
13,3"
169.990
FARTÖLVA
Toshiba Satellite C650-15P
2.3GHz Intel Pentium Dual-Core T4500 - Centrino Duo örgjörvi • 2GB DDR3 1066MHz minni • 320GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • Intel Graphics MA 4500 skjákort • VGA vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-BIT
TOSHIBA
15,4"
99.990
720P
HDMI
CARD
UNITED MEDIASPILARI
United HD MMP 9530
3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Optical og Composite tengi, innb. SD/MMC kortalesara USB Uplink ofl.
14.990
500GB
WD
PASSPORT FLAKKARI
WD Passport 500GB
2,5" flakkari með 500GB hörðum disk og USB. Lítill flakkari sem fer vel í hendi og passar í vasa. Fæst í nokkrum litum.
21.990
TViX
1080P
H.264
HDMI
LAN
ÞRÁÐLAUS SPILARI
TViX M-6600N
Nýr H.264 háskerpu sjónvarpsflakkari sem spilar alla staðla. Með LED skjá. Má stjórna án fjarstýringar. LAN, HDMI, Component og Optical tengi. Má tengja við sjónvarp eða tölvur með USB. Spilar af USB lyklum, öðrum USB flökkurum eða tölvum yfir LAN. Þáðlaust netkort. Fullkomin fjarstýring.
49.990
KORTIÐ LOKSINS KOMIÐ
msi
GTX 460
SKJÁKORT
MSI GeForce N460GTX-M2D768D5
768MB skjákort með GDDR5 minni, 2x DVI, HDCP support, PCI Express 2.0, HDMI, VIVO ofl.
39.990
22"
PHILIPS
LCD BREIÐSKJÁR
GÓÐUR Í LEIKINA
MARGMIÐLUNARTÖLVA
Ace AMD 4
• ACE Special edition - nær hljóðlaus
• AM3 DualCore Athlon II 250 3.0GHz
• 4GB Dual DDR3 1333MHz minni
• 640GB WD Caviar SATA II diskur
• 22x Dual Layer DVD og CD skrifari
• 22" Philips 220C1SB LCD skjár
• 1GB MSI ATI Radeon HD5670 GDDR5 skjákort
• Logitech S120 hátalarar
• 7.1 hljóðkort fyrir leiki ofl.
• Windows 7 Home Premium - 64bita með Aero 3D
169.990
COOLER MASTER
LEIKJATURN
CoolerMaster HAF 922 Gaming
Gaming turnkassi með High Air Flow sem tryggir besta mögulega loftflæði tölvukassa. Pláss fyrir fjölda af 200mm viftum. eSATA, USB o.fl tengi á framhlið.
Gluggahlið fáanleg á 5.990 kr.
21.990
Logitech
FARTÖLVUMÚS
Logitech M115
Einföld í notkun. Einstaklega fyrirferðalítil. Virkar strax og henni er stungið í samband, þarfnast engra rekla. USB tengi.
3.490
TÖLVULISTINN
TL.IS
www.tolvulistinn.is
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR
NÓATÚNI 17 S: 414 1700
STRANDGÖTU 9 S: 414 1730
MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735
HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740
AUSTURVEGI 34 S: 414 1745
REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750

# Frábær draumur

Bíó ★★★★★

**Inception**

Leikstjóri: Christopher Nolan

**Aðalhlutverk:** Leonardo DiCaprio, Joseph Gordon-Levitt, Ellen Page, Ken Watanabe



**FRÁBÆR MYND** Inception er besta mynd Christophers Nolan – og þá er heilmikið sagt – enda gerði hann síðast The Dark Knight.

Christopher Nolan er einn allra flinkasti leikstjórinn í bransanum þessi árin. Hann hefur varla misstigið frá því hann vakti athygli með Memento árið 2000 þótt vissulega séu myndir hans ekki allar jafn góðar.

Ekki þarf að fjölyrða um það stórvirki hans að hefja Leðurblökumanninn til vegs og virðingar á ný með hinni líflegu Batman Begins og meistarastykkinu The Dark Knight.

Inception er engu að síður besta mynd leikstjórans til þessa og þá er heilmikið sagt. Myndin hefur allt til að bera, hún er spennandi, skemmtileg, frábærlega vel leikin og mun flóknari og áhugaverðari en almennt gengur og gerist með spennumyndir.

Á forsíðu nýjasta tölublaðs kvikmyndatímaritsins Empire er sagt að í Inception mætist Matrix og James Bond, á sterum. Eins og svona líkingar geta verið hallærislegar þá er þessi vægast sagt viðeigandi og vart er hægt að lýsa Inception betur í stuttu máli.

Leonardo DiCaprio leikur Cobb, útlægan flóttamann frá Bandaríkjunum með morðákæru yfir höfði sér. Hann sérhæfir sig í því að brjótast inn í huga fólks á meðan það sefur, ryðja sér leið inn í drauma þess, á meðan varnirnar eru veikastar og ræna þaðan leyndarmálum. Innbrot af þessu tagi, sem eiga sér að mestu stað í draumum viðfangsefnisins, eru síst af öllu einfaldari en innbrot í raunheiminum þannig að Cobb hefur sankað að sér sérfræðingum á helstu sviðum draumafræða til þess að ná sem bestum árangri í faginu.

Starfið tekur á, ekki síst andlega, og sá böggull fylgir skammrifi að með langvarandi draumaferðum verða skilin milli draums og veruleika stöðugt óljósari í huga draumaþjófanna. Eftir að andlegar flækjur Cobbs rústa bókstaflega draumi mikilvægs fórnarlambs er hann í vondum málum þar til sá sem hann hugðist ræna fær Cobb til liðs við sig. Nema nú á ekki að stela leyndarmáli, heldur fara inn í draumaheim erfingja orkurisa og læða inn hjá honum hugmynd sem mun hafa stórkostleg áhrif á viðskiptaumhverfi orkubraskara.

**9,3** var meðaleinkunn Inception á IMDB. com eftir að 46.333 höfðu gefið myndinni einkunn.

HEIMILD: IMDB.COM

Þetta á að heita ómögulegt en Cobb tekur verkið að sér enda eru launin ekki af verri endanum, full sakaruppgjöf og tækifæri til þess að snúa aftur heim og hitta börnin sem hann saknar heitt og innilega.

Hann fær því þungavigtarfólk til liðs við sig og ræðst til inngöngu í drauma ungs auðmanns sem Chillian Murphy leikur með sínum sjarmerandi töktum. Þarna byrjar ballið fyrir alvöru þar sem hugmyndinni verður að planta djúpt í undirmeðvitund viðfangsins og því þarf að kafa djúpt. Fara úr einum draumi ofan í annan og svo aftur en dýpra. Sem sagt þrefalt lag af draumum og það sem verra er að drepist maður í draumnum er maður steindauður í alvörunni. Í draumunum steypir Nolan okkur ofan í geggjaða sjónræna veislu fyrir augað. Við vitum auðvitað öll að í draumum er allt hægt og Nolan fangar þetta draumaraunsæi af mikilli leikni. Ekki spillir svo fyrir að auðmanninum unga virðist tamt að dreyma í spennumyndastíl og því er okkur kastað úr einu spennumyndarumhverfi í annað og alltaf magnast hasarinn eftir því sem dýpra er kafað.

DiCaprio er frábær að vanda, Joseph Gordon-Levitt, Ellen Page, Ken Watanabe klikka ekki heldur. Michael Caine er sjálfum sér líkur, sem sagt góður. Sama má segja um Marion Cotillard og svo skýtur gamla brýnið Tom Berenger upp kollinum í ansi góðu stuði. Senuþjófur myndarinnar, ef hægt er að tala um slíkan í þessum frábæra hópi, er Tom Hardy sem er ferlega fyndinn, töff og skemmtilegur.

Bíómyndir verða ekki mikið betri en þessi. **Þórarinn Þórarinsson**

**Niðurstaða:** Einfaldlega frábær mynd. Gáfuleg háspennumynd með áhugaverðri sögu og stórleik magnaðra leikara í stórum hlutverkum sem smáum.


Gerber og Nestlé barnamatur kynna með stolti

Ponijao Opuwo, Namibíu · Mari Tokyo, Japan · Bayar Bayanchandmani, Mongólíu · Hattie San Francisco, Kaliforníu

MÖMMUSÝNING Í DAG KL. 13.30 Í SMÁRABÍÓI

Allir elska börnin

BABIES LÚXUS

PREDATORS — ★★★ -S.V., MBL · ★★★★ - News of the World · ★★★★ - Timeout London · ★★★½ - Boston Globe

Óttinn rís á ný... í þessum svaklega spennutrylli

SHREK 3D ★★★★★ - Boxoffice Magazine

KNIGHT AND DAY — CRUISE DIAZ — MISSIÐ EKKI AF HASAR GAMANMYND SUMARSINS — ★★★ -T.V, Kvikmyndir.is — ★★★ -S.V., MBL

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| BABIES | kl. 1.30 - 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| BABIES LÚXUS | kl. 4 - 6 | L |
| PREDATORS | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| PREDATORS LÚXUS | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SHREK 4 3D 3D ÍSL TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 | L |
| SHREK 4 3D ENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 - 8 - 10.20 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BABIES | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| PREDATORS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| KILLERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 | L |
| THE A TEAM | kl. 8 - 10.30 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PREDATORS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10 | 12 |
| KILLERS | kl. 6 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

The Karate Kid — FORSÝNING · Shrek · POWERSÝNING Á STÆRSTA DIGITAL TJALDI LANDSINS KL. 10.40 — PREDATORS · Knight and Day · The A-Team

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE KARATE KID | 8 - FORSÝNING | L |
| SHREK 4 ENSKT TAL 3D | 4, 6 og 8 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 3D | 4 og 6 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 2D | 4 | L |
| PREDATORS | 8 og 10.40 - POWER | 16 |
| KNIGHT AND DAY | 5.50 og 10.10 | 12 |
| THE A - TEAM | 10.10 | 12 |

SAMBÍÓIN

FRÁBÆR MYND Í ANDA MATRIX OG JAMES BOND — LEONARDO DICAPRIO — INCEPTION — ÞRIÐJA BESTA MYND ALLRA TÍMA -SKV. IMDB.COM — FROM THE DIRECTOR OF THE DARK KNIGHT

3D SHREK SÆLL ALLA DAGA — "PRÍVIÐIN ER ÓTRÚLEGA MÖGNUÐ" — empire

eclipse · BOÐBERI · TOY STORY 3

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 4 - 7 - 8 - 10 - 11 | 12 |
| INCEPTION | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | VIP |
| SHREK-3D ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK M/ ensku Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 8 - 10 | L |
| BOÐBERI | kl. 10:30 | 14 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. | kl. 1:30 - 1:50 - 3:40 - 5:50 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl. 5:40 | 10 |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 10:10 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA - 3D ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER - 3D M/ ensku Tali | kl. 8 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 3:20 - 5:40 - 8 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA - 3D ísl tal | kl. 6 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - ísl tal | kl. 6 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| BOÐBERI | kl. 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 5 - 8 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| GROWN UPS | kl. 10:10 | L |

TVÖ NÝ SÉRKORT!

Borgarfjörður 1:100 000
Vestfirðir 1:200 000

Sérkort Máls og menningar eru ómissandi ferðafélagar um vinsælustu ferðamannasvæði landsins!




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# Hefur þú séð þrjár bestu myndir ársins?









## > Haraldur Freyr óviss um Kongsvinger

Keflavík hefur sent norska félaginu Kongsvinger gagntilboð vegna Haraldar Freys Guðmundssonar, fyrirliða síns. Norska úrvalsdeildarfélagið bauð í Harald í gær. Hann spilaði í fjögur ár með Ålasund í Noregi en er ekki viss um að það yrði rétt skref fyrir sig að fara til Kongsvinger. Það er í harðri fallbaráttu og er í næstneðsta sæti eftir 17 umferðir af 30. „Ég hef heyrt lauslega í Kongsvinger og ef félögin ná saman skoða ég málið betur. Ég er ekki endilega viss um að þetta sé rétt skref þegar ég lít á töfluna. Mér finnst ekki ólíklegt að þeir fari niður," segir Haraldur en heyra mátti á honum að hann myndi líklega neita tilboði félagsins ef það kæmi.



# sport

sport@frettabladid.is

**BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON: SETTI VALLARMET Í KIÐJABERGINU OG LEIÐIR KARLAFLOKKINN Á ÍSLANDSMÓTINU**

# *Rosalega stutt á milli fuglasöngs og skollanna*



Birgir Leifur Hafþórsson setti glæsilegt vallarmet á Kiðjabergsvelli í gær. Hann lék hringinn á 68 höggum, þremur undir pari. Búið er að setja upp hvíta teiga í fyrsta skipti í sögu vallarins og því féll vallarmetið sem Hlynur Geir Hjartarson setti á mánudaginn fyrst fyrr um daginn þegar Sigurpáll Geir Sveinsson skilaði skorkorti upp á 69 högg í hús.

Birgir fékk fugl á átjándu holunni. „Þetta var ekkert pressupútt fyrir vallarmetinu, ég hafði ekki hugmynd á hverju Sigurpáll eða neinn annar hefði verið að spila. Mér fannst ég eiga fuglinn inni þar sem ég missti stutt pútt fyrir fugli á sautjándu. Ég var því ákveðinn í að ná fugli," sagði Birgir sem var ekki alveg nógu sáttur við höggin með járnunum í gær.

„Annars gekk nánast allt upp hjá mér. Ég byrjaði mjög vel og var á þremur undir eftir fjórar holur. Ég vippaði í á fjórðu holu en ég missti líka nokkur tækifæri. Heilt yfir spilaði ég nokkuð stöðugt," sagði Birgir.

Heillandi landslagið í Kiðjaberginu getur líka verið hreint helvíti. „Það er rosalega stutt á milli fugla og skolla á þessum velli og það getur allt gerst. Maður verður að halda sér frá vandræðunum. Ég vippaði og púttaði mjög vel en skorið hefði ekki mátt vera verra miðað við spilamennskuna.

Hann var á leiðinni upp í fjölskyldusumarbústað nálægt vellinum þegar Fréttablaðið talaði við hann en þar dvelur Birgir yfir mótið. „Það má nánast segja að Kiðjabergið sé hálfgerður heimavöllur," sagði Birgir og kímdi. „Ég hef stundum spilað hérna en ekki mikið í sumar."

Planið hjá Birgi var að grilla með Sigurpáli í gærkvöldi. „Það er alltaf létt yfir þessu og það er gaman að hittast, það gerist ekkert of oft. Við erum hér allir í mesta bróðerni þrátt fyrir að það sé hörkukeppni sem mun lífa fram á síðustu holu á sunnudag," segir Birgir.

**Staðan í karlaflokki á Íslandsmótinu í golfi:**

| Kylfingur (Klúbbur) | Staða |
|---|---|
| 1. Birgir Leifur Hafþórsson (GKG) | -3 |
| 2. Sigurpáll Geir Sveinsson (GK) | -2 |
| 3. Heiðar Davíð Bragason (GHD) | 0 |
| 4. Sigmundur Einar Másson (GKG) | 0 |
| 5. Davíð Gunnlaugsson (GKJ) | 0 |
| 6. Örvar Samúelsson(GA) | 0 |
| 7. Hjalti Atlason (GKB) | +1 |
| 8. Hlynur Geir Hjartarson (GK) | +1 |
| 9. Örn Ævar Hjartarson (GS) | +1 |
| 10. Ólafur Már Sigurðsson (GR) | +1 |



**FIMMTA SÆTI** Ásdís getur vel við unað enda árangurinn góður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Demantamót í Mónakó:

## Ásdís í fimmta sæti í spjótkasti

**FRJÁLSAR** Ásdís Hjálmsdóttir lenti í fimmta sæti af átta keppendum í spjótkastkeppninni á Demantamótinu í Mónakó í gær. Ásdís kastaði lengst 59,55 metra en Íslandsmet hennar er 61,37 metrar. Lengsta kast hennar á árinu var á síðasta Demantamóti, 60,72 metrar, sem dugði til fjórða sætis.

Þá stökk Sveinbjörg Zophoníasdóttir 5,79 metra í langstökki á Heimsmeistaramóti unglinga í Moncton í Kanada í gær og er komin í úrslit. Fresta þurfti keppni í stangarstökki þar sem Hulda Þorsteinsdóttir keppir þar til í dag vegna úrhellisrigningar.

Helga Margrét Þorsteinsdóttir keppir í sjöþraut í Moncton og hafði lokið keppni í tveimur greinum af fjórum í gær þegar Fréttablaðið fór í prentun. Helga hljóp 100 metra grindahlaupið á 14,39 sekúndum sem er hennar besti tími í ár og stökk 1,63 metra í hástökki. Keppni lýkur í nótt. - hþh



**MARKASKORARI** Helgi skoraði fyrir Víkinga í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

1. deild karla í knattspyrnu:

## Fjórtán mörk í tveimur leikjum

**FÓTBOLTI** Fjórtán mörk voru skoruð í tveimur leikjum í 1. deild karla í knattspyrnu í gær. Víkingur styrkti stöðu sína á toppnum með 5-3 sigri á Fjölni eftir að hafa lent bæði 2-1 og 3-2 undir. Víkingar jöfnuðu í 3-3 sjö mínútum fyrir leikslok og skoruðu tvö mörk áður en yfir lauk. Þeir hafa þriggja stiga forystu á Leikni sem á leik til góða.

ÍR vann öruggan 5-1 sigur á Njarðvík og komst upp fyrir Þór í þriðja sæti, fimm stigum á eftir Víkingum. - hþh

# Klaufaskapur í Kópavogi

**Blikar voru sjálfum sér verstir er þeir féllu úr Evrópudeild UEFA gegn Motherwell í gær. Blikar spiluðu mjög fínan leik gegn Motherwell en voru einstakir klaufar að skora ekki eitt einasta mark. Skoska liðið fór áfram samanlagt 2-0.**

**FÓTBOLTI** Íslensk lið hafa lokið keppni í Evrópukeppnunum þetta árið. Síðasta liðið til þess að detta út var Breiðablik er liðið tapaði gegn Motherwell, 0-1, á Kópavogsvelli í gær. Skoska liðið vann rimmu liðanna 2-0 samanlagt.

Það er langur vegur frá því að þetta skoska lið sé betra en Breiðablik. Þó svo að liðið hafi reynt að spila þéttan varnarleik í gær þá gekk Blikum afar vel að opna vörn liðsins. Það var Skotunum afturá móti til happs að Blikar voru algörir klaufar fyrir framan markið. Blikar fengu að minnsta kosti fimm mjög fín færi í gær en nýttu ekki eitt einasta. Þeir voru sjálfum sér verstir og geta engum um kennt nema sjálfum sér að vera ekki komnir áfram í Evrópudeildinni.

„Mér fannst við ekki slakir í þessum leik heldur vorum við með yfirburði að mínu mati. Þeir pökkuðu í vörn en við fundum lausnirnar. Auðvitað áttum við síðan að gera betur í færunum sem voru vissulega góð," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, eftir leikinn.

Mark Skotanna kom upp úr engu. Stutt sending inn í teiginn þar sem einbeiting varnarmanna Blika klikkaði og Jamie Murphy refsaði þeim á sáran hátt.

„Það var kominn hasar í leikinn á þessum tíma og ég held að blóðið hafi ekki runnið eðlilega til heilans er þeir skora markið. Við verðum að læra af því," sagði Ólafur sem þó hrósaði vörninni þess utan enda átti hún fumlausan leik fyrir utan markið.



**SKOSK STEMNING** Skotarnir í stúkunni voru hressir á Kópavogsvellinum í gær og fögnuðu sigri eins og þeim einum er lagið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Það eru engir snillingar í þessu skoska liði og þeir voru svo sannarlega ekki að finna upp fótboltann með löngum sendingum allan leikinn á eina framherja liðsins. Það er því sárgrætilegt að sjá gott íslenskt lið ekki klára sterkari andstæðing en raun bar vitni.

„Við sköpum nógu mikið af færum í báðum leikjunum til þess að fá betri niðurstöðu. Auðvitað er ég svekktur að við nýtum ekki færin. Mér fannst liðið samt leggja það mikið í leikinn og spila það ásættanlega að ég get ekki svekkt mig mikið heilt yfir þessum úrslitum. Stundum er þetta bara svona. Ég hefði verið reiður ef menn hefðu verið með allt í buxunum en mér finnst við geta verið stoltir þó svo úrslitin hafi ekki verið eins og við óskuðum okkur." henry@frettabladid.is



**TVÖ MÖRK** Kjartan, hér í fyrri leiknum gegn Karpaty, skoraði tvö mörk sem var þó ekki nóg fyrir KR. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Kjartan Henry Finnbogason:

## Skoraði tvö sem dugði KR ekki

**FÓTBOLTI** Kjartan Henry Finnbogason skoraði tvö mörk fyrir KR gegn Karpaty frá Úkraínu í seinni leik liðanna í undankeppni Evrópudeildar UEFA í gær. Leiknum lauk með 3-2 sigri Karpaty sem vann einvígið þar með 6-2. Þetta var fyrsti leikur KR undir stjórn Rúnars Kristinssonar.

Úkraínumennirnir komust í 2-0 í fyrri hálfleik en Kjartan jafnaði metin með nokkurra mínútna millibili áður en Karpaty skoraði sigurmarkið.

Gunnar Kristjánsson var í byrjunarliði KR en hann hefur verið í viðræðum við FH. Hann fór nefbrotinn af velli eftir 23 mínútur eftir að hafa fengið olnbogaskot. - hþh

Viktor Unnar Illugason:

## Fer til Selfoss

**FÓTBOLTI** Framherjinn Viktor Unnar Illugason gekk í gær í raðir Selfyssinga frá Val. Hann er fjórði leikmaðurinn sem Guðmundur Benediktsson bætir í leikmannahópinn í sumar. Áður höfðu Selfyssingar samið við Svía og tvo Fílabeinsstrendinga. Guðmundur sagði við Fréttablaðið í gær að ekki væri von á fleiri mönnum til liðsins á reynslu. - hþh

Íslandsmótið í höggleik hófst með látum í Kiðjabergi í gær þar sem óvænt tíðindi urðu í kvennaflokki:

# Unglingarnir stálu senunni í Kiðjaberginu

**GOLF** Þrjár átján ára gamlar stelpur úr GR leiða listann á Íslandsmótinu í höggleik sem hófst í Kiðjabergi í Grímsnesi í gær. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir er efst en hún verður reyndar ekki 18 ára fyrr en í október.

Hún spilaði á tveimur höggum yfir pari vallarins sem er 71 en þessi 73 högg Ólafíu hefðu getað verið færri ef ekki hefði verið fyrir einstaka óheppni hennar á annarri braut sem er par 4.

**Staðan í kvennaflokki:**

| Kylfingur (Klúbbur) | Staða |
|---|---|
| 1. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir (GR) | +2 |
| 2. Hildur Kristín Þorvarðardóttir (GR) | +5 |
| 3. Berglind Björnsdóttir (GR) | +5 |
| 4. Þórdís Geirsdóttir (GK) | +6 |
| 5. Valdís Þóra Jónsdóttir (GL) | +6 |
| 6. Tinna Jóhannsdóttir (GK) | +7 |
| 7. Nína Björk Geirsdóttir (GKJ) | +8 |
| 8. Signý Arnórsdóttir (GK) | +9 |
| 9. Helena Árnadóttir (GR) | +10 |
| 10. Eygló Myrra Óskarsdóttir (GO) | +10 |

„Ég hélt að ég hefði týnt boltanum og tók víti. Ég fann fyrri boltann seinna en þurfti að spila hinum með vítinu og því fór sem fór og ég endaði á að fá sex. En ég náði mér strax upp og náði fugli á þriðju holu," sagði Ólafía sem spilaði svo stöðugt golf út hringinn.

„Ég er sátt með daginn. Ég skipulagði mig vel og var að koma mér í góðar stöður til að ná í fugla. Ég hitti ekki alltaf en svona er þetta," sagði Ólafía og viðurkenndi að hún ætti því eitthvað inni.

Hún sagði völlinn vera harðan. „Í það minnsta ef tekið er mið af völlunum í Reykjavík en maður spilar bara eftir því. Ég fór tvo æfingahringi fyrir mótið og nú ætla ég bara að halda sama skipulagi. Ég þarf bara að halda mér rólegri," sagði Ólafía.

Hildur Kristín Þorvarðardóttir er í öðru sætinu en hún er dóttir Ragnhildar Sigurðardóttur, margfalds Íslandsmeistara sem ekki er með á mótinu og heldur Hildur því uppi heiðri fjölskyldunnar í Kiðjaberginu. Hildur spilaði eins og Berglind Björnsdóttir á fimm höggum yfir pari en þær eru báðar 18 ára og í GR líkt og Ólafía.



**SKYTTURNAR ÞRJÁR** Hildur Kristín, Berglind og Ólafía Þórunn stilltu sér upp eftir flottan hring hjá þeim öllum í gær. MYND/VALUR JÓNATANSSON

Eygló Myrra Óskarsdóttir lenti í ævintýrum á hinni margslungnu 15. braut sem refsar grimmilega fyrir hver mistök. Það sýndi sig þegar Eygló missti upphafshöggið sitt út til hægri. Boltinn hennar lá á milli tveggja steina og var ósláanlegur.

Eygló tók víti og sló rétt fyrir aftan steinana. Höggið hennar fór aðeins einn metra áfram og aftur á milli sömu steina. Hún tók aftur víti og sló þá aðeins fjóra metra. Þá sló hún sjötta höggið inn á brautina og endaði á tíu höggum. - hþh



# SUMARGLEÐI BYLGJUNNAR

## Á FÁSKRÚÐSFIRÐI UM HELGINA

Hemmi Gunn og Svansí á Frönskum dögum
á Fáskrúðsfirði laugardaginn 24.júlí 2010







### HEMMI GUNN OG SVANSÍ

Hemmi Gunn og Svansí verða í fantaformi um helgina á Frönskum dögum á Fáskrúðsfirði er Sumargleði Bylgjunnar og Olís heldur áfram ferð sinni um landið. Hemmi og Svansí verða á veitingastaðnum Kaffi Sumarlínu og taka þar á móti góðum gestum.

Útsending hefst strax að loknum hádegisfréttum á laugardag.“

Dregið verður í Olísleiknum, Ævintýraeyjunni. Vísbendingaspurningu varpað til hlustenda. Vegleg verðlaun í boði.

Um síðustu helgi sló Sumargleðin öll aðsóknarmet á Flúðum – nú er komið að Fáskrúðsfirði!

### NÆSTI VIÐKOMUSTAÐUR

30. júlí - 2. ágúst (Verslunarmannahelgi)
**Bylgjan á ferð og flugi um landið**
6. - 7. ágúst
**Fiskidagurinn mikli á Dalvík**
13. - 14. ágúst
**Skagfirsk sveifla á Sauðárkróki**
20.- 21. ágúst
**Menningarnótt í Reykjavík**

### FRÁBÆRIR SKEMMTIKRAFTAR

**Egill Ólafsson**
**Bergþór Pálsson**
**Dísel**
**Mono**
**Siggi Idol**

olís

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

> Bruce Willis

„Ég hef alltaf haft sjálfstraust. Áður en ég varð frægur kom það mér í vandræði. Eftir að ég varð frægur kom sjálfstraust mitt mér í enn meiri vandræði.“

***Bruce Willis bregður sér í gervi Johns McClane í Die Hard 4: Live Free or Die Hard á Stöð 2 kl. 01.55.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** MARTA MARÍA FRIÐRIKSDÓTTIR FYLGIST MEÐ SJÓNVARPSDAGSKRÁ DAGBLAÐANNA

## *E er eftirtektarverður og eftirlætisstafur ríkisins*

Af gömlum vana renni ég yfir dagskrársíðu dagblaðanna með heitu morgunkaffinu hvern einasta dag. Reyndar er ég frekar þekkt fyrir að horfa lítið á sjónvarp og sé bara ríkisstöðina í litla sjónvarpinu mínu. Ég hef hins vegar veitt athygli einu mjög svo eftirtektarverðu atriði í sumar við skoðun dagskrárinnar sem vakti mig til umhugsunar um stafrófið. Mér virðist sem e sé eftirlætisstafur ríkisins.

Við lestur minn á dagskránni þá sýnist mér sem Páll Magnússon og félagar á ríkisstöðinni sáldri e-um handahófskennt yfir dagskrársíðuna. Það virðist vera til poki í skúffu í Efstaleitinu þar sem e-in eru geymd og hann hefur svo sannarlega verið dreginn fram í dagsljósið í sumar, e-unum hefur bókstaflega rignt yfir dagskrársíður blaðanna.

Ég varð mjög undrandi kvöld eitt fyrir rúmum tveimur vikum. Þá virtust e-in enn eftirsóknarverðari en áður. Ég sat í makindum



mínum í gulum sófa með fjölskyldu úr Árbænum. Við höfðum nýlokið við kvöldmatinn og ætluðum að njóta dagskrár ríkisstöðvarinnar með heitan tebolla í hendi. Dagskráin var reyndar ekki upp á marga fiska en ákveðið var að athuga hvort ríkisstarfsmönnunum tækist að koma okkur á óvart. Og vissulega tókst þeim það.

Dýralífsþátturinn Dýralíf var að hefjast þegar við settumst í gula sófann. Við vorum búin að horfa á hann í um helming þess tíma sem dagskráin tiltók og þá byrjaði undrunarsvipur að færast yfir mannskapinn og setningar á borð við: „Ég var að horfa á þetta áðan,“ og „Núna kemur mynd úr vatninu,“ hljómuðu um stofuna. Hinn, því miður, óspennandi þáttur Dýralíf hafði verið sýndur og endursýndur sama kvöldið. Þá fannst mér of langt gengið í handahófskenndu sáldri e-a.

Eftir sumarið verður athyglisvert að fylgjast með því hvort e verður áfram eftirlætisstafur ríkisins.

## FÖSTUDAGUR



▶ **19.35** Hundasaga SJÓNVARPIÐ



▶ **20.00** Rockstar STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.05** Here Come the Newlyweds STÖÐ 2



▶ **20.10** Oprah's Big Give STÖÐ2 EXTRA



▶ **22.25** Parks and Recreation SKJÁREINN

### SJÓNVARPIÐ

**16.25 Stiklur – Líf, land og söngvar** Ómar Ragnarsson fer um landið og greinir frá því sem fyrir augu ber. (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fyndin og furðuleg dýr (21:26)**
**17.35 Fræknir ferðalangar (55:91)**
**18.00 Manni meistari (7:13)**
**18.25 Leó (18:52)**
**18.30 Mörk vikunnar** Í þættinum er fjallað um íslenska kvennafótboltann.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
▶**19.35 Hundasaga** (Underdog) Bandarísk bíómynd frá 2007. Hundur öðlast ofurmátt eftir óhapp á rannsóknarstofu og trúir dreng sem verður eigandi hans og vinur fyrir leyndarmálinu.
**21.00 Í frjálsu falli** (Freefall) Bresk sjónvarpsmynd frá 2009. Þetta er samtímasaga sem segir frá áhrifum fjármálakreppunnar á líf þriggja manna, tveggja bankamanna og alþýðumanns sem lætur ginnast af gylliboði um endurfjármögnun á húsnæðisláni. Skugglegur og hráslagalegur raunveruleikinn sem segir frá baráttu fólks sem missir heimili sín í kjölfar kreppunnar. Sérð ekki eftir þessu...

**22.35 Wallander – Afríkumaðurinn** (Wallander: Afrikanen) Sænsk sakamálamynd frá 2005. Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. (e)
**00.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Paris, Texas**
**10.20 Shopgirl**
**12.00 Samurai Girl – Book of the Heart**
**14.00 Paris, Texas**
**16.20 Shopgirl**
**18.00 Samurai Girl – Book of the Heart**
▶**20.00 Rock Star**
**22.00 The Lost City**
**00.20 The Invasion**
**02.00 The Hand That Rocks the Cradle**
**04.00 The Lost City**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Tommi og Jenni, Elías, Hvellur keppnisbíll, Kalli litli Kanína og vinir, Lalli
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Beauty and the Geek** (1:10)
**11.00 60 mínútur**
**11.50 The Moment of Truth** (23:25)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Project Runway** (7:14)
**13.45 La Fea Más Bella** (206:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (207:300)
**15.25 Wonder Years** (4:17)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Aðalkötturinn, Kalli litli Kanína og vinir.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** Níunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika hennar.
**18.23 Veður** Markaðurinn
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.09 Veður**
**19.15 American Dad** (5:20) Fimmta teiknimyndaserían um Stan og fjölskyldu hans frá höfundum Family Guy.
**19.40 The Simpsons** (5:21)
▶**20.05 Here Come the Newlyweds** (3:6) Skemmtilegur raunveruleikaþáttur í anda Beauty and the Geek þar sem nýgift hjón keppa í allskyns skemmtilegum þrautum um veglega verðlaunaupphæð.
**20.50 When Harry Met Sally**
**22.25 Racing for Time** Áhrifarík drama byggt á sönnum atburðum um ungar konur í fangelsi sem fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr þegar þær taka þátt í kapphlaupi.
**23.50 C.R.A.Z.Y.** Stórskemmtileg verðlaunamynd um uppvöxt fimm ólíkra bræðra á 7. og 8. áratugnum og stormasamt samband við föður þeirra.
**01.55 Die Hard 4: Live Free or Die Hard** Æsispennandi hasarmynd um þrjóskasta og harðskeyttasta lögreglumann kvikmyndasögunnar.
**04.00 The Contractor** Spennutryllir með Wesley Snipes í hlutverki fyrrum sérsveitarmansins James Dial.
**05.35 Fréttir og Ísland í dag** (e)

### SPORT *besta sætið*

**18.10 Reno-Tahoe Open** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**19.05 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót könnuð.
**19.30 F1 föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.
**20.00 NBA körfuboltinn: Boston - LA Lakers** Útsending frá leik Boston og Lakers í lokaúrslitum NBA körfuboltans.
**22.05 Barcelona 3** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker en til leiks mæta flestir af bestu spilurum heims í dag. Að þessu sinni er keppt í Barcelona á Spáni.
**23.00 Main Event: Day 8** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**23.50 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.
**00.35 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**15.20 Premier League World 2010/2011** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**15.50 Ajax - Chelsea** Bein útsending frá vináttuleik Ajax og Chelsea.
**18.00 Football Legends** (Ronaldo) Í þessum þætti verður fjallað um Ronaldo eða „Rögnvald reginskyttu“ eins og hann hefur stundum verið kallaður hér á landi. Ronaldo sýndi frábæra takta með Barcelona og Inter meðal annars og sýndi hvers hann var megnugur á HM 1998 og 2002.
**18.35 HM 2010** (Holland - Spánn) Útsending frá úrslitaleiknum á HM 2010 í Suður Afríku.
**21.15 4 4 2**
**22.40 Ajax - Chelsea** Útsending frá vináttuleik Ajax og Chelsea.
**00.30 New York Football Challenge 20** (New York Red Bulls - Tottenham) Bein útsending frá leik New York Red Bulls og Tottenham en þessi vináttuleikur fer fram í Bandaríkjunum.

### SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**07.35 Sumarhvellurinn** (6:9) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Óstöðvandi tónlist**
**12.00 Sumarhvellurinn** (6:9) (e)
**12.20 Óstöðvandi tónlist**
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Three Rivers** (7:13) (e)
**19.00 Being Erica** (11:13)
**19.45 King of Queens** (14:23)
**20.10 Biggest Loser** (13:18) Bandarísk raunveruleikasería um baráttuna við mittismálið. Aðeins sex keppendur eru eftir en það getur breyst.
**21.35 The Bachelor** (9:10) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum.
▶**22.25 Parks & Recreation** (12:24) (e) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.
**22.50 Law & Order UK** (11:13) (e) Bresk sakamálasería um lögreglumenn og saksóknara í London sem eltast við harðsvíraða glæpamenn.
**23.40 Life** (14:21) (e) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.
**00.30 Last Comic Standing** (4:11) (e) Bráðfyndin raunveruleikasería þar sem grínistar berjast með húmorinn að vopni.
**01.15 King of Queens** (14:23) (e)
**01.40 Northern Lights** (e) Rómantísk spennumynd sem byggð er á metsölubók eftir Noru Roberts.
**03.10 Girlfriends** (14:22) (e)
**03.30 Jay Leno** (e)
**04.15 Jay Leno** (e)
**05.00 Óstöðvandi tónlist**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin í sumarskapi.
**21.00 Golf fyrir alla** Brynjar og Óli á Korpu og Grafarholti.
**21.30 Eldhús meistaranna** Maggi og Bjössi í grillham.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50



**When Harry Met Sally**

Ein allra vinsælasta og dáðasta rómantíska gamanmynd sögunnar. Billy Crystal og Meg Ryan fara á kostum í hlutverki vina sem ætla aldrei að ná saman enda ríkir engin lognmolla í kringum þau. Annaðhvort skemmta þau sér konunglega saman eða rífast eins og hundur og köttur. Leikstjóri: Rob Reiner Leikarar: Billy Crystal, Meg Ryan, Carrie Fisher, Bruno Kirby.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**American Dad**
**Stöð 2 kl. 19.15**

Fimmta þáttaröðin um Stan og fjölskyldu hans frá höfundum Family Guy. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Af minnisstæðu fólki
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**13.00** Stimpilklukkan
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** List og losti
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fnykur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Tónlist fólksins
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hringsól
**21.30** Kvöldsagan: Vatnaniður
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## EXTRA

**19.25 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

▶**20.10 Oprah's Big Give** (1:8) Stórmerkileg þáttaröð þar sem sjónvarpsdrottningin Oprah Winfrey skipuleggur heljarinnar reisu um Bandaríkin og hún lætur tíu ólíka einstaklinga keppa innbyrðis í gjafmildi.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 The Closer** (4:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson en ásamt því að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðvíruðu lögreglu í Los Angeles þarf hún að takast á við afar viðkvæmt einkalíf.

**22.30 The Forgotten** (1:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um óbreytta borgara sem taka lögin í sínar hendur og klára rannsókn á ákveðnum sakamálum sem lögreglan hefur gefist upp.

**23.15 The Wire** (8:10) Fimmta syrpan í hörkuspennandi myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum. Eiturlyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi.

**00.15 Oprah's Big Give** (1:8)

**01.05 The Doctors**

**01.50 Fréttir Stöðvar 2**

**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.10** Only Fools and Horses **12.40** My Family **13.10** My Family **13.40** After You've Gone **14.10** After You've Gone **14.40** Grownups **15.10** Dalziel and Pascoe **16.00** Robin Hood **16.45** The Weakest Link **17.30** After You've Gone **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** Grownups **19.00** Gavin & Stacey **19.30** Jonathan Creek **20.25** The Jonathan Ross Show **21.15** Whose Line Is It Anyway? **21.45** Doctor Who **22.30** Doctor Who **23.15** After You've Gone **23.45** Whose Line Is It Anyway?

## DR 1

**12.00** Redningstjenesten på vej **12.30** Og det var Danmark **13.00** Kær på tur **13.30** Det sode liv **14.00** That's So Raven **14.25** Caspers skræmmeskole **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Peter Pedal **15.30** Palle Gris på eventyr **15.55** Molly Monster **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Sommersang i Mariehaven **19.00** TV Avisen **19.30** Sommervejret **19.40** Aftentour 2010 **20.05** The Forgotten **21.35** Bagmænd **23.20** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Drivhusdrømmer **12.50** Smaken av Danmark **13.20** Ut i naturen **13.50** Sommeråpent **14.40** Dallas **15.30** Kroppen **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Riksarkivet **17.55** Skishow på sommerføre **19.15** 20 sporsmål **19.40** Tause vitner **21.20** Kveldsnytt **21.35** Hotel Babylon **22.25** Tina Turner - Simply the Best **23.25** Country jukeboks u/chat

## SVT 1

**12.30** Golf: Scandinavian Masters **15.25** Mitt i naturen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundkoll **16.45** Din plats i historien **16.50** Solens mat **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Hemma hos **19.00** De utvalda **21.05** Golf: Scandinavian Masters **21.50** Nightmares and dreamscapes **22.35** Lock Stock and two smoking Barrels


N1

SJÁÐU BESTA GOLF LANDSINS

N1 STYÐUR ÍSLENSKT GOLF

Fylgstu með frábæru Íslandsmeistaramóti í höggleik um helgina í Kiðjabergi og komdu við á þjónustustöðvum N1 í Hveragerði, á Selfossi og á Hvolsvelli.



WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

## FERÐALÖGIN



*Síðast þegar ég var að keyra um landið hlustaði ég bara á plötuna Siamese Dream með Smashing Pumpkins. Gömul, góð og notaleg plata.*

Arna Sigrún Haraldsdóttir, fatahönnuður og einn af mörgum eigendum búðarinnar Kiosk Búðardóttir.

# Leitar að ungum strák í bíómynd

„Við erum að leita að strák, á aldrinum 11-13 ára, sem þarf helst að hafa einhverja leikhæfileika,“ segir Reynir Lyngdal leikstjóri en hlutverkið er í íslensku gamanmyndinni Okkar eigin Osló en tökur hefjast á næstunni.

Handritið er skrifað af Þorsteini Guðmundssyni og hann leikur einnig aðalhlutverkið. Brynhildur Guðjónsdóttir og Hilmir Snær Guðnason leika einnig í myndinni en hlutverkið sem um ræðir er einmitt hlutverk sonar þeirra. „Það mundi alls ekki skemma fyrir að vera dökkhærður og lágvaxinn til að passa sem best inn í hlutverkið,“ segir Reynir sem vonast til að sem flestir sæki um að komast á hvíta tjaldið. Áhugasamir geta sent póst með mynd og upplýsingum á netfangið sara@ljosband.is.

„Við stefnum á að hefja tökur á Þingvöllum í byrjun ágúst,“ segir Reynir en hann er nú á fullu að vinna að undirbúningi myndarinnar sem verður einnig tekin upp á höfuðborgarsvæðinu og í Osló.

„Myndin er búin að vera á teikniborðinu í nokkur ár en er nú loksins að fara í gang og mikil tilhlökkun að takast á við þetta,“ segir Reynir en myndin á að vera gamanmynd með rómantísku ívafi.

Söguþráður myndarinnar er á þá leið að parið, Brynhildur og Þorsteinn, kynnast í vinnuferð í Osló og eiga þar rómantíska daga. Þegar þau koma heim reynist veruleikinn ekki vera jafnstórt bleikt ský og í Osló þannig að þau flýja til Þingvalla til að reyna að skapa sömu stemningu og var í höfuðborg Noregs. „Það gengur ýmislegt á í þessari Þingvallaferð en myndin er svona mannleg grínsaga þar sem áherslan er á samband milli manns og konu,“ segir Reynir en stefnt er á að frumsýna myndina í febrúar 2011. **- áp**



**OKKAR EIGIN OSLÓ** Reynir Lyngdal leitar að ungum strák til að fara með hlutverk í nýrri íslenskri gamanmynd. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT**
**2.** gá, **6.** eftir hádegi, **8.** kopar, **9.** tala, **11.** golf áhald, **12.** afhending, **14.** spergill, **16.** pípa, **17.** umfram, **18.** fát, **20.** átt, **21.** auma.

**LÓÐRÉTT**
**1.** erfðavísa, **3.** tveir eins, **4.** dauflegur, **5.** þrí, **7.** kenndur, **10.** suss, **13.** stæla, **15.** geð, **16.** iðka, **19.** tvö þúsund.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gelt, **6.** eh, **8.** eir, **9.** níu, **11.** tí, **12.** afsal, **14.** aspas, **16.** æð, **17.** auk, **18.** fum, **20.** sa, **21.** arma.
**LÓÐRÉTT: 1.** gena, **3.** ee, **4.** litlaus, **5.** trí, **7.** hitaður, **10.** uss, **13.** apa, **15.** skap, **16.** æfa, **19.** mm.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 16.200 manns.
2. Á Innipúkanum.
3. Katrín Ómarsdóttir og Þóra B. Helgadóttir.

MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON: GLÆSILEGUR LEIKHÓPUR Í JÓLASÝNINGU

# Hilmir Snær og Ingvar E. leiða saman hesta sína

„Það er óhætt að segja að leikhópurinn sé einstaklega glæsilegur,“ segir Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins, en nú er loks orðið ljóst hverjir skipa helstu hlutverk í jólasýningu Borgarleikhússins, Ofviðrinu eftir William Shakespeare. Tveir af fremstu leikurum þjóðarinnar, Hilmir Snær Guðnason og Ingvar E. Sigurðsson, verða í aðalhlutverkum í sýningunni en það er orðið ansi langt síðan þeir tveir voru á sviði saman. Og eitthvað sem eflaust margir hafa beðið eftir.

Hilmir og Ingvar hafa verið í hálfgerðum sérflokki í íslenskri leiklist undanfarin ár en á síðustu Grímu var Hilmir kjörinn besti leikstjórinn fyrir Fjölskylduna og Ingvar besti leikarinn en hann var bæði tilnefndur fyrir aðalhlutverk í Djúpinu og Íslandsklukkunni. Í aðalkvenhlutverkinu verður síðan Kristín Þóra Haraldsdóttir sem hefur slegið eftirminnilega í gegn í Gauragangi og var tilnefnd til Grímunnar fyrir frammistöðu sína.

Öllu verður tjaldað til fyrir þessa umfangsmiklu sýningu en leikstjóri hennar er hinn virti Oskaras Korsunovas. Magnús segir það mikinn heiður fyrir Borgarleikhúsið að hafa fengið þennan leikstjóra til liðs við sig. „Það er sannkallaður hvalreki fyrir okkur í Borgarleikhúsinu að fá þennan hæfileikaríka leikstjóra til að vinna með okkur,“ segir Magnús. Korsunovas fékk evrópsku leiklistarverðlaunin fyrir nokkrum árum og nýjasta sýningin hans fyrir Óperuna í Stokkhólmi hefur hlotið einróma lof. Hann gegnir stöðu leikhússtjóra Borgarleikhússins í Vilnius í Litháen.

Undirbúningurinn fyrir uppsetninguna hefur staðið í rúmt ár og Korsunovas hefur komið til Íslands í tvígang og séð átta sýningar. „Þannig fékk hann tækifæri til að sjá íslenska leikara og velja rétta hópinn,“ útskýrir Magnús en meðal annarra leikara má nefna Jörund Ragnarsson og Láru Jóhönnu Jónsdóttur úr Inspired by Iceland-myndbandinu en hún er nýkomin í hóp fastráðinna leikara hússins. Þröstur Leó Gunnarsson, Jóhann Sigurðsson, Jóhanna Vigdís og Guðjón Davíð Karlsson eru einnig meðal leikenda. „Það er valinn maður í hverju rúmi og við hlökkum öll mikið til að hefja æfingar,“ segir Magnús. Sýningin er sett upp í samstarfi við Íslenska dansflokkinn og koma allir dansarar hans við sögu í verkinu. Gert er ráð fyrir að æfingar hefjist í október en verkið verður frumsýnt um jólin. **freyrgigja@frettabladid.is**



**SAMAN Á SVIÐ**
**Hilmir Snær** og **Ingvar E.** hafa verið í hálfgerðum sérflokki í íslenskri leiklist undanfarin ár og verða saman í aðalhlutverkum í jólasýningu **Borgarleikhússins.**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Rithöfundinum og eftirhermunni **Sólmundi Hólm** er ýmislegt til lista lagt. Hann hefur tekið að sér að vera vallarþulur á þremur heimaleikjum Þróttar í 1. deild karla í fótbolta í sumar. Hvort sem það er gullbarka Sólmundar að þakka eða ekki, þá hefur Þróttur unnið þessa leiki og eru það jafnframt einu leikirnir sem liðið hefur unnið í sumar. Hann hefur því skiljanlega verið ráðinn í starfið út sumarið. Þess má geta að Þróttur kom sér upp úr fallsæti með góðum 3-2 sigri á HK á miðvikudag og eftir hvert mark Þróttar spilaði Sólmundur nýtt lag Herberts Guðmundssonar, Time …



Talandi um **Herbert Guðmundsson** þá hefur hann alla tíð sinnt aðdáendum sínum af elju. Því hafa gestir Sporthússins kynnst að undanförnu þegar Herbert hefur reglulega brostið í söng í tækjasalnum og sungið Time fyrir aðdáendur á meðan þeir brenna fitu.



Skjár einn og blaðakonan og rithöfundurinn **Tobba Marinósdóttir** skrifuðu í gær undir samning um gerð sjónvarpsþáttar eftir bókinni Makalaus. Leit stendur nú yfir að leikkonu til að túlka hina 25 ára gömlu Lilju Sigurðar, sem er almannatengill á lausu. Ýmsar leikkonur eru nefndar til sögunnar; Sara Margrét, sem lék kærustu Daníels í vaktarseríunni, Ísgerður Elfa og Þóra Karítas gætu allar gert tilkall til hlutverksins, en leitin er rétt að hefjast þannig að við spyrjum að leikslokum. **- afb**



# Týndar upptökur komnar í leitirnar

Leikararnir Örn Árnason, Sigurður Sigurjónsson og Karl Ágúst Úlfsson, mennirnir á bak við einkaspæjarana Harry og Heimi, fengu í gær afhendar týndar upptökur af tveimur útvarpsþáttum sínum frá árinu 1993.

„Þetta sparar okkur gríðarlega vinnu,“ segir Örn, alveg í skýjunum. Þeir félagar ætla að gefa út seinni þáttaseríu sína af Harry og Heimi á geisladiski í byrjun september og inniheldur hún fjörutíu þætti, eða yfir tvö hundruð mínútur. Þeir auglýstu á Bylgjunni, þar sem Harry og Heimir var útvarpað á sínum tíma, að þá vantaði tvo þætti í safnið sem höfðu glatast. „Við fórum þess á leit við hlustendur Bylgjunnar að þeir gætu hjálpað okkur með þætti 33 og 34 og tveir menn gáfu sig fram,“ segir Örn. Þeir heita Björgvin Þór Björgvinsson og Guðmundur Sigurðsson og höfðu þeir tekið þættina upp á kassettu á sínum tíma. „Við að sjálfsögðu erfum það ekki við þá heldur erum ánægðir með að þeir gátu hjálpað okkur að loka seríunni.“

Fyrri serían af Harry og Heimi kom út á geisladiski á síðasta ári og í framhaldinu settu þeir upp vel sótta leiksýningu í Borgarleikhúsinu síðasta haust, sem var byggð á seríunni sem nú kemur út. Sýningin gekk í heila sjö mánuði fyrir fullu húsi. Rúm tuttugu þúsund manns sáu hana á yfir hundrað sýningum, sem var mun meira en búist var við. Sýningin heldur áfram í haust fyrir þá sem eiga enn eftir að berja þessa stórskemmtilegu einkaspæjara augum. **- fb**



**ÁNÆGÐIR MEÐ UPPTÖKURNAR** Örn Árnason, Sigurður Sigurjónsson og Karl Ágúst Úlfsson með týndu upptökurnar af Harry og Heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Mikill raki, kælir húðina og djúpnærir. Ekkert klístur. Gott eftir sólbruna og rakstur
www.celsus.is Fæst í Apótekum






PIPAR\TBWA • SÍA • 101881

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** **VISIR.IS**

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
„...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Airwaves stjörnuleit



**Grímur Atlason** og félagar vinna nú hörðum höndum að skipulagningu Iceland Airwaves-hátíðarinnar sem haldin verður í október. Í vikunni var tilkynnt að sænska stórstjarnan Robyn spili á hátíðinni, en hún er sannkallaður hvalreki á strendur aðdáenda grípandi danstónlistar. Eins og áður koma fjölmargar íslenskar hljómsveitir fram á hátíðinni, en búast má við að sjá minna þekkt nöfn en áður á listanum. Í ágúst ætla nefnilega útsendarar hátíðarinnar að fara hringinn í kringum landið í leit að hljómsveitum til að koma fram.

### Óvíst með Spaugstofuna

Enn er óvíst hvort Spaugstofuþættirnir lífseigu halda áfram í Sjónvarpinu í haust. Sjálfir vonast þeir **Örn, Sigurjón, Pálmi og Karl Ágúst** til að halda áfram þar sem frá var horfið, enda hafa þættirnir ávallt notið mikilla vinsælda hjá landsmönnum. Ekki skemmir sú staðreynd fyrir að næsta ár yrði það 25. hjá Spaugstofunni í Sjónvarpinu. Geri aðrir betur. Einnig vonast þeir til að rjúfa 400 þátta múrinn en sem stendur hafa á bilinu 370 til 380 Spaugstofuþættir verið framleiddir.

**- afb, fb**



## Mest lesið vísir.is

1. Bosníubúi talinn óheppnasti maður heimsins
2. Hlaupið fór í hundana
3. Hringdi heim til Spánar eftir hjálp
4. Frekar flókin nauðgun
5. Búið að finna bílinn sem var stolið á Kársnesi


Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.




**Allt sem þú þarft...**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.



